

Ed.

1. Frumvarp

til laga um breyting á lögum 8. jan. 1886 um lán úr viðlagasjóði til handa sýslufjelögum til æðarvarpsræktar.—Flutningsmaður: Jakob Guðmundsson.

1. gr. Í stað sýslunefnda þeirra, sem nefndar eru í lögum 8. jan. 1886, veitist lánið amtsráði vesturamtsins. Skal það verja því til að eyða flugvargi þeim, er æðarfugli grandar á svæði því, er æðarræktarfelagið á Breiðafirði og við Strandaflóa nær yfir, samkvæmt reglum, er fjelagið setur og amtsráðið samþykkir.

2. gr. Endurgjaldinu verður jafnað niður á varpjarðirnar í þeim sýslum, er áður nefnt fjelag nær yfir.

Ed.

2. Uppástunga

til þingsályktunar.—Flutningsmaður: Jakob Guðmundsson.

Alþingi ályktar að veita stjórninni heimild til að lengja að minnsta kosti um eitt ár frest þann, sem Dalasýslu hefur verið veittur með vaxtagreiðslu og afborganir af hallærislánum til nefndrar sýslu.

Ed.

3. Uppástunga

til þingsályktunar.—Flutningsmaður: Jakob Guðmundsson.

Alþingi skorar á stjórnina að sjá um, að sumarpóstferðum á Íslandi verði sem allrafyrst fjölgað svo, að þær að minnsta kosti verði jafnmargar eins og vetrarpóstferðirnar eru nú.

Nd.

4. Frumvarp

til laga um löggilding verzlunarstaðar við Þórshöfn í Gullbringusýslu.—Flutningsmenn: Þórarinn Böðvarsson og Jón Þórarinsson.

Við Þórshöfn í Gullbringusýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Nd.

5. Tillaga

til þingsályktunar um að stjórnin skipi nefnd milli þinga til að semja frumvarp til laga um menntun alþýðu.—Flutningsmenn: Þórarinn Böðvarsson og Jón Þórarinsson.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina, að setja 5 manna nefnd til að semja frumvarp til almennra laga um menntun alþýðu á Íslandi, er lagt verði fyrir alþingi 1887.

Nd.**6. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum 14. des. 1877.—Flutningsmenn: Þórarinn Bøðvarsson og Jón Þórarinsson.

Í stað 7. greinar komi svo látandi grein:

7. grein.

Fyrir brot móti löggilttri samþykkt má ákveða sektir frá 1–100 króna, er tilfalli fátækra sjóði; svo má og ákveða, að öll veiðarfæri, er brúkuð eru gagnstætt ákvæðum samþykktar, sjeu upptæk og töpuð eiganda, og að andvirði þeirra sömuleiðis tilfalli fátækra sjóði.

Þó má ákveða þeim, er upp ljóstar broti gegn samþykkt, eða tekur upp veiðarfæri, allt að helmingi sekta og veiðarfæra.

Nd.**7. Tillaga**

til þingsályktunar.—Flutningsmenn: Þorleifur Jónsson. Þorlákur Guðmundsson. Þorvarður Kjerulf. Lárus Halldórsson. Sigurður Stefánsson.

Neðri deild alþingis ályktar að setja nefnd til að rannsaka það fjártjón, sem lands- sjóður, sýslusjóður Ísafjarðarsýslu, eða aðrir sjóðir, einstakir menn eða stofnanir, hafa beðið af embættisrekstri C. Fensmarks, fyrverandi sýslumanns í Ísafjarðarsýslu og bæjar- fógeta á Ísafirði, svo og aðgjörðir landsstjórnarinnar í því máli. Skal nefnd þessi hafa, samkvæmt 22. gr. stjórnarskrárinnar, rjett til að heimta skýrslur, munnlegar og brjef- legar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum. Nefndin skal koma fram með tillögur um málið og leggja þær ásamt áður nefndum skýrslum fyrir deildina.

Nd.**8. Frumvarp**

til laga um löggilding nýrra verzlunarstaða.—Flutningsmenn: Sigurður Stefánsson og Gunnar Halldórsson.

Löggiltir verzlunarstaðir skulu vera:

1. Að Haukadal í Dýrafirði.
2. Á Höfn í Sljettuhreppi.

Nd.**9. Tillaga**

til þingsályktunar um að stjórnin skipi nefnd milli þinga til að semja frumvarp til laga um menntun alþýðu.—Flutningsmenn: Þórarinn Bøðvarsson og Jón Þórarinsson.

Alþingi ályktar að kjósa 5 manna nefnd milli þinga, til að semja frumvarp til al- menntu laga um menntun alþýðu á Íslandi, er lagt verði fyrir alþingi 1887.

Nd.**10. Frumvarp**

til laga um breyting á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla.—Flutn- ingsmaður: Þorlákur Guðmundsson.

1. gr.

Mosfells prestakall í Árnessprófastsdæmi tekur yfir Mosfells- Miðdals- Klaustur-

hóla- og Búrfells- kirkjusóknir. Þó skal afgjaldið af kirkjujörðinni Ketilvöllum í Laugar-
dal og prestsgjöld af Kaldárhöfða, Efri- og Syðri-Brú og Ásgarði í Búrfellssókn leggjast
til Þingvalla prestakalls.

2. gr.

Þingvalla prestakall í sama prófastsdæmi tekur yfir Þingvalla- og Úlfjótsvatns-
kirkjusóknir.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 6. júní 1887.

Nd.

11. Tillaga

til þingsályktunar um að stjórnin gjöri nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að tollmunur á íslensk-
um fiski, fluttum hjeðan til Spánar, verði afnuminn.—Flutningsmaður: Grímur Thomsen o. fl.

Alþingi ályktar að skora fastlega á stjórn H. H. konungsins, að bæta hið bráðasta
úr hinni brýnu nauðsyn landsins með því nú þegar að gjöra þær ráðstafanir, sem með
þarf, til þess að tollmunur sá, landinu og verzlun þess í óhag, sem spillir markaðinum
á Spáni fyrir fisk þangað fluttan frá Íslandi og þar verkaðan, og sem um undanfarin
ár hefir valdið landsbúum ærins fjártjóns, verði sem allrafyrst afnuminn.

Nd.

12. Breytingar- og viðaukatillögur

við frv. (6) til laga um breyting á lögum 14. des. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta
fiskiveiðar á opnum skipum.—Frá flutningsmönnum frumvarpsins.

1. Þí stað 7. gr. komi svo látandi grein : Þfalli burt.
2. Fyrir Þ7. gr. komi : 1. gr.
3. Eptir Þákvæðum samþykktar bætist inn í: svo og affi.
4. Aptan við bætist :

2. gr.

Með lögum þessum er 7. gr. laga 14. des. 1877 úr gildi numin.

Ed.

13. Frumvarp

til laga umlöggilding verzlunarstaðar við Haganesvík í Skagafjarðarsýslu.—Flutningsmað-
ur Friðrik S. Stefánsson.

Við Haganesvík í Skagafjarðarsýslu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

Ed.

14. Breytingartillaga

við uppástungu um fjölgun sumarþóstferða (3).—Frá Jóni Ólafssyni, 1. þm. S.-Múslas.

Áskorunin orðist svo:

Alþingi skorar á landsstjórnina að koma annari og hagkvæmari tilhögun á sumar-
þóstferðir, en nú er, einkum þannig, að fella niður aðalþóstferðir milli Reykjavíkur og
Ísafjarðar og Akureyrar, og milli Akureyrar og austurlands, um það leyti sem strand-
ferðaskipin ganga milli þessara stöðva, en koma á aukapóstferðum frá viðkomustöðum

strandferðaskipanna í sambandi við þær ferðir og upp um sveitir þær, er fjarri liggja viðkomustöðunum, og fjölga landpóstferðum milli Reykjavíkur og austurlands.

Nd. **15. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um löggilding nýrra verzlunarstæða (8). — Flutningsm.: Einar Thorlacius og Þorvarður Kjerulf.

3. Múlahöfn við Hjeraðsflóa í Norður-Múlasýslu.

Nd. **16. Frumvarp**

til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja þjóðjörðina Höfðahús í Fáskrúðs-fjarðarhreppi í Sudurmúlasýslu.—Flutningsmaðr: Lárus Halldórsson.

Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að selja þjóðjörðina Höfðahús í Fáskrúðs-fjarðarhreppi fyrir söluverð, er að minnsta kosti nemi 1000 krónum, og skal um söluna farið eptir ákvæðum þeim, er gjörð eru í 2. og 3. gr. í lögum nr. 26 8. nóvbr. 1883.

Ed. **17. Frumvarp**

til laga um breyting á vínfangatollinum. — Flutningsm.: Jón Ólafsson.

Af almennu «hvítöli» svo kölluðu greiðist enginn aðflutningstollur.

Ekkert öl, það er sterkara reynist en 1 stig á vínandamæli, getur komizt undir þessa ákvörðun.

Ed. **18. Frumvarp**

til laga um lausn frá árgjaldsgreiðslu af prestakalli. — Flutningsmaður: Benedikt Kristjánsson.

Magnús prestur Jónsson í Laufási skal frá fardögum 1884 og allan þann tíma, sem hann er prestur í Laufáss prestakalli vera leystur frá að greiða til landssjóðs 400 króna árgjald það, sem eptir lögum 27. febrúarmán. 1880 um skipun prestakalla ber að greiða af Laufáss prestakalli.

Ed. **19. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum 8. jan. 1886 um lán úr viðlagasjóði til handa sýslufjelögum til æðarvarpsræktar (1.). — Frá flutningsmanni.

Aptan við 2. gr. bætist: «samkvæmt fyrirmælum 2. gr. í tjeðum lögum, og standi sýslumaður amtsráði skil á gjaldinu fyrir 11. júní, en amtsráðið lúki því tafarlaust í landssjóð».

Nd. **20. Frumvarp**

til laga um að nema úr gildi lög 16. des. 1885, er banna niðurskurð á hákarli í sjó milli Geirólfsgrnúps í Strandasýslu og Skagatáar í Húnavatnssýslu, frá 1. nóv. til 14. apríl. — Flutningsm.: Páll Ólafsson.

Frá 1. degi janúarmán. 1887 skulu lög 16. des. 1885, er banna niðurskurð á hákarli í sjó milli Geirólfsgrúps í Strandasýslu og Skagatáar í Húnavatnssýslu frá 1. nóv. til 14. apríl, numin úr gildi.

Nd.

21. Frumvarp

til laga um farmgjald skipa. — Flutningsmaður: B. Sveinsson.

1. gr. Af öllum skipum, sem frá útlöndum koma, og ætluð eru til að flytja vörur eða farþegja til landsins eða frá því, þar á meðal fiskiskipum, sem flytja út afla sinn, skal greiða 1 krónu af smálest hverri (ton) í lestarúmi skipsins. Nú flytur skip póst, og skal þá dregið 1 smálestarrúm frá lestarúmi skipsins, nema sannað sje, að póstsendingar nemi meiru rúmi í skipinu, því þá skal það rúm og frádraga.

2. gr. Gjald þetta skal skipstjóri greiða sýslumanni, bæjarfógeta, eða umboðsmanni þeirra, þeim er rita skal á skjöl skipsins, á höfn þeirri, er skipið kemur fyrst á, og eigi optar, enda þótt skipið komi á fleiri hafnir í sömu ferð; en bera skulu skipaskjölin með sjer, að gjaldið hafi verið greitt. Gjaldið rennur í landssjóð að frádrögnum 2 af hundræði til gjaldheimtumanns.

3. gr. Brot gegn lögum þessum varða sektum, er nemi fimmföldu gjaldi því, er greiðast átti. Mál, er útaf slíkum brotum rísa, skulu rekin sem opinber lögreglumál.

4. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1887 og frá sama tíma skulu úr lögum numin ákvæði þau í 62. gr. aukatekjureglugjörðar 10. september 1830 um borgun fyrir áteiknun skipaskjala, er til slíkra skipa náðu.

Nd.

22. Viðaukatillaga

við frumvarp til laga um löggilding nýrra verzlunarstaða (8). — Flutningsmaður: Jón Jónsson.

Aptan við frumvarpið bætist:

«4. Á Svalbarðseyri við Eyjafjörð».

Nd.

23. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum 14. desbr. 1877. — Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr.

Fyrir brot móti löggiltri samþykkt má ákveða sektir frá 1—100 króna, er tilfalli fátækra sjóði; svo má og ákveða, að öll veiðarfæri, er brúkuð eru gagnstætt ákvæðum samþykktar, svo og afli sjeu upptæk og töpuð eiganda, og að andvirði þeirra sómuleiðis tilfalli fátækra sjóði.

Þó má ákveða þeim, er upp ljóstar broti gegn samþykkt, eða tekur upp veiðarfæri, allt að helmingi sekta og veiðarfæra.

2. gr.

Með lögum þessum er 7. laga 14. des. 1877 úr gildi numin.

Ed.

24. Frumvarp

til laga um kosningar til alþingis. —

Flutningsmaður *Jón Ólafsson*, 1. þm. S.-Ms.

Jafnskjótt sem hin endurskoðaða stjórnarskrá Íslands hefur náð staðfestingu konungs og er komin í gildi, öðlast gildi eptirfylgjandi

Lög

um kosningar til alþingis.

I. kafli.**Almennar ákvarðanir.***Kosningarrjettur og kjörgengi.*

1. gr. Með þeim takmörkunum, sem nákvæmar eru teknar fram hjer á eptir (1.—5. gr.) hafa kosningarrjett til alþingis:

- a) allir búandi menn, húsmenn, borgarar, þurrabúðarmenn og aðrir húsráðendur, sem greiða gjald til almennra þarfa;
- b) embættismenn, hvort sem þeir hafa konunglegt veitingarbrjef, eða þeir eru skipaðir af þeim, sem konungur hefir veitt heimild til þess;
- c) þeir sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, prestaskólann eða lækna-skólann í Reykjavík, eða eitthvert annað þess háttar opinbert próf, sem nú er eða kann að verða sett, þótt ekki sjeu þeir í embætti, ef þeir eru ekki öðrum háðir.
- d) Konur, þær er sjálfstæða atvinnu reka og að öðru leyti fullnægja hinum almennu skilyrðum fyrir kosningarrjettinum, skulu hafa kosningarrjett til alþingis.

Enginn getur átt kosningarrjett nema hann sje orðinn fullra 25 ára að aldri þegar kosningin fer fram.

2. gr. Enginn getur átt kosningarrjett, nema hann hafi óflekkað mannorð; en sá verður eigi talinn að hafa óflekkað mannorð, sem sekur er orðinn að laga-dómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almennings álit, nema því að eins að hann hafi fengið uppreist æru sinnar samkvæmt tilsk. 12. marz 1870.

3. gr. Enginn getur átt kosningarrjett, sem eigi er fjár síns ráðandi eða orðinn er gjaldþrota.

4. gr. Enginn getur átt kosningarrjett, sem þiggur af sveit eða hefur þegið sveitarstyrk, nema hann sje annaðhvort endurgoldinn eða honum hafi verið gefinn hann upp.

5. gr. Enginn getur átt kosningarrjett, nema hann, þá er kosningin fer fram, hafi verið heimilsfastur í kjördæminu eitt ár. Sá sem hefir fast aðsetur á fleiri stöðum, segir sjálfur til, á hverjum staðnum hann vilji neyta kosningarrjettar síns.

6. gr. Kjörgengur til alþingis er hver sá sem hefur kosningarrjett samkvæmt því sem nú var sagt, ef hann

- 1, er ekki þegn annars ríkis eða í þjónustu þess;

2, hefur, að minnsta kosti í síðustu 5 ár, verið í löndum þeim í norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi.

Kjörgengi til efri deildar skal þó bundið við 35 ára aldur.

Kjósmaður má þann mann, sem heima á utan kjördæmis eða hefur verið innan kjördæmis skemur en eitt ár.

Kjörskrár.

7. gr. Hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skal semja og halda kjörskrár yfir þá menn í hverjum hreppi eða bæ, sem kosningarrjett hafa, og skal kjörskráin samþykkt á lögætum fundi hreppsnefndarinnar eða bæjarstjórnarinnar.

8. gr. Á kjörskrárnar skal setja í sjerstaka dálka fullt nafn kjósanda, aldur þeirra, stjett og heimili, og skal á skránum vera rúm, þar sem rituð verði atkvæðagreiðsla kjósanda. Á hverri kjörskrá skal raða niður nöfnum kjósanda eptir stafrófsröð.

9. gr. Kjörskrárnar skulu samdar einu sinni á ári hverju; skulu þær kjörskrár lagðar til grundvallar, sem þá eru í gildi, en þeir kjósendur úr felldir, sem síðan eru dánir eða hafa flutzt burtu eða misst kosningarrjett sinn (2., 3., 4. og 5. gr.), og þeim bætt við, sem síðan hafa öðlazzt kosningarrjett eða fyrir 1. júlímán. fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru um aldur og heimili. Enn fremur skulu þeir sem að vísu hafa enn ekki fullnægt þeim skilyrðum, sem síðast var getið, en sem vænta má að muni fullnægja þeim einhvern tíma á því ári, sem kjörskrárnar skulu gilda fyrir, teknir upp á skrá sjer, og skal um leið tilgreina þann dag í árinu, er þeir annaðhvort verða fullra 25 ára að aldri, eða hafa verið heimilisfastir í kjördæminu 1 ár.

10. gr. Kjörskrárnar skulu leiðrjettar í janúarmánuði ár hvert. Efasemdum þeim sem þá kunna að koma fram, skal hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skera úr, þá er búið er að fá skýringar um málið.

11. gr. Frá 1. til 21. febrúar, að báðum þessum dögum mæðtöldum, skulu kjörskrárnar liggja öllum til sýnis á þeim stað, sem er hentugur fyrir hreppsúa eða bæjarbúa, eða eptir atvikum á fleiri slíkum stöðum. Staðfest eptirrit af skránum má hafa til að leggja fram. Hvenær og hvar skrárnar verða lagðar fram, skal rækilega birta að minnsta kosti með 14 daga fyrirvara við kirkjufund eða á annan þann hátt, sem vant er að birta almennar auglýsingar þar á staðnum.

12. gr. Áður en 8 dagar eru liðnir frá þeim tíma, er kjörskrárnar hafa legið til sýnis, skal hver sá, er ætlar, að sjer sje ranglega sleppt af skránni, eða að einhver sje þar, sem eigi hafi rjett til þess að standa þar, bera upp fyrir oddvita hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða bæjarstjórnar tilmæli sín um að verða tekinn upp á skrárnar, eða kröfu sína um, að nafn hins verði dregið út, og skulu til færðar ástæður þær sem krafan er byggð á. Nú er kjósandi fjarverandi úr hreppnum eða bænnum um þennan tíma, og má hver annar kjósandi, sem vill, kæra það fyrir hans hönd, ef honum hefir sleppt verið af kjörskrá.

13. gr. Aðfinningum þeim við kjörskrárnar, sem þannig eru komnar fram, skulu hlutaðeigandi sveitarstjórn eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem haldinn skal vera áður en 3 næstu vikur eru liðnar. Til þess fundar skulu með 8

daga fyrirvara brjeflega kvaddir hver í sínu lagi bæði þeir sem fram hafa komið með aðfinningar, og þeir sem mælt er á móti, og skal hinum síðar nefndu um leið skýrt frá, hver mótmæli komin sjeu fram gegn þeim. Samkvæmt þeim skjölum, sem málspartarnir leggja fram, og framburði þeirra vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreining þann sem fram er kominn, og hann ritaður með fám orðum í hina venjulegu gjörðabók hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða bæjarstjórnar. Þegar búið er að leiðrjetta kjörskrárnar samkvæmt þessu, skal oddviti hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða bæjarstjórnar rita nafn sitt undir þær. Eptir þetta verður á því ári engin breyting gjörð á kjörskránum, nema dómur sje á undan genginn (16. gr.).

14. gr. Þá er búið er að leiðrjetta kjörskrárnar, skulu þær alstaðar nema í kaupstöðum samdar í tvennu lagi, og skal oddviti hlutaðeigandi sveitarstjórnar tafarlaust senda aðra skrána oddvita þeirrar sýslunefndar, sem í hlut á; en hann skal fyrir marzmánaðarlök skýra ráðgjafa þeim sem hlut á að máli, frá, hvort hann hafi tekið við öllum kjörskránum, en ef svo er eigi, hverjar vanti. Sömu skýrslu skulu oddvitar bæjarstjórnanna gefa ráðgjafa.

Hafi sýslumaður ekki fengið skrárnar í ákveðna tíð, skal hann sekta hlutaðeigandi hreppsnefnd, ef drátturinn er henni að kenna, og tafarlaust krefja hana um skrárnar.

Nú hefir ráðgjafi eigi fengið tilkynning frá sýslumanni eða bæjarfógeta í ákveðna tíð, og skal hann þá sekta sýslumann eða bæjarfógeta hæfilegum sektum, ef þeim verður gefin sök á drættinum. Ráðgjafi skal sjá um, að þær skrár, sem vantar, verði tafarlaust útvegaðar, og beita hæfilegum þvingunarsektum, ef á þarf að halda.

15. gr. Nú verður það uppvíst, að kjörskrárnar eru ekki leiðrjettar í ákveðna tíð á lögskipaðan hátt, og skal ráðgjafinn þá sekta hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn, ef vanrækt hennar er um að kenna, og skipa þar að auki að gjöra tafarlaust þær ráðstafanir, sem fyrirskipaðar eru í lögunum, og leggja við hæfilegar þvingunarsektir. Þegar slíkt kemur fyrir, hefur ráðgjafinn vald til að stytta sjerhvern lögákveðinn frest.

16. gr. Sá sem er óánægður með úrskurð þann, er synjar honum kosningarjettar, má heimta, að sjer verði fengið eptirrit af úrskurðinum kauplaust, og getur hann látið málið ganga til dóms og laga. Mál út af þessu skal farið með sem gestarjettarmál. Málspartarnir eru fyrir undirrettum undanþegnir því að greiða rjettargjöld, og skal ráðgjafi skipa mann fyrir hönd sveitarstjórnarinnar eða bæjarstjórnarinnar, sem stefnt er. Verði það dæmt, að sá sem í hlut á, eigi kosningarjett, skal taka hann upp á kjörskrána jafnskjótt sem hann leggur fram eptirrit af dóminum.

17. gr. Kjörskrárnar gilda frá 1. júlí til 30. júní árið eptir. Samkvæmt þessum skráum skulu allar kosningar til alþingis fram fara á því ári, þó þannig, að þess verði gætt, að þeir menn, sem á aukaskránni eru (9. gr.), því að eins hafa rjett til þess að greiða atkvæði, að þeir fyrir kosningardaginn hafi fullnægt þeim skilyrðum, sem sett eru um aldur og heimili. Ef kosning kemur fyrir optar en einu sinni á ári, skal eptirrit af skránum, sem staðfest sje af sveitarstjórn eða bæjarstjórn, vera til reiðu til afnota við hina nýju kosningu.

II. kafli.

Kosningar til efri deildar.

Kjördæmi og kjörstjórnir.

18. gr. Landið er allt eitt kjördæmi, sem kýs 12 menn til efri deildar alþingis.

19. gr. Ráðgjafi sá er fyrir löggaðlumálum stendur, skipar þrjá menn í Reykjavík í aðalkjörstjórn.

Í hverjum hreppi eða kaupstað skal vera þriggja manna kjörstjórn, er hreppsnefndin eða bæjarstjórnin kýs, og skal að minnsta kosti einn þeirra vera úr flokki kjósanda þeirra, er eigi sitja í nefndinni.

Sjálfar kjósa kjörstjórnirnar oddvita sinn.

20. gr. Nú forfallast einhver úr kjörstjórninni eða mætir eigi á kjördegli, skulu þá þeir, sem mættir eru úr henni, kveðja til mann í hans stað.

21. gr. Oddviti kjörstjórnarinnar stendur fyrir öllum undirbúningi undir sjálfa kosninguna og sjer um að kjörskrárnar sjeu við á kjörþinginu.

22. gr. Kjörstjórnin heldur kjörbók, þar sem bóka skal, að fram hafi verið lagðar kjörskrárnar og þau brjef, sem til hennar eru komin. Í kjörbókina skal rita hið helzta af því, sem fram fer á kjörþinginu, en þar með skal þó eigi telja ræður þær, sem haldnar verða. Kjörstjórnin skal rita nöfn sín undir kjörbókina, og skulu í kaupstöðum bæjarstjórnirnar geyma hana, en annarsstaðar hreppsnefndirnar.

Með fyrstu pósthferð, sem til verður náð eftir kosninguna, skal oddviti kjörstjórnarinnar senda ráðgjafa staðfest eptirrit af kjörbókinni, en ráðgjafinn fær síðan það eptirrit aðalkjörstjórninni, en hún skilar honum því aptur eptir að kosningar eru útkljáðar, en hann afhendir það síðan alþingi, er það kemur saman, ásamt skýrslum þeim, er honum hefir þótt ástæða til að útvega.

Þingmannaefni og tillöguskrár.

23. gr. 20 kjósendur eða fleiri eiga rjett á að semja tillöguskrá til kosninga, og verða þeir að rita nöfn sín og heimili undir hana, og skulu á henni standa nöfn allt að 12 þingmannaefna. Skrá þessa skulu þeir senda ráðgjafa og skal henni fylgja tilkynning þingmannaefna þeirra, sem á skránni eru nefndir, um, að þeir geri kost á sjer til kosningar, nema þingmannaefnin hafi með auglýsingum í blöðum gert framboð sitt heyrum kunnugt, því að þá nægir, ef eitt eintak þeirrar auglýsingar fylgir skránni.

Eigi má sami kjósandi rita undir fleiri en eina tillöguskrá.

24. gr. Tillöguskrá verður að vera komin í hendur ráðgjafa að minnsta kosti 15 vikum áður en kosning á fram að fara, ella verður hún eigi tekin til greina.

Ráðgjafi skal gefa hverri tillöguskrá einkunnartölu, eptir röð þeirri, sem þær koma í til hans, og birta skrárnar ásamt nöfnum undirskrifanda í fyrsta blaði B.-deildar Stjórnartíðindanna, sem út kemur eptir að hver þeirra um sig er komin honum í hendur. Allar skulu tillöguskrárnar út komnar í Stjórnartíðindunum svo

tímanlega, að þær verði sendar út um landið með fyrstu póstferðum, sem falla eptir að þær eiga allar að vera komnar til ráðgjafa.

Kjörfundir og kosningar.

25. gr. Hinn 1. dag júlímánaðar eða næsta virkan dag skulu kosningar fram fara um land allt, nema þingdeildin hafi rofin verið og aukakosningar verið boðaðar á öðrum degi. Skal kjörfundur byrja á hádegi á þingstað hreppsins. Skal oddviti kjörstjórnar setja kjörþingið og lesa upp boðskap þann, er skipar fyrir um kosningarnar. Kjörstjórnin skal fram leggja tillöguskrárnar. Það er eigi nauðsynlegt að kjörgengi þingmannaefna sje sannað fyrir kjörstjórninni. Komi fram við kosninguna mótmæli gegn kjörgengi þeirra, getur kjörstjórnin að vísu eigi bannað umræður um það, en heldur eigi fyrir þá sök skorast undan að bjóða þá fram til kosningar. Alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru.

26. gr. Kosningar gilda vanalega til 6 ára og telst kjörtíminn frá kosningardegi. Verði deildin rofin, kveður landsstjórnin á um hvenær kjósa skuli.

27. gr. Sje eitt eða fleiri þingmannaefna á kjörfundi, eiga þeir rjett á að taka til máls, og sömuleiðis undirskrifendur tillöguskráanna. Að öðru leyti er það á valdi kjörstjórnar að stjórna umræðum og takmarka þær eptir þörfum.

28. gr. Þá er umræðum er lokið, ganga kjósendur til kosningar, en kosning fer fram á þann hátt, að hver kjósandi nefnir einkunnartölu þeirrar tillöguskrár, er hann vill atkvæði greiða.

Kjósendur greiða atkvæði í þeirri röð, sem nöfn þeirra standa í á kjörskrá.

29. gr. Kjörstjórnin skal hafa tvö staðfest eptirrit af kjörskránni, og eina skrá yfir allar tillöguskrárnar. Oddviti kjörstjórnarinnar hefur annað kjörskráreptirritið og les upp af því nöfn kjósanda í röð; annar meðkjörstjórnanna hefur hitt eptirritið og ritar á það aptan við nafn hvers kjósanda einkunnartölu tillöguskrár þeirrar er kjósandi tilnefnir. Hinn meðkjörstjórinn hefur skrána yfir tillöguskrárnar og ritar hann nafn hvers kjósanda við tillöguskrá þá, er hann greiðir atkvæði. Kjörstjórnin verður að kannast við hvern kjósanda, eða hafa á annan hátt tryggingu fyrir, að kjósandinn sje sá, sem á skránni er nefndur. Áður en kjósandi gengur frá, skal lesa upp fyrir honum nafn hans og einkunnartölu skrár þeirrar, er hann hefir gefið atkvæði, svo að hann kannist við að rjett sje ritað, og til tryggingar því, að skránum beri saman.

Enginn getur neytt kosningarrjettar síns, nema hann mæti sjálfur á kjörþingi og greiði atkvæði munnlega.

Þá er engir fleiri kjósendur gefa sig fram til að greiða atkvæði, skal oddviti hátt og snjallt skora á þá kjósendur, sem eigi hafa greitt atkvæði, að gjöra það, og skal hann um leið setja stuttan frest til þess, en frestur þessi má samt ekki, hvernig sem á stendur, vera skemmri en svo, að 2 klukkustundir liði frá því að kosningargjörðin byrjaði, og þótt sá frestur sje liðinn, skal eigi atkvæðagreiðslu lokið meðan kjósendur gefa sig fram til hennar án þess hlje verði á.

Þegar engir fleiri kjósendur æskja að taka þátt í kosningunni samkvæmt því, sem sagt er, færa kjörstjórnir inn atkvæði sjálfra sín og rita nöfn sín bæði undir kjörskrána og atkvæðaskrána og er þá atkvæðagreiðslu lokið.

30. gr. Þá er atkvæðagreiðsla er lokið, skal bera saman kjörskrá og atkvæðaskrá og telja saman atkvæði; síðan skal kjörstjórnin rita í kjörbókina atkvæðatölu þá er hver tillöguskrá hefur hlotið, og skal kjörstjórnin síðan rita undir kjörbókina. Síðan skal lesa það upp, er bókað hefur verið um kosninguna, í heyrandá hljóði fyrir þingheimi. Kjörstjórnin skal samdægurs taka eptirrit af kjörbókinni, rita undir það, og senda, svo sem áður er fyrir mælt, ráðgjafa eptirritið.

31. gr. Þegar er ráðgjafi hefur fengið í hendur eptirrit af öllum kjörbókunum, afhendir hann þau aðalkjörstjórninni, en hún skal tafarlaust koma saman til að rannsaka, hverjir kosnir eru.

Fyrst skal aðalkjörstjórnin telja saman fjölda atkvæða, þeirra er greidd hafa verið um land allt, og deila þeirri tölu með tölu þingmanna þeirra, er kjósa skal (12); komi brot út við deilinguna, skal gera það að einum heilum. Tala sú, sem þannig kemur út, er hlutfallstala sú, er leggja skal til grundvallar fyrir kosningunni. Síðan skal telja saman, hve mörg atkvæði hver tillöguskrá hefir hlotið, og skal þeirri tölu, sem þá kemur út, deilt með hlutfallstölunni. Sú heila tala, sem þá kemur út, sýnir, hve mörg af þingmannaefnum hveðrar skrár hafa kosningu hlotið. En það eru jafnan þeir er efstir standa á skránni. Verði eigi nógu margir þingmenn kosnir á þennan hátt, skal taka næsta þingmannsefnið á þeirri skrá, er stærst brot hafði um fram heila tölu, þá er deilt var með hlutfallstölunni, þar næst eitt af þeirri skrá, er næst—stærst brot hafði, og svo koll af kolli. Nú hafa tvær skrár eða fleiri jafnstór brot, og ræður þá hlutkesti.

Nú er þingmaður kosinn á tveim skráum eða fleirum, og ræður þá hlutkesti, af hverri skrá hann skal kosinn; af hinum skránum skal út stryka nafn hans, og skal þá tekið upp á þær í stað hans það nafn á hverri, er næst stendur til.

32. gr. Nú er tala nafna á tillöguskrá lægri, en tala þeirra þingmanna, er eptir henni ætti kosnir að vera, og skal þá í stað þeirra sem vantar, taka þingmannaefni af þeim skráum, er enn hefur enginn verið kosinn af, hinn fyrsta af þeirri skrá, sem næst stendur til, annan af þeirri sem þar er næst á eptir, o. s. frv.

33. gr. Nú deyr þingmannsefni eða þingmaður, eða annað ber til að autt verður þingmannssæti í deildinni, og er þá sá rjett kjörinn þingmaður í hans stað, er næstur stendur kosningu eptir því sem sagt er í 32. gr. Slík kosning gildir til næstu almennu kosninga.

34. gr. Aðalkjörstjórnin skal kjörbók halda, og rita í hana atkvæðatöluna úr hverju kjördæmi og skýrslu um aðferð sína við kosninguna, og skal hún þegar senda ráðgjafanum staðfest eptirrit af kjörbókinni. Ráðgjafi skal tafarlaust birta eptirritið í Stjórnartíðindunum, deildinni B., og senda með fyrstu pósthferðum eitt eintak hverjum hinna nýkosnu þingmanna og hverri kjörstjórn.

III. kafli.

Kosningar til neðri deildar.

Kjördæmi og kjörstjórnir.

35. gr. Landinu skal skipt í 24 kjördæmi, er hvert um sig kýs 1 þingmann, og eru þau þessi:

1. Austur-Skaptafellssýsla.
2. Vestur-Skaptafellssýsla.

3. Vestmannaeyjasýsla, Austur- og Vestur-Eyjafjallahreppur og Austur- og Vestur-Landeyjahreppur í Rangárvallasýslu.
4. Hinir aðrir hreppar Rangárvallasýslu.
5. Árnessýsla austan Hvítár og Ölfusár.
6. Árnessýsla vestan Hvítár og Ölfusár.
7. Grindavíkur-, Hafna-, Rosmhvalaness-, Vatnsleysustrandar- og Garða-hreppar í Gullbringusýslu.
8. Hinir aðrir hreppar Gullbringu- og Kjósarsýslu.
9. Reykjavík.
10. Borgarfjarðarsýsla.
11. Mýrasýsla.
12. Snæfellsness- og Hnappadalssýsla.
13. Dalasýsla.
14. Barðastrandarsýsla.
15. Ísafjarðarsýsla og Ísafjarðarkaupstaður.
16. Strandasýsla.
17. Húnavatnssýsla.
18. Skagafjarðarsýsla.
19. Akureyrarkaupstaður og Öngulstaða-, Saurbæjar-, Hrafnagils- og Glæsibæjar-hreppar í Eyjafjarðarsýslu.
20. Hinir aðrir hreppar Eyjafjarðarsýslu.
21. Suður-Þingeyjarsýsla.
22. Norður-Þingeyjarsýsla.
23. Norður-Múlasýsla.
24. Suður-Múlasýsla.

36. gr. Fyrir hvert kjördæmi skal setja kjörstjórn. Skal í Reykjavík oddviti bæjarstjórnarinnar vera oddviti kjörstjórnarinnar og skulu að auki vera í henni 2 menn, sem bæjarstjórnin kveður til, einn úr sínum flokki og einn úr flokki kjósenda, en í hinum kjördæmunum er sýslumaður oddviti kjörstjórnarinnar og eru í henni að auki einn af sýslunefndarmönnum og einn af kjósendum, sem sýslunefndin kýs.

37. gr. Oddviti kjörstjórnar stendur fyrir öllum undirbúningi undir sjálfa kosninguna og sjer um að kjörskrárnar sjeu við á kjörþinginu.

38. gr. Kjörstjórnin heldur kjörbók, þar sem bóka skal, að fram hafi verið lagðar kjörskrárnar og þau brjef, er til hennar eru komin. Í kjörbókina skal rita hið helzta af því, er fram fer á kjörþinginu, en þar með skal þó eigi telja ræður þær, sem haldnar verða. Kjörstjórnin skal rita nöfn sín undir kjörbókina og skal í Reykjavík bæjarstjórnin geyma hana, en annarsstaðar sýslunefndirnar.

Í síðasta lagi 8 dögum eptir kosninguna skal oddviti kjörstjórnarinnar senda ráðgjafa staðfest eptirrit af því, sem ritað er í kjörbókina um kosningu þá, sem fram hefur farið. Ráðgjafi fær síðan alþingi, er það kemur saman, eptirrit þetta ásamt skýrslum þeim, sem honum hefur þótt ástæða til að útvega.

39. gr. Enginn, sem ekki mætir sjálfur á kjörþingi, hvort heldur hann á heim-

ili innan kjördæmis eða utan, getur orðið fyrir kosningu þegar kjósa á alþingismenn, nema 1 eða fleiri af kjósendum í kjördæminu í síðasta lagi fyrir náttmál kvöldinu fyrir þann dag, er kosningin skal fram fara, hafi skriflega skýrt oddvita kjörstjórnarinnar frá, að hann taki við kosningu og lýsi yfir því, að þeir vilji mæla fram með honum til þeirrar kosningar, sem til stendur, og skal þar með fylgja skrifleg yfirlýsing frá þeim sem í hlut á, um að hann sje fús til að taka á móti kosningu, og að hann hafi eigi látið bjóða sig fram til kosningar í nokkru öðru kjördæmi, er eigi hafi þá þegar hafnað framboði hans.

Nú vilja nokkrir kjósendur kjósa til alþingismanns einhvern þeirra, sem á kjörþingi eru, skal hann þá gefa kost á sjer áður en kosning byrjar, svo að oddviti kjörstjórnarinnar viti að hann vill við kosningu taka, og geti boðið hann fram.

40. gr. Það er eigi nauðsynlegt að kjörgengi þingmannaefna sje sannað fyrir kjörstjórninni. Komi fram við kosninguna mótmæli gegn kjörgengi þeirra, getur kjörstjórnin að vísu eigi bannað umræður um það, en heldur ekki fyrir þá sök skorazt undan að bjóða þá fram til kosningar. Alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru.

41. gr. Verði það uppvíst, að eitthvert þingmannsefni hafi gefið kost á sjer í fleirum en einu kjördæmi, er sú kosning eða þær kosningar ógildar, sem hann kann að verða fyrir, nema því að eins að skilyrði því, sem sett er í 39. gr., sje fullnægt.

42. gr. Hinar almennu kosningar til neðri deildar eiga venjulega fram að fara 6. hvert ár.

Þegar slíkar kosningar eiga fram að fara, annaðhvort fyrir þá sök, að kjörtíminn er á enda, eða vegna þess að alþingi er rofið, verður gefið út um það opið brjef, þar sem landstjóri skipar fyrir að kosningarnar skuli fram fara.

Kosningarnar til neðri deildar skulu venjulega haldnar í septembermánuði árið áður en alþingi á að koma saman.

43. gr. Kjörtíminn skal talinn frá 1. september, ef ákveðið er samkvæmt 42. gr. að kosningarnar skuli fram fara í þeim mánuði, en ef það kynni að verða ákveðið að kosningarnar skuli fram fara á öðrum tíma árs, skal nákvæmar sagt fyrir um það í fyrnefndu opnu brjefi, frá hvaða degi kjörtíminn skal talinn.

44. gr. Nú verður autt sæti í deildinni, svo sem ef þingmaður deyr, missir kjörgengi, eða hlýtur kosningu til efri deildar (sjá 33. gr.), gildir þá hin nýja kosning fyrir svo langan tíma, sem sá átti eptir, er frá fór.

Þegar einstakar kosningar skulu fram fara, gjörir landstjórinn fyrirskipun um það.

45. gr. Kosningar fara fram í kjördæmi hverju á kjörþingi og má hver koma þar er vill.

46. gr. Kjörþing skal halda á þeim þingstað, sem næstur er miðju kjördæminu, en sje hann óhentugur, þá á öðrum stað, er sýslunefndin til tekur.

47. gr. Oddviti kjörstjórnarinnar skal tiltaka dag og klukkustund er kjör-

þingið skal haldið, og auglýsa með 4 vikna fyrirvara á kyrkjufundum eða á annan venjulegan hátt kjörþingið og hvenær kjörþingið skal haldið.

Kosningar.

48. gr. Oddviti kjörstjórnar setur kjörþingið og leð upp hið opna brjef eða þann úrskurð landstjóra, er fyrirskipar kosninguna. Hann nefnir síðan nöfn þess eða þeirra þingmannaefna, sem boðið hafa sig fram, og svo þeirra kjósenda, sem mæla fram með kosningu þeirra, og skorar á þá að ganga fram og kannast við meðmælingu sína. Sjeu þeir eigi komnir á fund, og hafi eigi tjáð forföll, sem kjörstjórnin áltur gild, eða ef þeir skorast undan að standa við hina skriflegu meðmæling sína, verður hún eigi tekin til greina, og ef þannig má álíta, að einhver af þeim, sem gefið hafa til kynna, að þeir tæki við kosningu, hafi eigi lengur meðmæling til kosningar frá neinum kjósenda í kjördæminu, getur hann eigi orðið borinn fram til kosningar. — Kjósendur þeir, sem eru á fundi og standa þar við meðmælingu sína með einhverju þingmannsefni, eiga rjett á að taka til máls, og hið sama er um þau þingmannaefni, sem boðnir eru fram til kosningar. Að öðru leyti má bjóða þingmannaefni fram til kosningar, þótt eigi sje hann sjálfur á kjörþingi. Enn fremur er sjerhverjum kjósenda, sem er viðstaddur, heimilt að leggja spurningar fyrir þá kjósendur, sem mæla fram með einhverjum til kosningar, og eins fyrir þingmannaefni þau, sem eru á fundinum, og er þeim sömuleiðis heimilt að svara spurningunum. Samt má eigi bera upp neina slíka spurningu fyr en meðmælöndum og þeim þingmannaefnum, sem eru viðstaddir, hefur verið gefinn kostur á að taka til máls. Kjósendur þeir, er mæla fram með einhverjum til kosningar, og þingmannaefni, skulu látin taka til orða eftir upphafsstaf í nöfnum þingmannaefnanna.

Oddviti stýrir umræðunum og skal sjá um, að bæði þær og kosningin fari fram í góðri reglu. Enginn af kjörstjórum má tala með eða móti kosningu nokkurs þingmannsefnis.

Oddviti slítur umræðunum, þegar honum þykir það við eiga, og skorar hann síðan á kjósendur að ganga til kosningar með því að gefa atkvæði sitt einum (eða tveimur, ef tvo skal kjósa) af þeim þingmannaefnum, sem bornir hafa verið fram til kosningar. Þótt eigi sje fleiri þingmannsefni í boði, en kjósa skal þingmenn, skal atkvæðagreiðsla samt fram fara.

49. gr. Kjörstjórnin ákveður, í hvaða röð hrepparnir kjósa; kjósendur úr hverjum hreppi greiða atkvæði eftir stafaröð á kjörskránni. Enginn getur neytt kosningarrjettar síns, nema hann sjálfur komi á kjörþing.

50. gr. Oddviti kjörstjórnarinnar á eigi þátt í því að taka við atkvæðum. Einn af hinum, sem í kjörstjórninni eru, ritar, eptir að hann hefur kannast við kjósendurna, nafn þess þingmannsefnis, sem kjósandi greiðir atkvæði sitt, við hliðina á hans eigin nafni í sjálfri kjörskránni. Annar úr kjörstjórninni ritar á sjerstaka atkvæðaskrá nafn kjósenda við hliðina á nafni þess þingmannsefnis, sem hann hefur gefið atkvæði sitt. Áður en kjósandinn gengur frá, skal lesa upp fyrir honum bæði hans eigið nafn, og nafn þess, sem hann hefir kosið, til tryggingar því, að rjett sje ritað á báðar skrárnar og að því beri saman hvoru við annað.

Þegar engir fleiri kjósendur gefa sig fram, til þess að greiða atkvæði, skal oddviti hátt og snjallt skora á þá kjósendur, sem eigi hafa greitt atkvæði, að gjöra það, og skal hann um leið setja stuttan frest til þess; en frestur þessi má samt ekki, hvernig sem á stendur, vera skemmri en svo, að 2 klukkustundir líði frá því, að kosningargjörðin byrjaði, og þótt sá frestur sje líðinn, skal eigi atkvæðagreiðslu lokið meðan kjósendur gefa sig fram til hennar án þess að hlje verði á.

Þegar engir fleiri kjósendur æskja að taka þátt í kosningunni, samkvæmt því, sem sagt er, færa kjörstjórnarnir (ef þeir hafa kosningarrjett) inn atkvæði sjálfra sín og rita nöfn sín bæði undir kjörskrána og atkvæðaskrána, og er þá atkvæðagreiðslu lokið.

51. gr. Eptir að búíð er að bera saman kjörskrárnar og atkvæðaskrána, skal telja saman atkvæði. Sá sem hlotið hefir flest atkvæði, er þá kosinn alþingismaður fyrir kjördæmið. Samt er enginn rjett kjörinn alþingismaður, nema hann hafi hlotið meira en helming þeirra atkvæða, sem greidd eru. — Hljóti enginn af þeim, sem boðnir eru fram til kosningar, svo mörg atkvæði, skal aptur kjósa óbundnum kosningum; fái þá enn enginn þann atkvæðafjölda, sem með þarf, skal kjósa enn á ný, en að eins milli þeirra tveggja, sem við hina seinni kosningu höfðu flest atkvæði. Sje svo, að fleiri hafi við aðra kosningu fengið jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti ráða, hvor þeirra geti orðið boðinn fram til hinnar bundnu kosningar. Sömuleiðis skal hlutkesti ráða, ef atkvæði eru jöfn við þriðju kosningu.

52. gr. Í kjörbókinni skal bókað, hvernig kosningin hafi farið, og skal oddviti kjörstjórnarinnar lýsa yfir því fyrir þingheiminum. Sömuleiðis skal hann svo fljótt sem verða má tilkynna kosninguna þeim, sem kjörinn er, sje hann eigi viðstaddur. Atkvæðaskrána skal leggja við kjörbókina og skal öll kjörstjórnin rita nöfn sín undir hana.

53. gr. Kjörstjórnin fær hverjum, sem kosinn er, kjörbrjef. Skal það samið samkvæmt fyrirmynd, sem ráðgjafinn segir fyrir um, og skal kjörstjórnin rita undir það nöfn sín.

IV. kafli.

Almennar ákvarðanir.

54. gr. Alþingismenn fá í endurgjald 6 kr. fyrir hvern dag bæði fyrir þann tíma, sem þeir þurfa til ferðarinnar til alþingis og frá því, og fyrir þann tíma, sem þeir eru á alþingi. Sömuleiðis fá þeir endurgoldinn ferðakostnað eptir reikningi, sem nefnd kosin af hinu sameinaða alþingi úrskurðar og forseti í hlutaðeigandi þingdeild ávísar. Þessi útgjöld greiðast úr landssjóðnum.

55. gr. Kjörstjórnirnar við kosningar til neðri deildar mega, annarsstaðar en í Reykjavík, reikna sjer fæðispeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað samkvæmt tilsk. um sveitastjórn á Íslandi 4. maí 1872, 33. gr., þannig að útgjöldin greiðist úr sýslusjóðnum. Ef annar kostnaður verður við kosningarnar, t. a. m. til prentunar kjörskrána, til auglýsinga o. fl., skal einnig greiða hann úr sýslusjóðnum. Í

Reykjavík skal greiða útgjöld þau, sem síðast voru nefnd, úr sjóði bæjarins.

56. gr. Vanræki nokkur störf þau, sem honum eru á hendur falin með lögum þessum, skal hann sæta 25 til 500 króna sektum, ef þyngri hegning liggur eigi við samkvæmt lögum.

Nd.

25. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um breyting á lögum um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum 14. des. 1877. — Eftir 2. umræðu í Nd. (23). — Frá Jóni Þórarins-syni, Sigurði Stefánsyni, Einari Thorlacius, Páli Ólafssyni, Gunnari Halldórssyni og Árna Jónssyni.

1. Við 1. gr. Fyrir orðin: «Svo og afli — tilfalli fátækra sjóði» komi: megi skipaðir umsjónarmenn upp taka og í land flytja án úrskurðar yfirvalds. Í samþykkt má og ákveða, að slík veiðarfæri og afli sá, er með þeim hefur verið upp tekinn, sje hvorttveggja tapað eiganda, og að andvirðið renni sömuleiðis í fátækra sjóð.
2. Við sömu gr., 2. málgr.: Milli orðanna «sekta» og «og» bætist: «afli».
3. Við 2. gr.: Milli orðanna: «laga» og «14. des.», komi: um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum.

Nd.

26. Tillaga

til þingsályktunar um að mæld verði uppsigling á Hornafjörð og könnuð skipalega við Ingólfshöfða. — Flutningsmaður: Sveinn Eiríksson.

Alþingi skorar á stjórnina að hlutast til um, að sem allrafyrst verði mæld uppsigling á Hornafjörð, sem og könnuð skipalega við Ingólfshöfða.

Nd.

27. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, 7. nóvbr. 1879. — Flutningsm.: Lárus Halldórsson.

1. gr. Hjer eftir skal greiða aðflutningsgjald af alls konar öli, sem hefur 1^o styrkleika eða meira, 15 aura fyrir hvern pott.

Af brennivíni eða vínanda skal greiða af hverjum potti:

með 8 ^o styrkleika eða minna	60 aura
yfir 8 ^o og allt að 12 ^o styrkleika	90 —
yfir 12 ^o styrkleika	120 —

Af rauðvíni og messuvíni skal greiða 30 aura af hverjum potti, í hverju fláti sem það er flutt.

Af öllum öðrum vínföngum skal greiða 120 aura af hverjum potti, ef þau eru flutt í flátum stærri en svo að þau rúmi 2 merkur, en sjeu þau flutt í minni flátum, skal greiða sama gjald af hverjum 3 pelum sem af potti í stærri flátum.

Gjald þetta rennur í landssjóð.

2. gr. Hjer með er úr lögum numin 1. gr. laga 7. nóvbr. 1879 um breyting á lögum um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 11. febr. 1876.

3. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. dag októbermánaðar 1886.

Nd.**28. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um aðflutningsgjald á tóbaki 11. febr. 1876.—Flutningsm.: Lárus Halldórsson.

1. gr. Af hverju pundi tóbaks, hvort heldur reyktóbaki, munntóbaki (rullu) eða neftóbaki (rjólí), skulu goldnir 50 aurar.

2. gr. Af hverjum 100 vindlum skulu greiddir 100 aurar.

3. gr. Verði nokkur uppvis að tollsvikum, skal hann sæta sektum frá 500 til 5000 króna.

4. gr. Hjer með er úr lögum numin 1., 2. og 4. grein í lögum um aðflutningsgjald af tóbaki 11. febr. 1876.

5. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. dag októbermánaðar 1886.

Nd.**29. Frumvarp**

til laga um prentsmiðjur. — Flutningsm.: Sigurður Stefánsson, Þorvarður Kjerulf, Þorleifur Jónsson.

1. gr. Í kaupstöðum og þeim verzlunarstöðum, er lögreglustjóri er búsettur í, er heimilt hverjum þeim, sem er fjár síns fullráði og hefur óflekkað mannorð, að setja prentsmiðju og reka prentið, enda fullnægi hann skilyrðum þeim, er til þess þurfa að vera kaupstaðarborgari, og leysi borgarabryf, ef hann hefur það eigi áður á þeim stað. Utan kaupstaða þessara og verzlunarstaða þarf leyfi landshöfðingja til þessa, en það veitist ókeypis. Brot gegn þessu varða sektum frá 25—500 kr.

2. gr. Allar prentsmiðjur þær, er nú eru eða síðar kunna stofnaðar að verða á landi hjer, eru skyldar að láta landsbókasafninu ókeypis í tje 2 eintök og amtsbókasöfnunum á Akureyri og í Stykkishólmi sitt eintakið hvoru af hverju því, sem prentað er, hvort heldur er smátt eða stórt, svo og hinni konunglegu bókhlóðu í Kaupmannahöfn 2 eintök, er annað sje á skrifpappír, og háskólasafninu 1 eintak. Skulu þau send landshöfðingja við fyrsta tækifæri, er fellur tvisvar á ári í júní og septembermánuðum. Sje þetta vanrækt, varðar það sektum eptir atvikum, eigi minna en þreföldu verði þess, sem undan er dregið. Þó má landshöfðingi leyfa, að sektir falli niður að öllu eða nokkru leyti, ef bætt er úr vanræktinni, þegar á minnt er um það.

3. gr. Prentsmiðju, sem ólöglega er niður sett, má lögreglustjóri loka, og ef þörf gjörist, leggja löghald á öll tæki hennar.

4. gr. Eigandi prentsmiðju ber ábyrgð á brotum gegn lögum þessum. Sje óvíst hver eigandi er, eða sje hann fjarverandi, ber sá ábyrgðina, er hefur verkstjórn prentsmiðjunnar á hendi.

Mál um brot gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

Eldri ákvarðanir, er koma í bága við lög þessi, eru numdar úr lögum.

Ed.**30. Frumvarp**

til laga um afnám svonefndra Maríu- og Pjeturslamba.—Flutningsm.: Jón Ólafsson, 1. þm. S.-Ms.

Fóðurskylda svonefndra Maríu- og Pjeturslamba skal afnumin við næstu prestaskipti í þeim sóknum á landinu, þar sem hún hefir viðgengizt.

Nd.**31. Frumvarp**

til laga um löggilding nýrra verzlunarstaða. — Eptir 2. umr. í Nd.

Löggiltir verzlunarstaðir skulu vera:

1. Að Haukadal í Dýrafirði.
 2. Á Höfn í Sjettuhreppi.
 3. Múlahöfn við Hjeraðsflóa í Norður-Múlasýslu.
 4. Á Svalbarðseyri við Eyjafjörð.
-

Nd.**32. Frumvarp**

til laga um laun landsstjórnar þeirrar, er skipa skal, þá er hin endurskoðaða stjórnarskrá er staðfest. — Flutningsmenn: Þorlákur Guðmundsson, Sveinn Eiríksson og Þorvaldur Bjarnarson.

1. gr. Landstjóri hefur í laun 14,000 kr. árlega.
 2. gr. Hver ráðgjafi hefur í laun árlega 5000 kr.
 3. gr. Þrír skrifstofustjórar hafa í árslaun 3000 kr. hver.
 4. gr. Til skrifstofukostnaðar á ráðgjafaskrifstofunum hefur allt ráðaneytið umráð yfir allt að 8000 kr. árlega.
-

Ed.**33. Breytingaratkvæði**

við breytingartillögu við uppástungu til þingsályktunar um fjölgun sumarpóstferða (14). — Frá Hallgr. Sveinssyni.

1. orðin: „og Akureyrar, og milli Akureyrar og austurlands“ — falli burt.
 2. á eptir „aukapóstferðum“ bætist inn: á þessu svæði og annarsstaðar, eptir því sem hagfellt þætti.
-

Nd.**34. Nefndarálit**

í málinu um hina endurskoðuðu stjórnarskrá, sem alþingi samþykkti árið 1885.

Hin heiðraða neðri deild alþingis hefur kosið oss í nefnd til þess að segja álit vort um hina endurskoðuðu stjórnarskrá, sem alþingi samdi og samþykkti árið 1885. Höfum vjer íhugað og rætt mál þetta svo gaumgæfilega sem oss ýtrast hefur verið unnt og viljum vjer leyfa oss að kveða upp álit vort og tillögu á þessa leið.

Nefndin viðurkennir að visu, að áherzla sje lögð á það í hinni konunglegu auglýsingu til Íslendinga, dags. 2. nóvbr. 1885, að stjórn Hans Hátignar konungs vors líti svo á málið, að skipun sú á innlendri landsstjórn á Íslandi, sem hin endurskoðaða stjórnarskrá fer fram á, komi í bága við stjórnarskipun ríkisins, er hin æðsta stjórn yrði falin á hendur stjórnarvaldi í landinu sjálfu, er óháð væri bæði hinni annari stjórn konungsins og eins ríkisráði hans, að gengið sje út frá því í lögum 2. jan. 1871 6. gr. að æðsta stjórn hinna íslenzku mála verði að vera í

höfuðstað hans og að útlátningin af tilvísuninni til laga 2. jan. 1871 mundi stuðla til þess, að efla þá röngu skoðun, að þau sjeu ekki bindandi fyrir Ísland, og loks að það sje í ljós látið í konunglegri auglýsingu til Íslendinga 14. febr. 1874, að með stjórnarskránni um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 væri stjórnarskipunarmál þess að fullu og öllu til lykta leitt.

En eptir að nefndin hefur nú tekið öll þessi atriði í heild sinni og sjerhvert þeirra út af fyrir sig til rækilegustu íhugunar, fær hún eigi sjeð, að þau geti verið því til hindrunar, að hið nýkosna alþingi hafi alveg frjálsar hendur með tilliti til hinnar stjórnskipulegu meðferðar á hinnu endurskoðuðu stjórnarskrá samkv. 61. gr. stjórnarskrárinnar 5. jan. 1874.

Nefndin verður sem sje að álíta, að eins og þessi grein út af fyrir sig hlýtur að miða til þess, að veita alþingi stjórnskipulega heimild til að gjöra bæði breyting og viðauka á stjórnarskránni, sem þannig frá öndverðu eigi getur skoðast sem óbreytanleg, eins sje sjálf uppleysing alþingis með konunglegri auglýsingu 2. nóvbr. 1885 samkvæmt þessari grein órækur vottur þess, að stjórnin hafi hlotið að viðurkenna, sem og er óbifanleg sannfæring vor, að stjórnarskipun sú á Íslandi, sem hin endurskoðaða stjórnarskrá fer fram á, ekki liggi fyrir utan hið stjórnskipulega verksvið, sem 61. gr. heimilar; og hvað sjerstaklega viðvíkur því, sem gengið sje út frá í 6. gr. laga 2. jan. 1871, þá virðist nefndinni einsætt, að sú grein, sem að öðru leyti ræðir um þá fjárhagslegu hlið hinnar æðstu stjórnar, eins og hún var þá og framvegis kynni að verða, hlýtur að skiljast í samræmi við hinar undangangandi greinir laganna, sem gjöra hin sjerstaklegu málefni Íslands hinu almenna löggjafarvaldi óviðkomandi, að einni undantekinni breytingu á stöðu hæztarjettar sem æðsta dóms í Íslenzkum málum.

Þar sem nefndin þannig hlýtur að líta þeim augum á ofangreind atriði og niðurlag auglýsingarinnar, að þau að eins sjeu bendingaratriði frá stjórninni um það, að henni sje jafnvel sjerhver breyting á stjórnarskránni 5. jan. 1874 ógeðfeld, finnur nefndin sjer skylt að lýsa því yfir, að hún beri það staðfast traust til stjórnarinnar, að hún við nákvæmari íhugun vorra brýnu þjóðþarfa og ítrekaðs vilja hins löggefandi alþingis muni verða því samtaka í að koma loksins þeirri skipun á hin sjerstaklegu málefni Íslands, sem, eins og þráfaldlega er sýnt og sannað, er einka-skilyrðið fyrir sönnum framförum og viðreisn landsins, og með því nú nefndin enn fremur ekki getur fundið neina þá galla á hinnu endurskoðuðu stjórnarskrá, sem eigi að valda breytingu á henni, hika nefndin sjer eigi við, samkv. eindreginni ósk hinnar Íslenzku þjóðar, að ráða hinnu heiðruðu deild til að samþykkja óbreytt frumvarp það til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands, sem alþingi 1885 samþykkti og hjer með fylgir.

Alþingi 3. ágúst 1886.

B. Sveinsson, *Sigurður Jónsson,* *Sigurður Stefánsson.* *Forvarður Kjerulf.*
formaður og framsögum, skrifari.

Lárus Halldórsson. *Þórarinn Böðvarsson.* *Einar Thorlacius.*

Nd.

35. Frumvarp

til stjórnarskipunarlaganna um hin sjerstaklegu málefni Íslands.

I.

1. gr. Í öllum þeim málefnum, sem varða Ísland sjerstaklega, hefur landið löggjöf sína, dómsvald og stjórn út af fyrir sig, á þann hátt, að löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendum.

2. gr. Hin sjerstaklegu málefni landsins eru þessi:

1. Hin borgaralegu lög, hegningarlögin og dómgæzlan, er hjer að lýtur.
2. Lögreglumálefni.
3. Kirkju- og kennslumálefni.
4. Lækna- og heilbrigðismálefni.
5. Sveita- og fátækramálefni.
6. Vegir og pósthöngur landsins.
7. Landbúnaður, fiskiveiðar, verzlun og aðrir atvinnuvegir.
8. Skattamál bein og óbein.
9. Þjóðeignir, alþjóðlegar stofnanir og sjóðir.

Meðan Ísland hefur ekki fulltrúa á ríkisþinginu, en það er komið undir bæði alþingi og löggjafarvaldi ríkisins, leggur landið ekkert til almennra ríkisparfa. En á hinn bóginn tekur það heldur engan þátt á meðan í löggjafarvaldinu um almenn ríkismál.

3. gr. Konungur hefur hið æðsta vald yfir öllum hinum sjerstaklegu málefnum landsins með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur landstjóra, sem hefur aðsetur sitt í landinu, framkvæma það.

4. gr. Konungur skal vinna eið að stjórnarskrá Íslands. Af eiðstaf konungs skal gjöra 2 samhljóða frumrit, og skal senda alþingi annað þeirra til geymslu, en hitt skal geyma í leyndarskjallasafninu.

5. gr. Konungur er ábyrgðarlaus; hann er heilagur og friðhelgur.

6. gr. Konungur skipar landstjóra og víkur honum frá völdum. Landstjóri hefur í umboði konungs hið æðsta vald í öllum hinum sjerstöku málefnum landsins, svo sem mælt er fyrir í stjórnarskrá þessari. Laun landstjóra skal ákveða með lögum.

7. gr. Landstjóri tekur sjer ráðgjafa og getur vikið þeim úr völdum. Ráðgjafarnir hafa á hendi stjórnarstörfin og alla ábyrgð á þeim. Ábyrgð þessa skal ákveða með lögum.

Undirskript konungs eða landstjóra í umboði hans undir ályktanir þær, er snerta löggjöf og stjórn, veitir þeim gildi, þá er einn ráðgjafi eða fleiri skrifa undir með honum. Ráðgjafi sá, er undir ályktun ritar með konungi eða landstjóra, ber ábyrgð á henni.

8. gr. Ráðgjafar skulu eigi vera fleiri en þrír, og skal einn vera æðstur þeirra.

Landstjóri og ráðgjafar er landsráð og landstjóri forseti þess. Í landsráðinu skal ræða lagafrumvörp öll og mikilsverð stjórnarmálefni. Deyi landstjóri eða hindrist á annan hátt, stendur hinn æðsti ráðgjafi fyrir stjórn, þangað til konungur nefnir annan landstjóra, eða landstjóri tekur aptur við stjórninni.

9. gr. Landstjóri eða neðri deild alþingis getur kært ráðgjafana fyrir embættisrekstur þeirra. Í þeim málum dæmir landsdómur.

10. gr. Konungur eða landstjóri veitir öll þess konar embætti, sem konungur hefur veitt hingað til. Breyting má á þessu gjöra með lögum. Engan má skipa embættismann í landinu, nema hann hafi hin almennu rjettindi innborinna manna, og þar á ofan hafi fært sönnur á, að hann hafi fullnægt hinum gildandi ákvæðum um kunnáttu í máli landsins. Hver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni. — Konungur eða landstjóri geta vikið embættismönnum frá, og fer þá um eptirlaun þeirra, svo sem lög mæla fyrir. Konungur eða landstjóri getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum, og að þeim sje gefinn kostur á að kjósa, hvort þeir vilja heldur embættaskiptin, eða þá lausn frá embætti með eptirlaunum þeim, sem almennar reglur ákveða. Með lögum má undan skilja ýmsa embættismannaflokka, auk embættismanna þeirra, sem nefndir eru í 53. gr.

11. gr. Landstjóri stefnir saman reglulegu alþingi annaðhvort ár. Án samþykkis landstjóra má þingið eigi setu eiga lengur en 10 vikur. Breyta má þessum ákvæðum með lögum.

12. gr. Landstjóri getur frestað fundum hins reglulega alþingis um tiltekinn tíma, en þó ekki lengur en 4 vikur, nema alþingi samþykki það, og ekki nema einu sinni á ári.

13. gr. Landstjóri getur rofið aðra eða báðar deildir alþingis, og skal þá stofna til nýrra kosninga, áður tveir mánuðir sjeu liðnir frá því þingið var rofið, og skal þá stefna þinginu saman aptur næsta ár á eptir, að það var rofið.

14. gr. Landstjóri getur stefnt alþingi saman til aukafunda, og ræður hann, hversu langa setu það þá skuli eiga.

15. gr. Landsstjórnin getur lagt fyrir alþingi frumvörp til laga og ályktana.

16. gr. Undirskript konungs eða landstjóra þarf til þess, að veita ályktunum alþingis lagagildi. Landstjóri annast um, að lögín verði birt og að þeim verði fullnægt. Sje lagafrumvarp, sem alþingi hefur fallizt á, ekki staðfest á undan næsta reglulegu alþingi, er það fallið niður. Staðfesting konungs þarf til breytingar á stjórnarskránni eða viðauka við hana, svo sem síðar er fyrir mælt í 71. gr.

17. gr. Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur eða landstjóri gefið út bráðabirgðarlög milli alþinga; þó mega slík lög eigi koma í bága við stjórnarskrána, og ávallt skulu þau lögð fyrir næsta alþingi á eptir.

18. gr. Konungur eða landstjóri veitir leyfi þau og undanþágur frá lögum, sem tíðkæzt hafa, eptir reglum þeim, sem farið hefur verið eptir hingað til.

19. gr. Konungur náðar menn og veitir almenna uppgjöf á sökum. Ráðgjöfunum getur hann eigi gefið upp sakir fyrir brot á stjórnarskránni, nema því að eins, að neðri deild alþingis samþykki.

II.

20. gr. Á alþingi eiga setu 36 þjóðkjörnir menn. Kosning þeirra gildir venjulega fyrir 6 ára tímabil. Deyi nokkur eða fari frá af þeim, sem kosnir eru til þingsetu, meðan á kjörtímanum stendur, skal kjósa annan í hans stað til þingsetu fyrir það tímabil, sem eptir er af kjörtímanum.

21. gr. Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í efri þingdeild sitja 12 menn, er kjósa skal um land allt eptir ákvæðum þeim, er sett verða í kosningarlögum. Í neðri deild sitja 24 þingmenn, kosnir í kjördæmum. Tölu þingmanna má breyta með lögum.

22. gr. Kosningarrjett til alþingis hafa :

- a. allir búandi menn, húsmenn, borgarar, þurrabúðarmenn, og aðrir húsráðendur, sem greiða gjald til almennra þarfa ;
- b. embættismenn, hvort sem þeir hafa konunglegt veitingarbrjef eða þeir eru skipaðir af þeim, sem konungur hefur veitt heimild til þess ;
- c. þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, prestaskólann eða lækna-skólann í Reykjavík, eða eitthvert annað þess háttar opinbert próf, sem nú er eða kann að verða sett, þó ekki sjeu þeir í embætti, ef þeir eru ekki öðrum háðir.

Þó getur enginn átt kosningarrjett, nema hann sje orðinn fullra 25 ára að aldri, þegar kosningin fer fram, hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár, sje fjár síns ráðandi og honum sje ekki lagt af sveit, eða, hafi hann þegið sveitarstyrk, að hann þá hafi endurgoldið hann, eða honum hafi verið gefinn hann upp.

Með lögum má veita konum kosningarrjett til alþingis.

23. gr. Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefur kosningarrjett samkvæmt því, sem nú var sagt, ef hann

1. ekki er þegn annars ríkis eða er í þjónustu þess ;
2. hefur að minnsta kosti í síðustu 5 ár verið í löndum þeim í norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi.

Kjörgengi til efri deildar skal þó bundið við 35 ára aldur.

Kjósa má þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefur verið innan kjördæmis skemur en eitt ár.

Nákvæmari reglur um kosningarnar verða settar í kosningarlögum.

III.

24. gr. Alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár, hafi landstjóri ekki til tekið annan samkomudag sama ár.

Með lögum má ákveða, að hið reglulega alþingi komi optar saman eður á öðrum tíma.

25. gr. Samkomustaður alþingis er í Reykjavík. Þó getur landstjóri eptir atvikum skipað fyrir um, að alþingi komi saman á öðrum stað í landinu.

26. gr. Alþingi er friðheilagt. Enginn má raska friði þess eða frelsi.

27. gr. Alþingi sker sjálft úr, hvort þingmenn þess sjeu löglega kosnir.

28. gr. Sjerhver nýr þingmaður skal vinna eið að stjórnarskránni, undir eins og viðurkennt er, að kosning hans sje gild.

29. gr. Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæring sína og eigi við heinar reglur frá kjösendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir eru til alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna, en skyldir eru þeir til, án kostnaðar fyrir landssjóðinn, að annast um, að embættisstörfum þeirra verði gegnt á þann hátt, sem stjórnin telur nægja.

30. gr. Hvor þingdeild á rjett á, að bera upp frumvörp til laga og ályktana og samþykkja þau fyrir sitt leyti; einnig má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi eða landstjóra ávörp.

31. gr. Hvor þingdeild getur sett nefndir af þingmönnum til þess, að rannsaka mikils varðandi málefni. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rjett á að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og öðrum.

32. gr. Engan skatt má á leggja, nje breyta, nje aftaka, nema með lögum; ekki má heldur taka lán, er skuldbindi landið, nje selja eða á annan hátt láta af hendi neina af fasteignum landsins, nema slíkt sje með lögum ákveðið.

33. gr. Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjárukalögum.

34. gr. Jafnskjótt sem hið reglulega alþingi er komið saman, skal leggja fyrir það frumvarp til fjárlaga fyrir fjárhagstímabilið, sem í hönd fer. Með tekjunum skal teþja bæði hið fasta tillag og aukatillagið úr hinum almenna ríkissjóði.

Gjöld, sem ákveðin eru með eldri lögum, tilskipunum, konungsúrskurðum, eða öðrum gildum ákvæðum, skal, þangað til breyting verður á því gjörð með lögum, tilfæra í fjárlögunum, svo sem gjöld þessi hafa ákveðin verið.

Frumvarpið til fjárlaganna og eins frumvörp til fjárukalaga skal jafnan fyrst leggja fyrir neðri deild alþingis.

35. gr. Hvor þingdeild kýs yfirskoðunarmann, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða reikninga hvers árs um tekjur og gjöld landsins og gæta þess, að tekjur landsins sjeu þar allar taldar og að ekkert hafi verið goldið út án heimildar. Þeir geta krafzt að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal semja reikning fyrir fjárhagstímabilið, og leggja hann fyrir alþingi, ásamt með athugasemdum yfirskoðunarmanna, til fullnaðarúrslita.

36. gr. Ekkert lagafrumvarp má samþykkja til fullnaðar, fyr en það hefur verið rætt þrisvar í hvorri þingdeild.

37. gr. Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annari hvorri þingdeildinni, skal það lagt fyrir hina þingdeildina í því formi, sem það er samþykkt í. Verði þar breytingar á gjörðar, gengur það aptur til hinnar fyrri þingdeildar. Verði hjer aptur gjörðar breytingar, fer frumvarpið af nýju til hinnar deildarinnar. Gangi þá enn eigi saman, ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og leiðir alþingi þá málið til lykta eptir eina umræðu. Þegar alþingi þannig myndar eina málstofu, þarf til þess að gjörð verði fullnaðar-ályktun á máli, að

tveir þriðjungar þingmanna úr hvorri deild sjeu á fundi og eigi þátt í atkvæðagreiðslunni; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um hin einstöku málsatriði, en til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjár- aukalaga, verði samþykkt í heild sinni, þarf aptur á móti að minnsta kosti að tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, sjeu með frumvarpinu.

38. gr. Meðan alþingi stendur, má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í, nje heldur setja hann í varðhald eða höfða mál á móti honum, nema hann sje staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn til ábyrgðar utan þings fyrir það, sem hann hefur talað á þinginu, nema þingdeildin, sem hann á sæti í, leyfi.

39. gr. Ef sú breyting, er sviptir mann kjörgengi, verður á högum þess manns, er löglega er kosinn, missir hann rjett þann, er kosningunni fylgir.

40. gr. Ráðgjöfunum skal heimilt vegna embættisstöðu sinnar að sitja á alþingi, og eiga þeir rjett á að taka þátt í umræðunum, eins opt og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa.

Atkvæðisrjett hafa ráðgjafar því að eins, að þeir sjeu kosnir alþingismenn.

41. gr. Hvor þingdeild og eins hið sameinaða alþingi kys sjálft forseta sinn og varaforseta.

42. gr. Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um neitt, nema að minnsta kosti tveir þriðjungar þingmanna sjeu á fundi og greiði þar atkvæði.

43. gr. Heimilt er þingmanni að bera upp í þeirri þingdeild, er hann á sæti í, hvert það málefni, er almenning varðar, er þingdeildin leyfir, og beiðast skýrslu um það.

44. gr. Hvorug þingdeildin má taka nokkurt málefni til meðferðar á þingi, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sjer til flutnings.

45. gr. Þyki þingdeild ekki ástæða til að gjöra ályktun um eitthvert málefni, þá getur hún vísað því til landsstjórnarinnar.

46. gr. Fundi beggja þingdeilda og hins sameinaða alþingis skal halda í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpunum, krafizt, að öllum utanþingsmönnum sje vísað burt, og skal þá þingið eða þingdeild sú, er hlut á að máli, skera úr, hvort ræða skuli málefnið í heyranda hljóði eða eigi.

47. gr. Þingsköp hins sameinaða alþingis og beggja þingdeilda skal setja með lögum.

IV.

48. gr. Landsdómur skal skipaður dómendum hins æðsta dómstóls innanlands og öllum þingmönnum efri deildar. Ryðja má sá, er ákærður er, allt að 5 menn úr dómi, þó svo, að jafnan sitji dóminn eigi færri en 2 dómendur hins æðsta dómstóls. Jafnan skal tala dómenda á stöku standa, og skal því, ef til kemur, einn úr vikja eptir hlutkesti. Landsdómur velur forseta sinn. Endi kjörtími,

meðan á máli stendur í landsdómi, halda þó efri deildarmenn sæti sínu í dóminum. Rjettarfarið við dóm þenna skal ákveða með lögum.

49. gr. Landsdómur einn dæmir í þeim málum, er landstjóri eða neðri deild alþingis býr til á hendur ráðgjöfunum. Með leyfi neðri deildar getur landstjóri einnig kært aðra menn fyrir þessum dómi fyrir glæpi, er einkar-hættulegir þykja landinu.

50. gr. Skipun dómsvaldsins skal ákveðin með lögum.

51. gr. Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvaldanna. Þó getur sá, sem þar um leitar úrskurðar, ekki komið sjer hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð, með því að skjóta málinu til dóms.

52. gr. Dómsvaldið skal greina frá umboðsvaldinu með lögum.

53. gr. Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eptir lögum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.

V.

54. gr. Hin evangelisk-lúterska kirkja er þjóðkirkja landsins, og skal þjóðfelagið því styðja hana og vernda.

Sambandinu milli þjóðkirkju og landsstjórnar skal skipa með lögum.

55. gr. Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins. Þó má eigi kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

56. gr. Rjettindi trúfjelaga þeirra, sem frábrugðin eru þjóðkirkjunni, skal ákveða með lagaboði.

57. gr. Enginn má missa neins í af þegnrrjettindum sakir trúbragða sinna, nje heldur þeirra vegna skorast undan almennri fjelagsskyldu.

VI.

58. gr. Hvern, sem tekinn er fastur, skal án undandrátta leiða fyrir dómara, og sje hann þá eigi þegar látinn laus, skal dómari áður sólarhringur sje liðinn leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli í varðhald setja. Megi láta hann lausan móti veði, skal ákveða í úrskurðinum, hvert eða hversu mikið það skuli vera. Dómari og aðrir, sem viðriðnir eru, bera ábyrgð fyrir þeim, sem tekinn er fastur eða hindraður á annan hátt.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum. Engan má setja í gæzluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjesekt eða einföldu fangelsi.

59. gr. Heimilið er friðheilagt. Ekki má gjöra húsleit, nje kyrrsetja brjef og önnur skjöl, nje rannsaka þau, án dómsúrskurðar, nema lög sjerstaklega leyfi.

60. gr. Eignarrjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi

eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lög og komi fullt verð fyrir.

61. gr. Öll bönd þau, sem hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrjetti manna til atvinnu, og eigi eru byggð á almenningsheillum, skal aftaka með lögum.

62. gr. Sá, sem ekki getur sjeð fyrir sjer og sínum, og sje hann ekki skylduómagi annars manns, skal eiga rjett á að fá styrk úr almennum sjóði, en þá skal hann háður vera takmörkunum þeim, er lögin áskilja.

63. gr. Hafi foreldri eigi efni á að fræða sjálf börn sín, eða sjeu börnin mun-aðarlaus og öreigar, er það skylda þjóðfjelagsins að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri.

64. gr. Hver maður á rjett á, að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; en þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei lögta.

65. gr. Rjett eiga menn á að stofna fjelög í sjerhverjum löglegum tilgangi, án þess að leyfi þurfi að fá til þess. Ekkert fjelag má rjúfa með stjórnarráðstöfun. Þó má banna fjelag um stundarsakir, en þá verður þegar að búa mál til á hendur fjelaginu, til þess að það verði rofið.

66. gr. Rjett eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir.

67. gr. Hver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins eptir því, sem nákvæmar verður ákveðið með lögum.

68. gr. Rjetti sveitarfjelaganna til að ráða málefnum sínum skal skipa með lögum.

69. gr. Skattgjaldamálum skal skipa með lögum.

70. gr. Öll sjerstakleg rjettindi, er lögin hafa bundið við nafnbætur og tign, skulu vera af tekin.

VII.

71. gr. Frumvörp, hvort heldur er til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu alþingi og auka-alþingi. Nái frumvarpið um breyting á stjórnarskránni samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki hið nýkosna alþingi frumvarpið óbreytt, og nái það staðfesting konungs, þá hefur það gildi sem stjórnarlög.

72. gr. Þá er stjórnarskipunarlög þessi eru staðfest, og landsstjórn skipuð samkvæmt 6. og 7. gr. þeirra, er stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. dag janúarmánaðar 1874 numin úr gildi.

Ákvæði um stundarsakir:

Í íslenskum málum, þeim er eigi skal dæma í landsdómi samkvæmt þessum stjórnarskipunarlögum, er hæstirjettur í Danmörku æðsti dómstóll, þangað til breyting verður á því gjörð með lögum, er ríkisþingið og alþingi samþykkir.

Ed.**36. Tillaga**

til þingsályktunar um, að stjórnin gjöri nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að tollmunur íslenskum fiski, fluttum hjeðan til Spánar, verði afnuminn. — Eptir eina umr. í Nd.

Alþingi ályktar að skora fastlega á stjórn H. H. konungsins að bæta hið bráðasta úr hinni brýnu nauðsyn landsins með því nú þegar að gjöra þær ráðstafanir, sem með þarf, til þess að tollmunur sá, landinu og verzlun þess í óhag, sem spillir markaðinum á Spáni fyrir fisk þangað fluttan frá Íslandi og þar verkaðan, og sem um undanfarin ár hefur valdið landsbúum ærins fjártjóns, verði sem allrafyrst afnuminn.

Nd.**37. Frumvarp.**

til laga um afnám embætta, þá er hin endurskoðaða stjórnarskrá öðlast gildi. — Flutningsmenn: Árni Jónsson, Sigurður Jensson og Sigurður Stefánsson.

1. gr. Landshöfðingja, landritara, landfógeta og amtmanna-embættin skulu lögð niður, og enn fremur skulu verzleg störf greind frá biskupsembættinu.

2. gr. Breyting sú, sem verður á stöðu og verksviði biskupsins eptir 1. gr., skal að öðru leyti ákveðin nákvæmar með lögum.

3. gr. Landsstjórn sú, sem skipuð verður eptir hinum endurskoðuðu stjórnarskipunarlögum, skal til bráðabirgða annast um, að þeim störfum verði borgið, er nú liggja undir embætti þau, er afnumin skulu eptir 1. gr.

4. gr. Landsstjórnin skal leggja fyrir hið fyrsta reglulegt alþingi, er kemur saman eptir að hin endurskoðuðu stjórnarskipunarlög hafa öðlast gildi, frumvarp til laga um skipun framkvæmdar- og umboðs-valdsins.

Nd.**38. Viðaukatillaga.**

við frumvarp til laga um löggilding nýrra verzlunarstaða. — Epir 2. umr. í Nd. (31). — Frá Þórarni Böðvarssyni, Jóni Þórarinssyni, Gunnari Halldórssyni, Páli Ólafssyni, Sigurði Jenssyni og Sigurði Stefánssyni.

Aptan við frumvarpið bætist:

5. Við Þórshöfn í Gullbringusýslu.

Ed.**39. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum 14. desbr. 1877. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr.

Fyrir brot móti löggiltri samþykkt má ákveða sektir frá 1—100 króna, er tilfalli fátækra sjóði; svo má og ákveða, að öll veiðarfæri, er brúkuð eru gagnstætt ákvæðum samþykktar, megi skipaðir umsjónarmenn upp taka og í land flytja án úrskurðar yfirvalds. Í samþykkt má og ákveða, að slík veiðarfæri og affi sá, er með þeim hefur verið upp tekinn, sje hvorttveggja tapað eiganda, og að andvirðið renni sömuleiðis í fátækra sjóð.

Þó má ákveða þeim, er upp ljóstar broti gegn samþykkt, eða tekur upp veiðarfæri, allt að helmingi sekta, afla og veiðarfæra.

2. gr.

Með lögum þessum er 7. gr. laga um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, 14. des. 1877, úr gildi numin.

Ed.

40. Frumvarp

til laga um breyting á lögum 8. jan. 1886 um lán úr viðlagasjóði til handa sýslufjelögum til æðarvarpsræktar. — Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Í stað sýslunefnda þeirra, sem nefndar eru í lögum 8. jan. 1886, veitist lánið amtsráði vesturamtsins. Skal það verja því til að eyða flugvargi þeim, er æðarfugli grandar á svæði því, er æðarræktarfjelagið á Breiðafirði og við Strandaflóa nær yfir, samkvæmt reglum, er fjelagið setur og amtsráðið samþykkir.

2. gr. Endurgjaldinu verður jafnað niður á varpjarðirnar í þeim sýslum, er áðurnefnt fjelag nær yfir, samkvæmt fyrirmælum 2. gr. í tjeðum lögum og standi sýslumaður amtsráði skil á gjaldinu fyrir 11. júní, en amtsráðið lúki því tafarlaust í landssjóð.

Ed.

41. Viðaukatillaga

við frv. til laga um breyting á vínfangatollinum (17). — Frá flutningsmanni.

Aptan við frv. bætist ný málsgrein svo hljóðandi :

„Á tollskrá þeim og vöruskrá, sem skip eiga með sjer að hafa samkv. lögum 15. apr. 1854 (sbr. tilsk. 26. febr. 1872, § 2) skal ávallt tilgreindur styrkleiki ölsins; ella borgi tollgreiðandi toll af því, nema hann láti á sinn kostnað rannsaka það, er hingað kemur til lands, og fái vottorð lögreglustjóra um styrkleikann“.

Ed.

42. Frumvarp

til laga um lán úr viðlagasjóði til verndar æðarvarpi á Breiðafirði og við Strandaflóa. — Flutningsmenn: Arnljótur Ólafsson, Jón Pjetursson og Sighvatur Árnason.

1. gr. Amtsráði vesturamtsins veitist allt að 10,000 kr. lán úr viðlagasjóði; skal það verja því til að eyða flugvargi þeim, er æðarfugli grandar á varpjørðum æðarræktarfjelagsins á Breiðafirði og við Strandaflóa, samkvæmt reglum þeim, er fjelagið setur, og amtsráðið samþykkir. — Lánið ávaxtast og endurgelzt á 28 árum með 6 af hundraði á ári hverju.

2. gr. Hver ábúandi á varpjørð fjelagsmanna skal telja fram á hreppaskilapíngi í hreppi sínum á hausti hverju, hve mörg pund af hreinsuðum æðardúni hafi fengizt það sumar af ábyli hans, og skal hreppstjóri semja greinilega og ýtarlega skýrslu um framtal hvers eins og senda sýslumanni fyrir útgöngu nóvembermánaðar. Sýslumaður sendir aptur amtmanni skýrslurnar, er jafnar síðan árgjaldinu niður á varpjarðirnar, eptir dúni þeim, er af þeim hefur fengizt það ár, og sendir síðan sýslumanni skýrslu um það, hvað hver skuli borga. Síðan skal sýslumaður innheimta gjaldið fyrir lok maímánaðar og senda amtmanni, er borgar það í viðlagasjóðinn. — Árgjaldið má taka lögtaki, ef eigi er goldið í tæka tíð.

3. gr. Með lögum þessum eru lög 8. janúar 1886, um lán úr viðlagasjóði til handa sýslufjelögum til æðarvarpsræktar, úr gildi numin.

Nd.

43. Breytingar- og viðaukatillögur

við frv. til laga um farmgjald skipa.— Frá Benidikt Sveinssyni og Einari Thorlacius.

Við 1. gr. „þar á meðal“ falli í burtu, en í staðinn komi: „svo og öllum“. Aptan við orðin: „afla sinn“ bætist: „eða hafa nokkur viðskipti við landsmenn“. „Nú flytur“ og til enda greinarinnar falli burtu. Í stað þess komi 2. málsgrein svo orðuð:

„Ákvæði þessi ná eigi til póstgufuskipa hins sameinaða gufuskipafjelags, sem ganga milli Danmerkur og Íslands“.

Við 4. gr. Aptan við: „1830“ bætist: „sbr. 8. gr. 3. lið laga um siglingar og verzlun á Íslandi 15. apr. 1854“. Eptir „áteiknun“ komi: „skjala þeirra verzlunarskipa, er ræðir um í 1. gr. fyrri málsgrein“.

Nd.

44. Frumvarp

til laga um ráðgjafa ábyrgð.— Flutningsmenn: Benidikt Sveinsson, Einar Thorlacius og Olafur Briem.

Jafnskjótt sem hin endurskoðaða stjórnarskrá Íslands hefur náð staðfestingu konungs, og landsstjórn er skipuð samkvæmt henni, öðlast gildi eptirfylgjandi

Lög

um ráðgjafa ábyrgð.

1. gr. Ráðgjafana má ábyrgðar krefja fyrir sjerhver störf eða vanrækt starfa, er þeir hafa sekir um orðið í embættisfærslu síni, ef málið er svo vaxið, að þeir með því hafa, annaðhvort af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi, ridið í bága við stjórnarskrána eður önnur landslög.

2. gr. Hver sá ráðgjafi, er þannig gagnstætt stjórnarskránni eða öðrum landslögum, fyrir vanrækt embættisskyldu sinnar, með flutningi máls, ráði eða ályktun, kemur því til leiðar:

- a.) að nokkuð það sje ráðið eða framkvæmt, er miði til að skerða frelsi, sjálfstæði eða sjálfsforræði landsins;
- b.) að skert sje í nokkru rjettindi eða drottinvald konungs;
- c.) að nokkuð það, sem ályktun alþingis þarf til, sje framkvæmt án samþykkis þess;
- d.) að ályktunum alþingis sje eigi veitt það gildi, sem stjórnarskráin heimilar þeim;
- e.) að lög frá alþingi sje eigi lögð fyrir konung eða landstjóra til staðfestingar;
- f.) að synjað sje um skjöl, skilríki eða skýrslur, sem alþingi á heimtingu á, að því sje í tje látið;
- g.) að dregið sje lið inn í landið, eða beitt hervaldi gegn landsmönnum, án lagaheimildar eða samþykkis alþingis;

skal, svo framarlega sem brotið verður eigi metið landráðasök, hafa fyrirgjört embætti sínu, eða, ef stórsakir eru, dæmdur verða óverður til að hafa á hendi nokkurt embætti, umboð eða sýslun.

3. gr. Sektum frá 1000 til 5000 kr., eða eptir atvikum sömu hegningu, sem ákveðin er í 2. gr., sætir sá ráðgjafi, er gagnstætt stjórnarskránni eða öðrum landslögum, fyrir vanrækt embættisskyldu sinnar, með flutningi máls, ráði eða ályktun, stuðlar að því:

- a.) að tekjum landssjóðs eða þjóðeignum sje ótilhlýðilega varið eða stjórnað;
 - b.) að fje því, sem veitt er til landsparfa, sje eigi varið til þess, sem það er ætlað, að svo miklu leyti, sem nauðsyn ber til;
 - c.) að eigi sjeu gjörðar nauðsynlegar ráðstafanir um afgreiðslu, birtingu og framkvæmd laga og tilskipana;
 - d.) að nokkrum sje varnað að neyta rjettar síns til að senda konungi, alþingi eða hlutadeigandi valdsmanni bænaskrár;
 - e.) að lagðar sje tálmanir fyrir lögheimilað málfrelsi, fundafrelsi og prentfrelsi;
 - f.) að nokkrum sje embætti veitt, er eigi fullnægi öllum þeim skilyrðum, sem fyrir veitingu þess embættis eru sett í lögum;
 - g.) að konungur náði nokkurn glæpamann án lagaheimildar;
 - h.) að nokkrum sje varnað að neyta atkvæðisrjettar síns eða þingseturjettar með ófyrirsynju-rannsókn eða ákæru um glæp;
 - i.) að yfirskoðunarmönnum landsreikninganna sjeu eigi sendir reikningarnir í tæka tíð eða synjað um skýrslur þær og skjöl, er þeim þurfa þykir;
4. gr. Sje einhver ólöglega frá embætti settur, frelsi sviptur, fjármunum eða atvinnu, flæmdur frá verustað sínum eða landrækur gjör, skal ráðgjafi sá, er slíku hefur valdið eða að því stutt, fyrir vanrækt embættisskyldu sinnar, með málf lutningi, ráði eða ályktun, sæta hegningu samkvæmt 3. gr.
5. gr. Ef dregið er lengur en stjórnarskráin heimilar, að stefna saman alþingi, eða vanrækt er að annast um, að nýjar kosningar fari fram í lögákveðna tíð, varðar það ráðgjafa hegningu samkvæmt 2. gr.
6. gr. Sömu hegningu varðar það ráðgjafa, ef bráðabirgðalög eru gefin út, án þess að brýna nauðsyn beri til, svo sem ef bráðabirgða-fjárlög eru út gefin, eptir að alþingi eða önnurhvor deild þess hefur rofin verið, án þess þingið hafi átt kost á, að leiða fjárlögin til lykta, eða slík lög eru út gefin meðan fundum alþingis er frestað, hvort heldur frestunin er með samþykki þingsins eða eigi.
- Sama er og um það, ef nauðsynin að gefa út bráðabirgðalög var fyrirsjáanleg meðan alþingi stóð yfir, án þess því hafi verið gefinn kostur á, að ráða málefni því til lykta.
7. gr. Nú þykir ráðgjafa nauðsyn til bera, að brúka fje umfram það, er alþingi hefur veitt, eða á annan hátt, en ákveðið er, og verður hann þá sekur eptir 2. gr., ef hann hefur varið fjenu gagnstætt því, sem bersýnilega mátti gjöra ráð fyrir að væri vilji þingsins.
8. gr. Hafi ráðgjafi í málum þeim, er landstjóri eða neðri deild alþingis er aðili að, brotið gegn almennum hegningarlögum, skal ákveða hegninguna eptir þeim, nema öðruvísi sje fyrir mælt í lögum þessum.
9. gr. Ekki skal ráðgjafi sekur gjör fyrir landsdómi eptir lögum þessum, nema $\frac{2}{3}$ hlutir dómenda greiði atkvæði fyrir áfellisdómi hans.

Ed.

45. Frumvarp

til laga um lögginging nýrra verzlunarstaða. — Eptir 3. umr. í Nd.

Löggiltir verzlunarstaðir skulu vera:

1. Að Haukadal í Dýrafirði.

2. Á Höfn í Sjettuhreppi.
3. Múlahöfn við Hjeraðsflóa í Norður-Múlasýslu.
4. Á Svalbarðseyri við Eyjafjörð.
5. Við Þórshöfn í Gullbringusýslu.

Ed.

46. Tillaga

til þingsályktunar um, að mældur verði Húnaflói og uppsigling á Hvammsfjörð. — Flutningsmaður: Jakob Guðmundsson.

Alþingi skorar á ráðherra Íslands, að hlutast til um, að mældur verði Húnaflói og uppsigling á Hvammsfjörð sem fyrst, svo og hafnarstæði þau, er þar kynnu að þykja hentust, einkum við Vestliðaeyri, Búðardal og Borðeyri.

Ed.

47. Viðaukatillaga

við frumvarp til laga um afnám svonefndra Marfu- og Þjeturslamba (30). — Frá Sighv. Árnasyni.

Aptan við frumvarpið bætist: „Eigi skal leiguliðum í þyngt af landsdrottnum í staðinn fyrir afnám lambseldanna“.

Nd.

48. Frumvarp

til laga um afnám embætta. — Flutningsmenn: Sigurður Stefánsson, Sigurður Jensson og Árni Jónsson.

Jafnskjótt sem stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 er úr lögum numin og hin endurskoðaða stjórnarskrá er komin í gildi, öðlazzt gildi eptirfylgjandi

Lög

um afnám embætta.

1. gr. Landshöfðingja, landritara, landfógeta og amtmanna-embættin skulu lögð niður, og enn fremur skulu verzzleg störf greind frá biskupsembættinu.

2. gr. Breyting sú, sem verður á stöðu og verksviði biskupsins eptir 1. gr., skal að öðru leyti ákveðin nákvæmar með lögum.

3. gr. Landsstjórn sú, sem skipuð verður eptir hinum endurskoðuðu stjórnarskipunarlögum, skal til bráðabirgða annast um, að þeim störfum verði borgið, er nú liggja undir embætti þau, er afnumin skulu eptir 1. gr.

4. gr. Landsstjórnin skal leggja fyrir hið fyrsta reglulegt alþingi, er kemur saman eptir að hin endurskoðuðu stjórnarskipunarlög hafa öðlazzt gildi, frumvarp til laga um skipun framkvæmdar- og umboðs-valdsins.

Nd.

49. Breytingartillaga

við breytingar- og viðaukatillögur (43) við frumvarp til laga um farmgjald skipa (21).—Frá Eiríki Briem.

Orðin: „hins sameinaða gufuskipafjelags“ falli burtu.

Nd.**50. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 8. jan. 1886 um lán úr viðlagasjóði til handa sýslufjelögum til æðarvarpsræktar. — Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Í stað sýslunefnda þeirra, sem nefndar eru í lögum 8. jan. 1886, veitist lánið amtsráði vesturamtsins. Skal það verja því til að eyða flugvargi þeim, er æðarfugli grandar á svæði því, er æðarræktarfjelagið á Breiðafirði og við Strandaflóa nær yfir, samkvæmt reglum, er fjelagið setur og amtsráðið samþykkir.

2. gr. Endurgjaldinu verður jafnað niður á varpjarðirnar í þeim sýslum, er áðurnefnt fjelag nær yfir, samkvæmt fyrirmælum 2. gr. í tjeðum lögum og standi sýslumaður amtsráði skil á gjaldinu fyrir 11. júní, en amtsráðið lúki því tafarlaust í landssjóð.

Ed.**51. Frumvarp**

til laga um breyting á vínfangatollinum. Eptir 2. umr. í Ed.

Af almennu „hvítöli“ svo kölluðu greiðist enginn aðflutningstollur.

Ekkert öl, það er sterkara reynist en 1 stig á vínandamæli, getur komizt undir þessa ákvörðun.

Á tollskrá þeim og vöruskrám, sem skip eiga með sjer að hafa samkvæmt lögum 15. apr. 1854 (sbr. tilsk. 26. febr. 1872, § 2) skal ávallt tilgreindur styrkleiki ölsins; ella borgi tollgreiðandi toll af því, nema hann láti á sinn kostnað rannsaka það, er hingað kemur til lands, og fái vottorð lögreglustjóra um styrkleikann.

Nd.**52. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um laun landsstjórnar þeirrar, er skipa skal, þá er hin endurskoðaða stjórnarskrá er staðfest (32). — Frá Þorleifi Jónssyni og Jóni Jónssyni.

1. Við 1. gr. Í stað „14000“ komi: 10000
2. Við 3. gr. Í stað „3000“ komi: 2500.
3. Við 4. gr. Í stað „8000“ komi: 6000.

Nd.**53. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breytingar á lögum um aðflutningsgjald á tóbaki 11. febrúar 1876 (28). — Frá Sigurði Jenssyni, Sigurði Stefánssyni, Árna Jónssyni og Jóni Jónssyni.

Við 2. gr. Í staðinn fyrir «100 aurar» komi: 200 aurar.

Nd.**54. Breytingartillögur**

við frumvarp til laga um breyting á lögum um aðflutningsgjald á tóbaki 11. febr. 1876 (28). — Frá Ólafi Briem.

1. Við 1. gr. Í staðinn fyrir «50 aurar» komi: 20 aurar.
2. Við 5. gr. Í staðinn fyrir «1. dag októbermánaðar 1886» komi: 1. dag janúar- mánaðar 1887.

Nð. 55. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um breyting á lögum um gjald af brennivín og öðrum áfengum drykkjum 7. nóvbr. 1879 (27).—Frá Ólafi Briem.

1. Í staðinn fyrir 1.gr. komi ný grein svo látandi:

1. gr. Hjer eptir skal greiða aðflutningsgjald af hvítöli 5 aura og af annars konar öli 10 aura fyrir hvern pott.

Af rauðvíni og messuvíni skal greiða 20 aura af hverjum potti, f hverju fláti sem það er flutt.

Af brennivíni eða vínanda skal greiða af hverjum potti:

með 8^o styrkleika eða minna 40 aura

yfir 8^o og allt að 12^o styrkleika 60 —

yfir 12^o styrkleika 80 —

Af öllum öðrum vínföngum skal greiða 100 aura af hverjum potti, ef þau eru flutt í flátum stærri en svo, að þau rúmi 1 pott, en sjeu þau flutt í minni flátum, skal greiða sama gjald af hverjum 3 pelum, sem af potti í stærri flátum.

Gjald þetta rennur í landsjóð.

2. Við 3. gr. Í staðinn fyrir „1. dag októbermánaðar 1886“ komi 1. dag janúarmánaðar 1887.

Nð. 56. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um breyting á lögum um aðflutningsgjald á tóbaki 11. febr. 1876 (28). — Frá Árna Jónssyni.

1. Við 1. gr. Í staðinn fyrir: «50 aurar,» komi: 30 aurar.

2. Við 5. gr. Í staðinn fyrir. «1. dag októbermánaðar 1886,» komi: 1. dag janúarmánaðar 1887.

Nð. 57. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um breyting á lögum um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 7. nóv. 1879 (27). — Frá Árna Jónssyni og Sigurði Stefánssyni.

1. Við 1. gr. 2. málsgr.: Í stað «60 aura» komi: 45 aura.

Í stað «90 aura» komi: 70 aura.

Í stað «120 aura» komi: 90 aura.

Við 1. gr. 4. málsgr: Í staðinn fyrir «120 aura» komi: «100 aura».

2. Við 3. gr. Í staðinn fyrir «1. dag októbermánaðar 1886» komi: 1. d. janúarmánaðar 1887.

Nð. 58. Breytingartillögur

við frumvarp til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands (35). — Frá Grími Thomsen.

1. 2. gr. orðist þannig:

Hin sjerstaklegu málefni Íslands eru samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu, 2. jan. 1871, þessi:

1. Hin borgaralegu lög, hegningarlögin og dómgæzlan, er hjer að lýtur, þó

verður engin breyting gjörð á stöðu hæstarjettar sem æðsta dóms í íslenskum málum, án þess að hið almenna löggjafarvald ríkisins taki þátt í því;

2. Lögreglumálefni;
3. Kirkju- og kennslumálefni;
4. Lækna- og heilbrigðismálefni;
5. Sveita- og fátækramálefni;
6. Vegir og póstgöngur á Íslandi;
7. Landbúnaður, fiskveiðar, verzlun, siglingar og aðrir atvinnuvegir;
8. Skattamál beinlínis og óbeinlínis;
9. Þjóðeignir, opinberar stofnanir og sjóðir.

Á meðan að Ísland ekki hefur fulltrúa á ríkisþinginu, tekur það engan þátt í löggjöfni um hin almennu málefni ríkisins, en aptur á móti verður þess ekki krafizt, að Ísland leggi neitt til hinna almennu þarfa ríkisins, á meðan að svo á stendur.

Um það, hvort Ísland eigi að hafa fulltrúa á ríkisþinginu, verður að eins ákveðið með lögum, sem bæði hið almenna löggjafarvald ríkisins og hið sjerstaka löggjafarvald Íslands samþykkir.

2. Við 7. gr. orðið „alla“ falli burt.
3. — 8. gr.: í staðinn fyrir orðin „þrír, og skal einn vera æðstur þeirra“, komi: tveir, og skal annar vera hinum æðri. Engin fá þeir eptirlaun.
4. — 8. gr.: Fyrir „æðsti“ komi: æðri.
5. — 10. — Orðin „konungur eða“ falli burt á öllum þrem stöðum í greininni.
6. — 16. — Orðin í upphafi greinarinnar: „konungs eða“ falli burt.
7. — 17. — Orðin „konungur eða“ falli burt.
8. — — — Á eptir orðin: „næsta alþingi á eptir“, komi: í þingsbyrjun; að öðrum kosti eru þau fallin niður.
9. — 18. — Orðin í upphafi greinarinnar: „konungur eða“ falli burt.
10. — 19. — Orðin: „fyrir brot á stjórnarskránni“ falli burt.
11. — 32. — Eptir orðin: „láta af hendi neina af fasteignum landsins“, komi: hvort heldur er landssjóðseignir eða kirkjujarðir.
12. — 34. — Eptir orðin í fyrstu málsgrein: „hinum almenna ríkissjóði“, komi: sem, samkvæmt lögum um hina stjórnarlegu stöðu Íslands í ríkinu 5. gr., sbr. 6. gr., er greitt til hinna sjerstaklegu gjalda Íslands.
13. — 71. — Á eptir orðunum: „beggja þingdeildanna“ komi: og vilji stjórnin styðja málið, skal rjúfa o. s. frv.
14. Ákvæðið um stundarsakir: „Í íslenskum málum o s frv.“ falli burt.

Nd.

59. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, 7. nóvbr. 1879. — Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Af brennivíni eða vínanda skal greiða af hverjum potti:

með 8 ^o styrkleika eða minna	45 aura
yfir 8 ^o og allt að 12 ^o styrkleika	70 —

yfir 12^o styrkleika 90 —

Af öllum öðrum vinföngum skal greiða 100 aura af hverjum potti, ef þau eru flutt í flátum stærri en svo að þau rúmi 2 merkur, en sjeu þau flutt í minni flátum, skal greiða sama gjald af hverjum 3 pelum sem af potti í stærri flátum.

Gjald þetta rennur í landssjóð.

2. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. dag janúarmár. 1887.

Nd. 60. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um aðflutningsgjald á tóbaki 11. febr. 1876. — Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Af hverju pundi tóbaks, hvort heldur reyktóbaki, munntóbaki (rullu) eða neftóbaki (rjóli), skulu goldnir 30 aurar.

2. gr. Af hverjum 100 vindlum skulu greiddir 100 aurar.

3. gr. Verði nokkur uppvís að tollsvikum, skal hann sæta sektum frá 500 til 5000 króna.

4. gr. Hjer með er úr lögum numin 1., 2. og 4. grein í lögum um aðflutningsgjald á tóbaki 11. febr. 1876.

5. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. dag janúarmán. 1887.

Nd. 61. Frumvarp

til laga um laun landsstjórnar þeirrar, er skipa skal, þá er hin endurskoðaða stjórnarskrá er staðfest. — Eptir 2. umr. í Nd.

1. gr. Landstjóri hefur í laun 14,000 kr. árlega.

2. gr. Hver ráðgjafi hefur í laun árlega 5000 kr.

3. gr. Þrír skrifstofustjórar hafa í árslaun 3000 kr. hver.

4. gr. Til skrifstofukostnaðar á ráðgjafaskrifstofunum hefur allt ráðaneytið umráð yfir allt að 6000 kr. árlega.

Ed. 62. Frumvarp

til laga um að stjórninni veitist heimild til að selja þjóðjörðina Höfðahús í Fáskrúðsfjarðarhreppi í Suðurmúlasýslu. — Eptir 3. umr. í Nd.

Ráðgjafanum fyrir Ísland veitist heimild til að selja þjóðjörðina Höfðahús í Fáskrúðsfjarðarhreppi fyrir söluverð, er að minnsta kosti nemi 1000 krónum, og skal um söluna farið eptir ákvæðum þeim, er gjörð eru í 2. og 3. gr. í lögum nr. 26 8. nóvbr. 1883.

Ed. 63. Viðaukatillaga

við frumvarp til laga um löggilding nýrra verzlunarstaða (45). — Frá Friðrik S. Stefánssyni.

Aptan við frumvarpið bætist:

6. Við Haganesvík í Skagafjarðarsýslu.
-

Nd. 64. Viðaukatillaga

við tillögu til þingsályktunar um að mæld verði uppsigling á Hornafjörð og könnuð skipalega við Ingólfshöfða (26). — Frá Ólafi Pálssyni.

Aptan við þingsályktunartillöguna bætist: „og mæld skipalega á Víkinni fyrir austan Reynisfjall í Dyrhólahreppi í Vestur-Skaptafellssýslu“.

Nd. 65. Frumvarp

til laga um lausn frá árgjaldsgreiðslu af prestakalli.—Eptir 3. umr. í Ed.

Magnús prestur Jónsson í Laufási skal frá fardögum 1884 og allan þann tíma, sem hann er prestur í Laufáss prestakalli vera leystur frá að greiða til landssjóðs 400 króna árgjald það, sem eptir lögum 27. febrúarmán. 1880 um skipun prestakalla ber að greiða af Laufáss prestakalli.

Nd. 66. Breytingartillögur

við frumv. til laga um laun landsstjórnar þeirrar, er skipa skal, þá er hin endurskoðaða stjórnarskrá er staðfest. — Eptir 2. umr. í Nd. (61). — Frá Þorláki Guðmundssyni, Sveini Eiríkssyni, Þorv. Bjarnarsyni, Ólafi Pálssyni, Ólafi Briem og Gunnari Halldórssyni.

1. Við 1. gr. Aptan við greinina bætist: „og leigulausan bústað“.
 2. — 3. gr. Orðið: „Þrír“ falli burt.
-

Nd. 67. Viðaukatillaga

við frv. til laga um breyting á lögum um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 7. nóv. 1879.—Eptir 2. umr. í Nd. (59).—Frá J. Jónassen, Þórarni Böðvarssyni, Grími Thomsen, Þorv. Bjarnarsyni, Gunnari Halldórssyni og Sigurði Jenssyni.

Á undan síðustu málsgrein í 1. gr. (: „Gjald þetta rennur í landssjóð“) komi ný málsgrein svo hljóðandi:

„Þó skulu lyfsalar hjer á landi vera undanþegnir að greiða nokkurt gjald af vínanda, sem eingöngu er ætlaður til meðalagjörða; skal landshöfðingi eptir uppástungu landlæknis ákveða, hversu marga potta hver lyfsali þannig megi fá“.

Ed.

68. Nefndarátt

í málinu um: Frumv. til laga um kosningar til alþingis (24).

Vjer, sem hin heiðraða efri deild kaus í nefnd til að íhuga ofangreint frumvarp, höfum hugleitt það og rætt það á fundum, og er álit vort um það á þessa leið.

Það er frumvarpið snertir í heild sinni, álitum vjer það yfir höfuð heppilega byggt á þeim grundvelli, sem hin endurskoðaða stjórnarskrá leggur. Það er auðsjáanlega tilgangur hennar, að kosningarnar til hvorrar þingdeildar um sig, skuli auk hins herra aldurstakmarks, sem hún setur fyrir kjörgengi til efri deildar, hvíla á sjerstökum grundvelli, þar sem hún skipar svo fyrir, að fulltrúar til efri deildar skuli kosnir um land allt sjálfsagt í einu lagi, en til neðri deildar (í mótsetningu við hina) > í kjördæmum <.

Eins og kunnugt er, eru allar kosningar nú hjer á landi byggðar á skilyrðislausum höfðatölu-grundvelli. En er um það er að ræða, að finna annan grundvöll í þess stað fyrir kosningum til annararhvorrar deildarinnar, þá virðast einkum blasa við þrjár vegir: Einn er sá, að binda kosningarrjett við nokkuð hátt efna-takmark; annar sá, að hafa kosningar tvöfaldar; þriðji sá, að fylgja hlutfallskosninga-aðferðinni. Svo mætti og hugsa sjer sameining fleiri en eins af þessum kjörháttum, t. d. tvöfaldar kosningar, þar sem kjörmenn væru kosnir eptir meirihluta-aðferð, en kysu aptur þingmenn eptir hlutfallskosninga-aðferð.

Alla þessa vegi hefur nefndin hugleitt, og skal minnast stuttlega á hvern um sig.

Hjer á landi eru engar sjerstakar stjettir efnamanna, er hafi sjerstaka hagsmuni frábreytta öðrum landsmönnum yfir höfuð, nje heldur nein óháð stjett manna, sem sjerstaklega sje fremri að menntun eða andlegri atgervi, en landsmenn almennt. Virðist oss því, að hjer í landi sjeu engar þær ástæður fyrir hendi, er gjöri það á nokkurn hátt sennilegt, að grundvalla kosningar til annarar hvorrar deildar þingsins á sjerstöku háu efnatakmarki, nje yfir höfuð að binda þær við sjerstakar stjettir.

Það er til tvöfaldrar kosninga kemur, þá er tvennt einkum athugasvert við þær: Fyrst það, að sjeu þær meiri-hluta kosningar, þá er grundvöllurinn í rauninni hinn sami sem við einfaldar kosningar — skilyrðislaust höfðatölu-magn eða meiri-hluta ein-veldi. Það hið annað, að reynslan sýnir annarstaðar (í Noregi), að það fer svo fjarri, að kjörmenn taki frumkjósendum fram að því leyti, að þeir sjeu óháðari flokksfylgi eða sjálfstæðari í atkvæðagreiðslu, að afleiðingin af tvöfaldrar kosningar-aðferð verður að eins sú, að kjörmenn verða þeir einir kosnir, er fyrirfram binda sig því, að kjósa eins og frumkjósendur leggja fyrir þá; kjörmennirnir fá því í framkvæmdinni fast umboð („*mandat impératif*“) og verða því, eptir því, sem reynd hefur á orðið, tvöfaldar kosningar að eins til þess, að styrkja enn öfluglegar einveldi höfðatölu-meirihlutans. Það væri því að eins kosningar-aðferðin, sem yrði ólík hinum einföldu kosningum, en grundvöllurinn og árangurinn yrði hinn sami óbreyttur.

Sama mætti að mestu segja um sameining hlutfalls-kosninga og tvöfaldrar kosninga, að væru frumkosningarnar meirihluta-kosningar, þá væri grundvöllurinn óraskaður, þótt kjörmennirnir kysu svo hlutfallskosningum.

En að hafa hlutfallskosningar tvöfaldar, þannig, að bæði frumkosningar og aðal-kosningar færu fram eptir hlutfalls-aðferðinni, væri að eins til að menga frumreglu hlutfallskosninganna, og einkanlega að gjöra þær óbærilega umsvifamiklar án þess nokkuð væri í aðra hönd við það unnið.

Hlutfalls-kosningarnar eru aptur sú kosningar-aðferð, sem oss virðist langbezt fullnægja

rjettlætis-hugsjóninni fyrir öllum kosningum, og sem hljóti því að laða að sjer hugi rjettsýnustu og sanngjörnustu manna af öllum skoðan aflokkum.

Af því að kosninga-áferð þessi er að líkindum lítt kunn enn hjer á landi, og sumir því fyrirfram kunna að ætla hana flóknari eða vandasamari, en hún í rauninni er, höfum vjer sett upp dæmi um kosningar eptir henni til skýringar, og látum það fylgja þessu nefndarálit.

Vjer verðum því að fallast á meginreglu þá, sem frumvarpið hvílir á, sem er, að kjósa hlutfallskosningum til efri deildar, en kjósa til neðri deildar í kjördæmum, og virtist oss þá heppilegast, að láta hina stærri sveita-skipting landsins í sjálfstæð sveitarfjelög — sýslur og kaupstaði —, ráða kjördæma-ummerkjum, þannig, að hvert sýslufjelag eða bæjarfjelag (kaupstaður) kjósi einn fulltrúa. En með því að þessi kjördæmi eru enn sem stendur að eins 23, en tala þingmanna í neðri deild er ráðgerð 24, þá þótti oss hlýða bezt að láta það kjördæmi, sem er fjölmennast bæði að fólksfjölda yfir höfuð, og sjerstaklega að kjósendum, og sem telja mí vist, að verði langfjölmennast að kjósendum eptir ákvæðum hinnar endurskoðuðu stjórnaðskrár, kjósa 2 þingmenn, þar til er sýslufjelögum eða bæjarfjelögum fjölgar. En þá er þeim fjölgar, fellur niður annar þingmaður þessa kjördæmis (Árnessýslu), og kemst þá fullt samræmi á um land allt.

Samkvæmt þessu leggjum vjer til, að breytt sje 35. gr.

Hinar aðrar breytingar, er vjer leggjum til að hin h. deild samþykki, eru svo vaxnar, að þær bera flestar með sjer ástæður sínar, enda eru þær engar verulegar, eða breyta meginatriðum, heldur eru flestar formlegar fremur en efnislegar.

Vjer ráðum því hinni h. efri deild að samþykkja frumvarpið, sem að undanteknum kosningum til efri deildar, er í öllu verulegu samhljóða hinum núgildandi kosningarlögum, með breytingum þeim, er vjer komum fram með og hjer með fylgja.

Á alþingi, 10. d. ágústmán. 1886.

Jón Ólafsson, *Hallgrímur Sveinsson,*
form. og framsögumaður. skrifari.
F. S. Stefánsson. Sighvatur Arnason. Jakob Guðmundsson.

Ed.

69. Fylgiskjal

við nefndarálit um kosningalög til alþingis (68).

Dæmi af hlutfallskosningu til efri deildar.

Við kosninguna koma fram 5 tillöguskrár, nr. 1.—5. — Þær líta þannig út (að undirskriptum frá skildum):

Nr. 1.

1. Oddur Árnason.
2. Þórður Grímsson.
3. Hallgrímur Jónsson.
4. Björn Geirsson.

Nr. 2.

1. Guðmundur Sigurðsson.

Nr. 3.

1. Jón Jónsson.
2. Geir Benediktsson*
3. Ólafur Jónsson.
4. Snorri Jónsson.
5. Eyvindur Arnason.
6. Brandur Sveinsson.
7. Gunnar Geirsson.
8. Kolbeinn Brandsson.

Nr. 4.

1. Ásmundur Jónsson.
2. Jóhannes Sveinsson.
3. Þorleifur Guðmundsson.
4. Jakob Pjetursson.
5. Sigurður Jónsson.
6. Geir Benediktsson.*
7. Páll Jónsson.
8. Pjetur Jakobsson.

9. Kjartan Ólafsson.
10. Skapti Jónsson.
11. Sveinn Bjarnason.
12. Eiríkur Árnason.

Nr. 5.

1. Ásgeir Bessason.
2. Sigtryggur Ófeigsson.

Kjösendur á landinu voru þetta ár 8119; en af þeim greiddu atkvæði við kosningarnar að eins 6600, þannig að

tillöguskrá Nr. 1.	fjekk	411	atkvæði.
—	— 2. —	607	—
—	— 3. —	1070	—
—	— 4. —	4344	—
—	— 5. —	168	—

Atkvæði greidd á landinu alls: 6600

Nú er 6600 deilt með tölu þingmanna þeirra, sem kjósa skal, nl. 12.

$$\begin{array}{r} 12)6600 \\ \underline{550} \end{array}$$

550, sem út kemur, er þá hlutfallstalan, sem leggst til grundvallar fyrir kosningunni. Nú er atkvæðatölu þeirri, sem hver skrá hefir hlotið, deilt með 550, og sjest þá, hve margir kosnir eru af hverri skrá. Sú deiling verður þannig (í svigum er settur afgangur sá eða brot, sem fyrst kemur eigi til greina):

1. Skrá	411 atkv.,	deilt með 550,	fær 0 þingmann	(⁴¹¹ / ₅₅₀)
2. —	607 — —	— 550,	— 1 —	(⁶⁰⁷ / ₅₅₀)
3. —	1070 — —	— 550,	— 1 —	(⁶⁰⁷ / ₅₅₀)
4. —	4344 — —	— 550,	— 7 þingmenn	(⁴⁹⁴ / ₅₅₀)
5. —	168 — —	— 550,	— 0 þingmann	(¹⁶⁸ / ₅₅₀)

9

Þannig eru þá kosnir 9 þingmenn og vantar enn 3; 3. skrá hefir hæst brot ónotað (520), og fær því 1 þingmann til; en með því Geir Benediktsson er þegar kosinn á 4. skrá, þá er hlutkastad um á hvorri skránni Geir skuli kosinn, og kemur upp hlutur 4. skrár; Pjetur Jakobsson verður því á henni kosinn. Þar næst hefur 4. skrá hæst brot ónotað (494), og fær hún því einn til, hinn áttunda, sem verður Kjartan Ólafsson; 1. skrá hefur hæst brot þessu næst (411), og fær því einn þingmann, (Odd Árnason). 5. skrá hefur svo fá atkvæði, að hún nær ekki að koma til greina. En hefði nú staðið að eins 8 nöfn á 4. skrá (en einn fjell burt, kosinn á 3. skrá), þá hefði sú skrá átt rjett á einum þingmanni fleira en hún hafði nöfn til, og þann rjett hefði 5. skrá þá fengið.

Ed.

70. Breytingartillögur

við frv. til laga um kosningar til alþingis (24.).

Frá nefndinni.

1. við 1. gr. stafl. c: *á eptir* «öðrum háðir» komi: «í stað».
2. — • — — d: *orðist þannig*: «konur, þær er sjálfstæða atvinnu reka eða á einhvern hátt eiga með sig sjálfar og að öðru leyti fullnægja hinum almennu skilyrðum fyrir kosningarrjettinum».
3. — 6. —: *Fyrir*: «sá sem» komi: «sá karlmaður, sem».
4. — 9. —: *Fyrir*: «þann dag í árinu» komi: «þann dag á árinu» (orðabr.)
5. — 13. —: *síðast í gr.*: «gengnin» (*prentvilla*) *lagfærast og verði* «genginn».
6. — 14. —: *Í niðurl. 1. málgr.*: «Sömu skýrslu . . . gefa ráðgjafa» *breytist þannig*. «Fyrir sama tíma skulu oddvitar bæjarstjórna í kaupstöðum skýra ráðgjafa frá, hvort skrárnar sju leiðrjettar» *og greinin endi þar*.
7. — 14. —: *2. málgr.*: «hafi sýslumaður . . .» *verði upphaf 15. greinar, og aptan við málgr. bætist*: «Sams konar umsjónar- og aðhalds- vald, sem sýslumenn hafa gagnvart hreppsnefndum, skal ráðgjafi hafa gagnvart sýslumönnum og oddvitum bæjarstjórna».
8. — 14. —: *3. málgr.* (sem verði *2. málgr.* í *15. gr.*): *Niðurlag hennar*: «Ráðgjafi skal . . . að halda» *falli burt*.
9. — 15. — *falli burt, en í stað hennar komi svo látandi niðurlag á hina nýju 15. gr.*: «Verði það uppvíst, að kjörskrárnar sju ekki leiðrjettar á lögskipaðan hátt, skal hann þar að auki tafarlaust gjöra þær ráðstafanir, sem fyrir skipaðar eru í lögnum, að við lögðum hæfilegum þvingunarsektum. Þegar slíkt kemur fyrir, hefur ráðgjafinn vald til að stytta sjerhvern lögákveðinn frest».
10. — 16. —: *Fyrir* «ráðgjafi» komi: «valdstjórnin».
11. — 17. —: *Fyrir*: «til reiðu» komi: «á reiðum höndum» (orðabr.).
12. — 18. —: *Aptan við gr bætist*: «Eptir hlutfallskosninga aðferð».
13. — 19. —: *Upphaf 2. málgr. orðist svo*: «Hver hreppur og hver kaupstaður skal vera kjörþinghá útaf fyrir sig, og skal þar vera þriggja manna . . .» o. s. frv.
14. — • —: *Fyrir*: «skal . . . einn þeirra vera» komi: «og sje að minnsta kosti einn þeirra».
15. — 20. —: *Fyrir*: «þeir, sem mættir eru úr henni» komi: «þeir kjörstjórar, sem mættir eru» (orðabr.).
16. — 22. —: *Í 2. málgr.*: *eptir* «senda» *bætist inn*: «sýslumanni áleiðis til».
17. — 25. —: *Fyrir*: «á þingstað hreppsins» komi: «á þingstað kjörþinghárinnar» (orðabr.).
18. — 29. —: *Orðin* «tvö» *og* «annað» *í 1. og 2. línu falli burt*.
19. — 29. —: *Fyrir*: «hitt eptirritið, og ritar á það» komi: «sjálfa kjörskrána, og ritar á hana».
20. — 30. —: *Á eptir*: «svo sem áður er fyrir mælt» *bætist inn*: «(22. gr.)».
21. — 31. —: «Verði eigi nógu margir» *byrji nýja málsgrein (línu)*.
22. — 31. —: «Umfram heila tölu» *falli burt*.
23. — 31. —: *Á eptir*: «koll af kalli» komi: «unz fullri þingmanna-tölu er náð».
24. — 31. —: (*í síðustu málgr.*): «upp á þær» *falli burt*.

25. — 33. —: «31. og» *bætist inn á undan*: «32. gr.».
26. — 35. —: *orðist þannig*: «Sjerhvert sýslufjelag og bæjarfjelag á landinu skal vera kjördæmi útaf fyrir sig og kjósa einn þingmann».
27. — 36. —: «Reykjavík» *breytist í* «kaupstöðum».
28. — 36. —: *Framan við 39. gr. komi yfirskrift*: «Þingmanna-efni».
29. — 39. —: «alþingismenn» *breytist í*: «alþingismañn» (orðabr.).
30. — 39. —: «látið bjóða» *breytist í*: «boðið».
31. — 39. —: *Framan við 42 gr. komi fyrirögn*: «Kjörfundir og kosningar».
32. — 39. —: *Fyrirsöguin* «Kosningar» *framan við 48. gr. falli burt*.
33. — 48. —: Í 1. málsg. þessar orðabreytingar.
 «taki við kosningu» *fyrir*: «tæki...»
 «boðin» *fyrir*: «boðni» («eru fram»)
 «þingmannsefni [fram til kosn.]» *fyrir*: «þingmannaefni...»
 «þó» *fyrir* «samt» bæði hjer og annarstaðar í frv.
 «viðstöð» *fyrir*: «viðstaddir»
 «til máls eptir stafrófsröð upphafsstafa» *fyrir*: «til orða eptir upphafsstafa».
34. — 48. —: *Aptan við 2. málsg. bætist*: «Bjóði nokkur úr kjörstjórn sig fram til kosningar, skal hann þegar úr kjörstjórn víkja, og hinir, sem eptir verða, kjósa annan mann í hans stað».
35. — 48. —: *Fyrir*: «einum (eða fram fara)» *komi*: «einu af þeim þingmannaefnum, sem boðin hafa verið fram til kosningar. Þótt eigi sje fleiri en eitt þingmannsefni í boði, skal atkvæðagreiðsla þó fram fara».
36. — 50. —: *Fyrir*: «Einn af binum, sem í kjörstjórninni eru» *komi*: «Annar meðkjörstjórnanna» og
fyrir: «Annar úr kjörstjórninni» *komi*: «Hinn meðkjörstjórninn» — og
fyrir: «(ef þeir hafa kosningarrjett)» *komi*: «(sjeu þeir kjósendur)».
37. — 52. —: *Fyrir*: «Í kjörbókinni skal bókað, hvernig kosningin hafi farið» *komi*: «Í kjörbók skal skráð, hver úrslit kosning hafi fengið».
38. — 52. —: *Fyrirsögn IV. kafla verði*: «Sameiginlegar ákvarðanir um kostnað o. fl.».
36. — 55. —: *Fyrir*: «Kjörstjórnirnar» *komi*: «Kjörstjórnir».
fyrir: «Reykjavík» *komi*: «kaupstöðunum» [á tveim stöðum].
40. — 55. —: *Fyrir*: «þau sem síðast voru nefnd» *komi*: «þessi».
41. — 55. —: *Aptan við frv. bætist ný (57.) grein svo látandi*: «Þá er lög þessi öðlast gildi, eru eldri lög og ákvarðanir um kosningar til alþingis úr lögum numin».
42. — 55. —: *Aptan við 57. gr. bætist*:

Ákvæði um stundarsakir

Þangað til tala sýslufjelaga og bæjarfjelaga á landinu verða 24, skulu í Árnes-sýslu 2 þingmenn kosnir til neðri deildar alþingis, og skulu meðan svo stendur fyrir-mælin í 35., 48., 50., 51. og 52. gr. þessara laga eigi vera því til fyrirstöðu, að farið sje eptir sömu aðferð, sem nú gildir með kosningar þar í sýslu, að því leyti, sem af þessari tilhögun leiðir.

Nd.

71. Fyrirspurn

til landshöfðingja um hjálp í hallæri. — Frá Þórarni Bøðvarssyni og Jóni Þórar-
inssyni.

Hvað eiga sýslunefndir að gjöra, þegar þær þykjast sjá, að hungur og
mannfall af skorti vofi yfir meiri eða minni hluta sýslufjelagsins, en hlutaðeigandi
amtsráð neitar þeim um leyfi til að taka lán handa sýslufjelaginu í því skyni að
koma í veg fyrir það tjón, sem hallærið hlýtur bersýnilega að hafa í för með
sjer? Og hvers liðs geta sýslunefndir vænt af landshöfðingjanum í þessu efni?

Ed.

72. Tillaga

til þingsályktunar um að mæld verði uppsigling á Hornafjörð og könnuð skipa-
lega við Ingólfshöfða. — Eptir eina umr. í Nd.

Alþingi skorar á stjórnina að hlutast til um, að sem allrafyrst verði mæld
uppsigling á Hornafjörð, sem og könnuð skipalega við Ingólfshöfða, og mæld
skipalega á Víkinni fyrir austan Reynisfjall í Dyrhólahreppi í Vestur-Skaptafells-
sýslu.

Ed.

73. Frumvarp

til laga um laun landsstjórnar þeirrar, er skipa skal, þá er hin endurskoðaða
stjórnarskrá er staðfest. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Landstjóri hefur í laun 14,000 kr. árlega og leigulausan bústað.
2. gr. Hver ráðgjafi hefur í laun árlega 5000 kr.
3. gr. Skrifstofustjórar hafa í árslaun 3000 kr. hver.
4. gr. Til skrifstofukostnaðar á ráðgjafaskrifstofunum hefur allt ráðaneytið
umráð yfir allt að 6000 kr. árlega.

Nd.

74. Viðauka- og breytingartillögur.

við frv. til laga um breyting á lögum um gjald af brennivíni og öðrum áfengum
drykkjum 7. nóvbr. 1879 (59). — Frá Lárusi Halldórssyni, Ólafi Briem, Árna Jóns-
syni, Jóni Jónssyni, Sigurði Stefánssyni og Þorleifi Jónssyni.

1. Við 1. gr. Framan við greinina bætist:

Hjer eptir skal greiða aðflutningsgjald af alls konar öli, er hefur 1^o styrkleika
eða meira, 10 aura fyrir hvern pott.

Af rauðvíni og messuvíni skal greiða 20 aura af hverjum potti, í hverju
íláti sem það er flutt.

2. Eptir 1. gr. komi tvær nýar innskotsgreinir svo látandi:

2. gr. Á tollskrá þeim og vöruskrám, sem skip eiga með sjer að hafa
samkvæmt lögum 15. apríl 1854 (sbr. tilsk. 26. febr. 1872, 2. gr.), skal ávallt
tilgreindur styrkleiki öls; ella borgi tollgreiðandi gjald það, sem tiltekið er í
1. gr., nema hann láti á sinn kostnað rannsaka það, er hingað kemur til lands,
og fái vottorð lögreglustjóra um styrkleikann.

3. 3. gr. Hve mikið af vínföngum megi telja sem skipsforða, er sje undan skilinn tollgjaldi, skal ákveðið í reglugjörð, er landshöfðingi semur.
4. 2. gr. í frv. verði 4. gr.

Nd.

75. Frumvarp

til laga um breyting á vínfangatollinum. — Eptir 3. umr. í Ed.

Af almennu „hvítöli“ svo kölluðu greiðist enginn aðflutningstollur.

Ekkert öl, það er sterkara reynist en í stig á vínandamæli, getur komið undir þessa ákvörðun.

Á tollskrám þeim og vöruskrám, sem skip eiga með sjer að hafa samkvæmt lögum 15 apr. 1854 (sbr. tilsk. 26. febr. 1872, § 2), skal ávallt tilgreindur styrkleiki ölsins; enda borgi tollgreiðandi toll af því, nema hann láti á sinn kostnað rannsaka það, er hingað kemur til lands, og fái vottorð lögreglustjóra um styrkleikann.

Nd.

76. Frumvarp

til laga um afnám svonefndra Maríu- og Þjeturslamba. — Eptir 3. umr. í Ed.

Fóðurskylda svonefndra Maríu- og Þjeturslamba skal afnumin við næstu presta-skipti í þeim sóknum á landinu, þar sem hún hefur viðgengið.

Ed.

77. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum 14. desbr. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum (39).

Hin heiðraða efri deild alþingis hefur kosið oss, sem hjer ritum undir, í nefnd til að íhuga frv. til laga um breyting á lögum 14. desbr. 1877 um ýmisleg atriði, sem snerta fiskiveiðar á opnum skipum; höfum vjer hugleitt þetta mál gaumgæfilega og rætt það á fundum, og skulum nú lýsa álitinu voru á því.

Lög 14. desbr. 1877 ákveða í 7. gr. einungis 1—100 kr. sektir fyrir brot móti löggilttri samþykkt, en hafa engar ákvarðanir um upptöku veiðarfæra, sem notuð sjeu gegn ákvæðum samþykktar eða um meðferð þeirra og aflans, sem með lögbroti er fenginn. Reynslan hefur sýnt síðastliðinn vetur í veiðistöðunum við sunnanverðan Faxaflóa, að vöntun slíkra ákvæða í lögnum getur leitt til hins mesta ófagnaðar og síðaspillingar. Það má álíta fullsannað, að lögin veiti eigi sýslunefndunum heimild til að búa svo um með fulltryggjandi hegningarákvörðunum, að hagsvonin við brotið freisti eigi ýmsra til að brjóta gegn löggiltum samþykktum, og það jafnvel hvað eptir annað; og þar á ofan bætist töluverð óvissa um, hvert vald umsjónarmönnum beri að lögum, til að hafa hönd á ólöglega notuðum veiðarfærum, til þess að afstýra frekari brotum og framfylgja tilgangi samþykktar. Það virðist einsætt, að það sje brýn skylda löggjafarvaldsins að bæta á hagfellðan hátt úr þeim göllum, sem þannig hafa komið fram á lögum 14. desbr. 1877, með því að gefa heimild til að beita eptir atvikum töluvert strangari hegningarákvörðunum en einungis 1—100 kr. sektum. Frumv. það, sem oss hefur verið fengið til íhugunar, heldur sektarákvörðuninni óbreyttri, en bætir við ákvæðum um,

notuð veiðarfæri og ólöglega fenginn afli geti eptir ákvörðun samþykktar orðið tapað eiganda. Svo heimilar það og skipuðum umsjónarmönnum að taka upp og flytja í land veiðarfæri notuð gegn ákvæðum samþykktar, þótt úrskurður yfirvalds komi eigi til. — Þessi síðast nefnda ákvörðun virðist oss nauðsynleg, eptir því sem slík mál standa af sjer, til þess að brot verði fullsannað og tilgangi samþykktar framgengt. Ákvörðunin um aflann virðist oss og rjettlát í sjálfu sjer, eins og hún einnig er í fullri samkvæmni við gildandi lög 12. nóvbr. 1875 um þorskanetalagnir í Faxaflóa. Aftur á móti virðist oss nokkuð ísjárvert að veita með lögum sýslunefndum vald til að ákveða, að veiðarfærin skuli töpuð eiganda. Því að þau atvik gætu verið fyrir hendi, að brotið væri lítilvægt eða orðið af vangá eða jafnvel að óvilja; en ákvæði samþykkt skilyrðislaust, að jafnan skyldu veiðarfæri töpuð eiganda, ef þau myndust á svæði því, sem bannað væri að leggja á, mundi eigi annars vera kostur en beita hinni ströngu ákvörðun, hvernig sem brotið annars væri vaxið. Oss virðist sama tilgangi mætti ná á annan og mannúðlegri veg, sem og stendur í betra samræmi við grundvallarreglur löggjafarinnar, sem sje með því að hækka sektirnar verulega, svo þær geti orðið nægilega tilfinnanlegar þeim, sem kynnu að sýna mikla þrjúzku, en gefa umsjónarmönnum vald til að halda uppteknum ólöglega notuðum veiðarfærum þangað til sá, sem fyrir sök er hafður, annað hvort sannar sýknu sína, eða ákveðin sekt er af hendi greidd, eða næg trygging sett fyrir greiðslunni. Með þessari tilhögun ætlum vèr að úrskurðar- eða dómvaldið hafi nægilega frjálsar hendur til að meta ávallt hegninguna í rjettu hlutfalli við brotið, en að freistingin hinsvegar hverfi til að brjóta löggiltar samþykktir.

Samkvæmt þessu ráðum vjer hinni h. efri deild alþingis að fallast á hið umrædda frv. með þessum breytingum:

1. í 1. gr. komi 5—500 kr. fyrir 1—100 kr.
2. í 1. — Orðin: «Í samþykkt má ákveða» . . . og til enda málsgreinar falli burt, en í stað þeirra komi (með kommu á undan í stað depils): og hafa í haldi, unz eigandi eða umboðsmaður hans sýnir vottorð lögreglustjóra um það, að sá, er veiðarfærin voru upp tekin fyrir, sje sýknaður með dómi, eða að hann hafi greitt sektir þær, sem honum hafa verið gjörðar, eða sett fyrir þeim fullgilda tryggingu. Ákveða má og, að afli, sem fenginn er með ólöglegri veiðiaðferð, skuli upptækur vera og andvirði hans renna í fátækra-sjóð.
3. í stað orðanna: «sekta, afla og veiðarfæra» í enda 1. gr komi: sekta og afla.

Alþingi 11. ágúst 1886.

Hallgrímur Sveinsson,
formaður og framsögumaður.

Jón Ólafsson,
skrifari.

F. S. Stefánsson.

Ed.

78. Frumvarp

til laga um löggilding nýrra verzlunarstaða. — Eptir 2. umr. í Ed.

Löggiltir verzlunarstaðir skulu vera:

1. Að Haukadal í Dýrafirði.
2. Á Höfn í Sljettuhreppi.

3. Múlahöfn við Hjeraðsflóa í Norður-Múlasýslu.
4. Á Svalbarðseyri við Eyjafjörð.
5. Við Þórshöfn í Gullbringusýslu.
6. Við Haganesvík í Skagafjarðarsýslu.

Ed.**79. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um aðflutningsgjald á tóbaki 11. febr. 1876. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Af hverju pundi tóbaks, hvort heldur reyktóbaki, munntóbaki (rullu) eða neftóbaki (rjólí), skulu goldnir 30 aurar.
2. gr. Af hverjum 100 vindlum skulu greiddir 100 aurar.
3. gr. Verði nokkur uppvis að tollsvikum, skal hann sæta sektum frá 500 til 5000 króna.
4. gr. Hjer með er úr lögum numin 1., 2. og 4. grein í lögum um aðflutningsgjald á tóbaki 11. febr. 1876.
5. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. dag janúarmán. 1887.

Ed.**80. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 7. nóvbr. 1879. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Af brennivíni eða vínanda skal greiða af hverjum potti:

með 8 ^o styrkleika eða minna	45 aura
yfir 8 ^o og allt að 12 ^o styrkleika	70 —
yfir 12 ^o styrkleika	90 —

Af öllum öðrum vínföngum skal greiða 100 aura af hverjum potti, ef þau eru flutt í flátum stærri en svo að þau rúmi 2 merkur, en sjeu þau flutt í minni flátum, skal greiða sama gjald af hverjum 3 pelum sem af potti í stærri flátum.

Gjald þetta rennur í landssjóð.

2. gr. Hve mikið af vínföngum megi telja sem skipsforða, er sje undan skilinn tollgjaldi, skal ákveðið í reglugjörð, er landshöfðingi semur.
3. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. dag janúarmán. 1887.

Nd.**81. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um breyting á lögum 8. jan. 1886 um lán úr viðlagasjóði til handa sýslufjelögum til æðarvarpsræktar. (50) — Frá Páli Ólafssyni og Eiríki Briem.

1. Við 1. gr. Á eptir orðunum: „svæði því“ bætist inn: á Breiðafirði og við Strandaflóa.
2. Við 2. gr. Í staðinn fyrir orðin: „í þeim sýslum“ komi: á því svæði.

Nd.**82. Breytingartillaga**

við frumvarp til laga um prentsmiðjur (29). — Frá Sigurði Stefánssyni, Þorleifi Jónssyni, Þorvarði Kjerulf, Einari Thorlacius, Árna Jónssyni og Jóni Jónssyni.

Við 1. gr. Milli orðanna „borgarabryf“ og „ef hann“ komi: handiðna-
 manna.

Nd.**83. Breytingar- og viðaukatillögur**

við frumvarp til laga um ráðgjafa ábyrgð (44). — Frá Ólafi Briem, Einari Thorlacius, Þorvarði Kjerulf, Sigurði Jenssyni, Árna Jónssyni og Grími Thomsen.

1. Við 2. gr.: Nýr stafl. komi á undan stafl. a, svo hljóðandi:
 - a, að nokkur breyting sje gjör á 54 gr. hinnar endurskoðuðu stjórnarskrár Íslands að því leyti, sem hún mælir svo fyrir, að hin evangelisk-lúterska kirkja sje þjóð-
 kirkja landsins.
2. Við 2. gr.: Stafl. d, sem þá verður stafl. e:

Í staðinn fyrir orðin: «að ályktunum o. s. frv.» komi: að ályktunum löggjafarvalds-
 ins sje eigi fullnægt á þann hátt, sem stjórnarskráin mælir fyrir.
3. Við 3. gr.: Í upphafi greinarinnar í staðinn fyrir «frá 1000 til» komi: allt að
4. Við sömu grein: staflidur «g» falli burtu.
 Staflidirnir í 2. og 3. gr. breytist samkvæmt þessu.

Ed.**84. Frumvarp**

til laga um afnám embætta. — Eptir 3. umr. í Nd.

Jafnskjött sem stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslans 5. janúar 1874 er úr lögum numin og hin endurskoðaða stjórnarskrá er komin í gildi, öðlazzt gildi eptirfylgjandi

Lög

um afnám embætta.

1. gr. Landshöfðingja, landritara, landfógeta og amtmanna-embættin skulu lögð niður, og enn fremur skulu verzleg störf greind frá biskupsembættinu.
2. gr. Breyting sú, sem verður á stöðu og verksviði biskupsins eptir 1. gr., skal að öðru leyti ákveðin nákvæmar með lögum.
3. gr. Landsstjórn sú, sem skipuð verður eptir hinum endurskoðuðu stjórnarskipunarlögum, skal til bráðabirgða annast um, að þeim störfum verði borgið, er nú liggja undir embætti þau, er afnumin skulu eptir 1. gr.
4. gr. Landsstjórnin skal leggja fyrir hið fyrsta reglulegt alþingi, er kemur saman eptir að hin endurskoðuðu stjórnarskipunarlög hafa öðlazzt gildi, frumvarp til laga um skipun framkvæmdar- og umboðs-valdsins.

Ed.

85. Frumvarp

til stjórnarskipunarlaganna um hin sjerstaklegu málefni Íslands. — Eptir 3. umr. í Nd.

I.

1. gr. Í öllum þeim málefnum, sem varða Ísland sjerstaklega, hefur landið löggjöf sína, dómsvald og stjórn út af fyrir sig, á þann hátt, að löggjafarvaldið er hjá konungi og alþingi í sameiningu, framkvæmdarvaldið hjá konungi og dómsvaldið hjá dómendum.

2. gr. Hin sjerstaklegu málefni landsins eru þessi:

1. Hin borgaralegu lög, hegningarlögin og dómgæzlan, er hjer að lýtur.
2. Lögreglumálefni.
3. Kirkju- og kennslumálefni.
4. Lækna- og heilbrigðismálefni.
5. Sveita- og fátækramálefni.
6. Vegir og póstgöngur landsins.
7. Landbúnaður, fiskiveiðar, verzlun og aðrir atvinnuvegir.
8. Skattamál bein og óbein.
9. Þjóðeignir, alþjóðlegar stofnanir og sjóðir.

Meðan Ísland hefur ekki fulltrúa á ríkisþinginu, en það er komið undir bæði alþingi og löggjafarvaldi ríkisins, leggur landið ekkert til almennra ríkisparfa. En á hinn bóginn tekur það heldur engan þátt á meðan í löggjafarvaldinu um almenn ríkismál.

3. gr. Konungur hefur hið æðsta vald yfir öllum hinum sjerstaklegu málefnum landsins með þeim takmörkunum, sem settar eru í stjórnarskrá þessari, og lætur landstjóra, sem hefur aðsetur sitt í landinu, framkvæma það.

4. gr. Konungur skal vinna eið að stjórnarskrá Íslands. Af eiðstaf konungs skal gjöra 2 samhljóða frumrit, og skal senda alþingi annað þeirra til geymslu, en hitt skal geyma í leyndarskjalasafninu.

5. gr. Konungur er ábyrgðarlaus; hann er heilagur og friðhelgur.

6. gr. Konungur skipar landstjóra og vikur honum frá völdum. Landstjóri hefur í umboði konungs hið æðsta vald í öllum hinum sjerstöku málefnum landsins, svo sem mælt er fyrir í stjórnarskrá þessari. Laun landstjóra skal ákveða með lögum.

7. gr. Landstjóri tekur sjer ráðgjafa og getur vikið þeim úr völdum. Ráðgjafarnir hafa á hendi stjórnarstörfin og alla ábyrgð á þeim. Ábyrgð þessa skal ákveða með lögum.

Undirskript konungs eða landstjóra í umboði hans undir ályktanir þær, er snerta löggjöf og stjórn, veitir þeim gildi, þá er einn ráðgjafi eða fleiri skrifa undir með honum. Ráðgjafi sá, er undir ályktun ritar með konungi eða landstjóra, ber ábyrgð á henni.

8. gr. Ráðgjafar skulu eigi vera fleiri en þrír, og skal einn vera æðstur þeirra.

Landstjóri og ráðgjafar er landsráð og landstjóri forseti þess. Í landsráðinu skal ræða lagafrumvörp öll og mikilsverð stjórnarmálefni. Deyi landstjóri eða hindrist á annan hátt, stendur hinn æðsti ráðgjafi fyrir stjórn, þangað til konungur nefnir annan landstjóra, eða landstjóri tekur aptur við stjórninni.

9. gr. Landstjóri eða neðri deild alþingis getur kært ráðgjafana fyrir embættisrekstur þeirra. Í þeim málum dæmir landsdómur.

10. gr. Konungur eða landstjóri veitir öll þess konar embætti, sem konungur hefur veitt hingað til. Breyting má á þessu gjöra með lögum. Engan má skipa embættismann í landinu, nema hann hafi hin almennu rjettindi innborinna manna, og þar á ofan hafi fært sönnur á, að hann hafi fullnægt hinum gildandi ákvæðum um kunnáttu í máli landsins. Hver embættismaður skal vinna eið að stjórnarskránni. — Konungur eða landstjóri geta vikið embættismönnum frá, og fer þá um eptirlaun þeirra, svo sem lög mæla fyrir. Konungur eða landstjóri getur flutt embættismenn úr einu embætti í annað, þó svo, að þeir missi einskis í af embættistekjum, og að þeim sje gefinn kostur á að kjósa, hvort þeir vilja heldur embættaskiptin, eða þá lausn frá embætti með eptirlaunum þeim, sem almennar reglur ákveða. Með lögum má undan skilja ýmsa embættismannaflokka, auk embættismanna þeirra, sem nefndir eru í 53. gr.

11. gr. Landstjóri stefnir saman reglulegu alþingi annaðhvort ár. An samþykkis landstjóra má þingið eigi setu eiga lengur en 10 vikur. Breyta má þessum ákvæðum með lögum.

12. gr. Landstjóri getur frestað fundum hins reglulega alþingis um tiltekinn tíma, en þó ekki lengur en 4 vikur, nema alþingi samþykki það, og ekki nema einu sinni á ári.

13. gr. Landstjóri getur rofið aðra eða báðar deildir alþingis, og skal þá stofna til nýrra kosninga, áður tveir mánuðir sjeu liðnir frá því þingið var rofið, og skal þá stefna þinginu saman aptur næsta ár á eptir, að það var rofið.

14. gr. Landstjóri getur stefnt alþingi saman til aukafunda, og ræður hann, hversu langa setu það þá skuli eiga.

15. gr. Landsstjórnin getur lagt fyrir alþingi frumvörp til laga og ályktana.

16. gr. Undirskript konungs eða landstjóra þarf til þess, að veita ályktunum alþingis lagagildi. Landstjóri annast um, að lögin verði birt og að þeim verði fullnægt. Sje lagafrumvarp, sem alþingi hefur fallizt á, ekki staðfest á undan næsta reglulegu alþingi, er það fallið niður. Staðfesting konungs þarf til breytingar á stjórnarskránni eða viðauka við hana, svo sem síðar er fyrir mælt í 71. gr.

17. gr. Þegar brýna nauðsyn ber til, getur konungur eða landstjóri gefið út bráðabirgðarlög milli alþinga; þó mega slík lög eigi koma í bága við stjórnarskrána, og ávallt skulu þau lögð fyrir næsta alþingi á eptir.

18. gr. Konungur eða landstjóri veitir leyfi þau og undanþágur frá lögum, sem tókazt hafa, eptir reglum þeim, sem farið hefur verið eptir hingað til.

19. gr. Konungur náðar menn og veitir almenna uppgjöf á sökum. Ráðgjöfunum getur hann eigi gefið upp sakir fyrir brot á stjórnarskránni, nema því að eins, að neðri deild alþingis samþykki.

II.

20. gr. Á alþingi eiga setu 36 þjóðkjörnir menn. Kosning þeirra gildir venju-
lega fyrir 6 ára tímabil. Deyi nokkur eða fari frá af þeim, sem kosnir eru til
þingsetu, meðan á kjörtímanum stendur, skal kjósa annan í hans stað til þingsetu
fyrir það tímabil, sem eptir er af kjörtímanum.

21. gr. Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Í efri
þingdeild sitja 12 menn, er kjósa skal um land allt eptir ákvæðum þeim, er sett
verða í kosningarlögum. Í neðri deild sitja 24 þingmenn, kosnir í kjördæmum.
Tölu þingmanna má breyta með lögum.

22. gr. Kosningarrjett til alþingis hafa:

- a. allir búandi menn, húsmenn, borgarar, þurrabúðarmenn, og aðrir húsráðendur,
sem greiða gjald til almennra þarfa;
- b. embættismenn, hvort sem þeir hafa konunglegt veitingarbrjef eða þeir eru
skipaðir af þeim, sem konungur hefur veitt heimild til þess;
- c. þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, prestaskólann eða lækna-
skólann í Reykjavík, eða eitthvert annað þess háttar opinbert próf, sem nú
er eða kann að verða sett, þó ekki sju þeir í embætti, ef þeir eru ekki öðr-
um háðir.

Þó getur enginn átt kosningarrjett, nema hann sje orðinn fullra 25 ára að
aldri, þegar kosningin fer fram, hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í
kjördæminu eitt ár, sje fjár síns ráðandi og honum sje ekki lagt af sveit, eða,
hafi hann þegið sveitarstyrk, að hann þá hafi endurgoldið hann, eða honum hafi
verið gefinn hann upp.

Með lögum má veita konum kosningarrjett til alþingis.

23. gr. Kjörgengur til alþingis er hver sá, sem hefur kosningarrjett samkvæmt
því, sem nú var sagt, ef hann

1. ekki er þegn annars ríkis eða er í þjónustu þess;
2. hefur að minnsta kosti í síðustu 5 ár verið í löndum þeim í norðurálfunni, sem
liggja undir Danaveldi.

Kjörgengi til efri deildar skal þó bundið við 35 ára aldur.

Kjósa má þann mann, sem á heima utan kjördæmis, eða hefur verið innan
kjördæmis skemur en eitt ár.

Nákvæmari reglur um kosningarnar verða settar í kosningarlögum.

III.

24. gr. Alþingi skal koma saman fyrsta virkan dag í júlímánuði annaðhvort ár,
hafi landstjóri ekki til tekið annan samkomudag sama ár.

Með lögum má ákveða, að hið reglulega alþingi komi optar saman eður á
öðrum tíma.

25. gr. Samkomustaður alþingis er í Reykjavík. Þó getur landstjóri eptir at-
vikum skipað fyrir um, að alþingi komi saman á öðrum stað í landinu.

26. gr. Alþingi er friðheilagt. Enginni má raska friði þess eða frelsi.

27. gr. Alþingi sker sjálf úr, hvort þingmenn þess sju löglega kosnir.

28. gr. Sjerhver nýr þingmaður skal vinna eið að stjórnarskránni, undir eins og viðurkennt er, að kosning hans sje gild.

29. gr. Alþingismenn eru eingöngu bundnir við sannfæring sína og eigi við neinar reglur frá kjósendum sínum.

Embættismenn þeir, sem kosnir eru til alþingis, þurfa ekki leyfi stjórnarinnar til þess að þiggja kosninguna, en skyldir eru þeir til, án kostnaðar fyrir landssjóðinn, að annast um, að embættisstörfum þeirra verði gegnt á þann hátt, sem stjórnin telur nægja.

30. gr. Hvor þingdeild á rjett á, að bera upp frumvörp til laga og ályktana og samþykkja þau fyrir sitt leyti; einnig má hvor þingdeildin fyrir sig senda konungi eða landstjóra ávörp.

31. gr. Hvor þingdeild getur sett nefndir af þingmönnum til þess, að rannsaka mikils varðandi málefni. Þingdeildin getur veitt nefndum þessum rjett á að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og öðrum.

32. gr. Engan skatt má á leggja, nje breyta, nje aftaka, nema með lögum; ekki má heldur taka lán, er skuldbindi landið, nje selja eða á annan hátt láta af hendi neina af fasteignum landsins, nema slíkt sje með lögum ákveðið.

33. gr. Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sje til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum.

34. gr. Jafnskjótt sem hið reglulega alþingi er komið saman, skal leggja fyrir það frumvarp til fjárlaga fyrir fjárhagstímabilið, sem í hönd fer. Með tekjunum skal telja bæði hið fasta tillag og aukatillagið úr hinum almenna ríkissjóði.

Gjöld, sem ákveðin eru með eldri lögum, tilskipunum, konungsúrskurðum, eða öðrum gildum ákvæðum, skal, þangað til breyting verður á því gjörð með lögum, tilfæra í fjárlögum, svo sem gjöld þessi hafa ákveðin verið.

Frumvarpið til fjárlaganna og eins frumvörp til fjáraukalaga skal jafnan fyrst leggja fyrir neðri deild alþingis.

35. gr. Hvor þingdeild kýs yfirskoðunarmann, og skulu þeim veitt laun fyrir starfa sinn. Yfirskoðunarmenn þessir eiga að gagnskoða reikninga hvers árs um tekjur og gjöld landsins og gæta þess, að tekjur landsins sjeu þar allar taldar og að ekkert hafi verið goldið út án heimildar. Þeir geta krafizt að fá allar skýrslur þær og skjöl, sem þeim þykir þurfa. Síðan skal semja reikning fyrir fjárhagstímabilið, og leggja hann fyrir alþingi, ásamt með athugasemdum yfirskoðunarmanna, til fullnaðarúrslita.

36. gr. Ekkert lagafrumvarp má samþykkja til fullnaðar, fyr en það hefur verið rætt þrisvar í hvorri þingdeild.

37. gr. Þegar lagafrumvarp er samþykkt í annari hvorri þingdeildinni, skal það lagt fyrir hina þingdeildina í því formi, sem það er samþykkt í. Verði þar breytingar á gjörðar, gengur það aptur til hinnar fyrri þingdeildar. Verði hjer aptur gjörðar breytingar, fer frumvarpið af nýju til hinnar deildarinnar. Gangi þá enn eigi saman, ganga báðar deildirnar saman í eina málstofu, og leiðir alþingi þá málið til lykta eptir eina umræðu. Þegar alþingi þannig myndar eina málstofu, þarf til þess að gjörð verði fullnaðar-ályktun á máli, að

tveir þriðjungar þingmanna úr hvorri deild sjeu á fundi og eigi þátt í atkvæðagreiðslunni; ræður þá atkvæðafjöldi úrslitum um hin einstöku málsatriði, en til þess að lagafrumvarp, að undanskildum frumvörpum til fjárlaga og fjáruaukalaga, verði samþykkt í heild sinni, þarf aptur á móti að minnsta kosti að tveir þriðjungar atkvæða þeirra, sem greidd eru, sjeu með frumvarpinu.

38. gr. Meðan alþingi stendur, má ekki taka neinn alþingismann fastan fyrir skuldir án samþykkis þeirrar deildar, er hann situr í, nje heldur setja hann í varðhald eða höfða mál á móti honum, nema hann sje staðinn að glæp.

Enginn alþingismaður verður krafinn til ábyrgðar utan þings fyrir það, sem hann hefur talað á þinginu, nema þingdeildin, sem hann á sæti í, leyfi.

39. gr. Ef sú breyting, er sviptir mann kjörgengi, verður á högum þess manns, er löglega er kosinn, missir hann rjett þann, er kosningunni fylgir.

40. gr. Ráðgjöfunum skal heimilt vegna embættisstöðu sinnar að sitja á alþingi, og eiga þeir rjett á að taka þátt í umræðunum, eins opt og þeir vilja, en gæta verða þeir þingskapa.

Atkvæðisrjett hafa ráðgjafar því að eins, að þeir sjeu kosnir alþingismenn.

41. gr. Hvor þingdeild og eins hið sameinaða alþingi kys sjálft forseta sinn og varaforseta.

42. gr. Hvorug þingdeildin má gjöra ályktun um neitt, nema að minnsta kosti tveir þriðjungar þingmanna sjeu á fundi og greiði þar atkvæði.

43. gr. Heimilt er þingmanni að bera upp í þeirri þingdeild, er hann á sæti í, hvert það málefni, er almenning varðar, er þingdeildin leyfir, og beiðast skýrslu um það.

44. gr. Hvorug þingdeildin má taka nokkurt málefni til meðferðar á þingi, nema einhver þingdeildarmanna taki það að sjer til flutnings.

45. gr. Þyki þingdeild ekki ástæða til að gjöra ályktun um eitthvert málefni, þá getur hún vísað því til landsstjórnarinnar.

46. gr. Fundi beggja þingdeilda og hins sameinaða alþingis skal halda í heyranda hljóði. Þó getur forseti eða svo margir þingmenn, sem til er tekið í þingsköpunum, krafizt, að öllum utanþingsmönnum sje vísað burt, og skal þá þingið eða þingdeild sú, er hlut á að máli, skera úr, hvort ræða skuli málefnið í heyranda hljóði eða eigi.

47. gr. Þingsköp hins sameinaða alþingis og beggja þingdeilda skal setja með lögum.

IV.

48. gr. Landsdómur skal skipaður dómendum hins æðsta dómstóls innanlands og öllum þingmönnum efri deildar. Ryðja má sá, er ákærður er, allt að 5 menn úr dómi, þó svo, að jafnan sitji dóminn eigi færri en 2 dómendur hins æðsta dómstóls. Jafnan skal tala dómenda á stöku standa, og skal því, ef til kemur, einn úr vikja eptir hlutkesti. Landsdómur velur forseta sinn. Endi kjörtími,

meðan á máli stendur í landsdómi, halda þó efri deildarmenn sæti sínu í dóminum. Rjettarfarið við dóm þenna skal ákveða með lögum.

49. gr. Landsdómur einn dæmir í þeim málum, er landstjóri eða neðri deild alþingis býr til á hendur ráðgjöfunum. Með leyfi neðri deildar getur landstjóri einnig kært aðra menn fyrir þessum dómi fyrir glæpi, er einkar-hættulegir þykja landinu.

50. gr. Skipun dómsvaldsins skal ákveðin með lögum.

51. gr. Dómendur skera úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvaldanna. Þó getur sá, sem þar um leitar úrskurðar, ekki komið sjer hjá að hlýða yfirvaldsboði í bráð, með því að skjóta málinu til dóms.

52. gr. Dómsvaldið skal greina frá umboðsvaldinu með lögum.

53. gr. Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eptir lögum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti á móti vilja þeirra, nema þegar verið er að koma nýrri skipun á dómstólana. Þó má veita þeim dómara, sem orðinn er fullra 65 ára gamall, lausn frá embætti, en eigi skal hann missa neins í af launum sínum.

V.

54. gr. Hin evangelisk-lúterska kirkja er þjóðkirkja landsins, og skal þjóðfjlagið því styðja hana og vernda.

Sambandinu milli þjóðkirkju og landsstjórnar skal skipa með lögum.

55. gr. Landsmenn eiga rjett á að stofna fjelög til að þjóna guði með þeim hætti, sem bezt á við sannfæringu hvers eins. Þó má eigi kenna eða fremja neitt, sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

56. gr. Rjettindi trúfjelaga þeirra, sem frábrugðin eru þjóðkirkjunni, skal ákveða með lagaboði.

57. gr. Enginn má missa neins í af þegnriettindum sakir trúbragða sinna, nje heldur þeirra vegna skorast undan almennri fjelagsskyldu.

VI.

58. gr. Hvern, sem tekinn er fastur, skal án undandrattar leiða fyrir dómara, og sje hann þá eigi þegar látinn laus, skal dómari áður sólarhringur sje liðinn leggja rökstuddan úrskurð á, hvort hann skuli í varðhald setja. Megi láta hann lausan móti veði, skal ákveða í úrskurðinum, hvert eða hversu mikið það skuli vera. Dómari og aðrir, sem viðriðnir eru, bera ábyrgð fyrir þeim, sem tekinn er fastur eða hindraður á annan hátt.

Úrskurði dómara má þegar skjóta til æðra, dóms, og fer um birting og áfrýjun slíks úrskurðar sem um birting og áfrýjun dóms í sakamálum. Engan má setja í gæzluvarðhald fyrir sök, er að eins varðar fjesekt eða einföldu fangelsi.

59. gr. Heimilið er friðheilagt. Ekki má gjöra húsleit, nje kyrrsetja brjef og önnur skjöl, nje rannsaka þau, án dómsúrskurðar, nema lög sjerstaklega leyfi.

60. gr. Eignarrjetturinn er friðhelgur. Engan má skylda til að láta af hendi

eign sína, nema almenningsþörf krefji; þarf til þess lög og komi fullt verð fyrir.

61. gr. Öll bönd þau, sem hamla frelsi í atvinnuvegum og jafnrjetti manna til atvinnu, og eigi eru byggð á almenningsheillum, skal aftaka með lögum.

62. gr. Sá, sem ekki getur sjeð fyrir sjer og sínum, og sje hann ekki skyldu-ómagi annars manns, skal eiga rjett á að fá styrk úr almennum sjóði, en þá skal hann háður vera takmörkunum þeim, er lögin áskilja.

63. gr. Hafi foreldri eigi efni á að fræða sjálf börn sín, eða sjeu börnin mun- aðarlaus og óreigar, er það skylda þjóðfélagsins að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri.

64. gr. Hver maður á rjett á, að láta í ljós hugsanir sínar á prenti; en þó verður hann að ábyrgjast þær fyrir dómi. Ritskoðua og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi má aldrei lögtaka.

65. gr. Rjett eiga menn á að stofna fjelög í sjerhverjum löglegum tilgangi, án þess að leyfi þurfi að fá til þess. Ekkert fjelag má rjúfa með stjórnarráðstöfun. Þó má banna fjelag um stundarsakir, en þá verður þegar að búa mál til á hendur fjelaginu, til þess að það verði rofið.

66. gr. Rjett eiga menn á að safnast saman vopnlausir. Lögreglustjórninni er heimilt að vera við almennar samkomur. Banna má mannfundi undir berum himni, þegar uggvænt þykir, að af þeim leiði óspektir.

67. gr. Hver vopnfær maður er skyldur að taka sjálfur þátt í vörn landsins eptir því, sem nákvæmar verður ákveðið með lögum.

68. gr. Rjetti sveitarfjelaganna til að ráða málefnum sínum skal skipa með lögum.

69. gr. Skattgjaldamálum skal skipa með lögum.

70. gr. Öll sjerstakleg rjettindi, er lögin hafa bundið við nafnbætur og tign, skulu vera af tekin.

VII.

71. gr. Frumvörp, hvort heldur er til breytinga eða viðauka á stjórnarskrá þessari, má bera upp bæði á reglulegu alþingi og auka-alþingi. Nái frumvarpið um breyting á stjórnarskránni samþykki beggja þingdeildanna, skal rjúfa alþingi þá þegar og stofna til almennra kosninga af nýju. Samþykki hið nýkosna alþingi frumvarpið óbreytt, og nái það staðfesting konungs, þá hefur það gildi sem stjórnarlög.

72. gr. Þá er stjórnarskipunarlög þessi eru staðfest, og landsstjórn skipuð samkvæmt 6. og 7. gr. þeirra, er stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands 5. dag janúarmánaðar, 1874 numin úr gildi.

Ákvæði um stundarsakir:

Í íslenskum málum, þeim er eigi skal dæma í landsdómi, samkvæmt þessum stjórnarskipunarlögum, er hæstirjettur í Danmörku, æðsti dómstóll, þangað til breyting verður á því gjörð með lögum, er ríkisþingið og alþingi samþykkir.

Ed.

86. Viðaukatillaga

við frumvarp til laga um löggilding nýrra verzlunarstaða. — Frá Jakob Guðmundssyni, Sighv. Árnasyni og B. Kristjánssyni.

Aptan við frumvarpið bætist:

7. Við Vogavík í Gullbringusýslu.

Nd.

87. Breytingartillaga

við breytingar-og viðaukatillögur (83) við frv. til laga um ráðgjafa ábyrgð (44).— Frá Ólafi Briem, Einari Thorlacius, Þorvarði Kjerulf, Sigurði Jenssyni og Árna Jónssyni.

Við 1. gr. tölul. a.: Í staðinn fyrir orðin: „nokkur breyting sje gjör á“ komi: brotið sje á móti.

Sp.

88. Nefndarálit

frá kjörbrjefanefndinni.

1. Kosningar í Árnessýslu.

Nefndin vill þegar í upphafi taka það fram, að þingið sjálft hefur þegar skorið úr kærnu þessari að því er gildi kosninganna snertir, þar sem það hefir lýst þær gildar þrátt fyrir hina fram komnu kærnu, sem fyrir því lá. Það liggur því ekki fyrir hendi fyrir nefndina að rannsaka það, hvort líklegt sje, að gallar þeir, er á voru undirbúningi kosninganna, hafi haft nokkur áhrif á úrslit þeirra eða ekki.

Hinsvegar eru í hinni fram komnu kærnu svo alvarlegar sakargiftir, að sjeu þær sannar, hafa bæði hreppsnefndirnar í Árnessýslu og yfirboðarar þeirra vanrækt skyldu sína.

Viljum vjer því ráða h. h. alþingi til:

að senda hina fram komnu kærnu úr Árnessýslu yfir kosningunum þar forseta-veginn til landshöfðingjans með áskorun um, að hann láti rannsaka, á hverjum rökum kærnan sje byggð og gjöri svo, ef til kemur, ráðstafanir þær, er rannsókn sú kann ástæðu til að gefa.

2. Kosningin í Reykjavík.

Um gildi kosningarinnar er alveg sama máli að gegna sem um gildi kosninganna í Árnessýslu, að þingið hafði þegar úr því máli skorið eptir að það hafði haft kærana til meðferðar, áður en það vísaði henni til nefndarinnar.

Hins vegar er það af hinu fram lagða eptirriti af kjörskránni ljóst, að hún er ekki samín af bæjarstjórninni, heldur af þrem mönnum, „í umboði bæjarstjórnar Reykjavíkur“, en samning kjörskráa er svo þýðingarmikið starf, að oss virðist, og þar að auki ekki bæjarmálefni eingöngu, heldur starf allt landið varðandi, sem bæjarstjórninni er á herðar lagt að framkvæma, svo að það virðist sem bæjarstjórnina bresti heimild til að láta umboðsmenn vinna slíkt starf fyrir sína hönd eptirlitslaust af hendi bæjarstjórnarinnar í heild sinni. Einnig ber kjörskráin með sjer, að hún er ekki lögð fram fyr en mánuði eptir lögboðinn tíma.

Vjer viljum því ráða h. h. alþingi til:

að senda kærana forseta-veginn til landshöfðingja með tilmælum um, að

hann vildi brýna fyrir bæjastjórnnum og hreppsnefndum, að þeim beri sjálfum í heild sinni að semja til fullnaðar kjörskrár og annast um, að þær sjeu fram lagðar í lögskipaðan tíma, svo og, að þeim beri í því yfir höfuð að fylgja sem meginreglu aðferð þeirri, sem kosningarlögin leggja fyrir í 40. gr.

3. Kosningar í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Kæra þessi, sem nefndinni hefur borizt frá forseta neðri deildar, en hún samt ekki álitid að hún ætti að leiða hjá sjer, er ekki komin fyrri en *eptir* að kosningin var tekin gild af þinginu, og höfum vjer því orðið að litá á efni hennar að því, er það gæti haft áhrif á gildi kosningarinnar.

Þess er þá fyrst að geta, að því fer svo fjarri, að það sje sannað, sem í kærinni stendur, um að sjera Þórarinn hafi talað „með eða móti kosningu nokkurs þingmannsefnis“, að öllu heldur liggja fyrir nefndinni allmörg skilríki í gagnstæða átt, þar á meðal frá hinum tveimur kjörstjórunum.

Ekki er fram komin yfirlýsing frá nokkrum kjósanda um, að ræða sjera Þórarins hafi haft þau áhrif að snúa skoðun hans (kjósandans) svo, að hann hafi greitt atkvæði öðruvísi en ella mundi, og yfir höfuð eru engar minnstu líkur fram komnar fyrir, að kærnatríðið, þótt sannað væri, hefði haft nokkur áhrif á kosningarnar.

Vjer viljum því ráða h. h. alþingi til:

að gefa hinni fram komnu kæru engan gaum.

Alþingi 14. ágúst 1886.

Árni Thorsteinson, Jón Ólafsson, Benidikt Kristjánsson. Jón Sigurðsson.
formaður. framsögum.

Samþykkur með skýrskotun til eptirfylgjandi ágreiningsatkvæðis.

Sigurður Jónsson.

Ágreiningsatkvæði.

Viðvíkjandi kærinni út af alþingiskosningunni í Rvík gef eg svo hljóðandi ágreiningsatkvæði.

Í 7. gr. kosningarlaga 28. sept. 1877 stendur að vísu að hlutaðeigandi bæjarstjórn eigi að semja og halda kjörskrá yfir þá menn í bænum, sem kosningarrjett hafa, og í 10. gr. hinna sömu laga, að hún skuli skera úr efasemdum, þá er búid er að skýra málið, en eins og bæjarstjórnin eptir tilsk. 20. apr. 1872, 3. gr. — sem er almenn ákvörðun — getur falið einum eða fleirum úr sínum flokki að framkvæma sjerstök bæjarstörf, sjá samþ. $\frac{9}{10}$ 1872 59, eins virðist hún geta falið leiðrjettingu kjörskrána einstökum meðlimum. Þessu hefur í praxis einnig ávallt verið áður fylgt. Yfir höfuð verður bæjarstjórnin sjálf að ráða því, hvernig hún leiðrjettir kjörskrána, enda ábyrgjast hana eptirá í heild sinni, og það þess heldur í þessu falli, sem enginn úr bæjarstjórninni hefur í tíma borid sig upp undan hinni viðhöfðu aðferð, hvorki við bæjarstjórnina sjálfa, nje yfirboðara hennar. Það er heldur eigi sjáanlegt annað, en að bæjarstjórnin hafi verið á einu máli um hinar gjörðu leiðrjettingar, fyrst hún sjálf ekkert skipti sjer af þeim frekar, heldur ljet leggja þær fram síðar óbreyttar, og gat henni þó eigi verið ókunnugt um, að kjörskráin þannig löguð væri leiðrjett og lægi til sýnis til að öðlast gildi frá 1. júlí það ár.

Að skráin hafi eigi verið framlögð frá 1.—21. apríl, heldur fyrst rúmum mánuði seinna, er að vísu miður heppilegt, og ætti aldrei að koma fyrir, nema lögleg forföll gjörði slíkt óumflýjanlegt, en það sjest glöggt af kosningarlögnum, að þetta þarf eigi að hafa nein áhrif á gildi kosningarinnar, sjá 15. gr., um að amtmaður geti jafnvel stýtt hvern þann frest, er lögin ákveða, t. d., ef hlutaðeigandi bæjarstjórn hefur forsómað að leiðrjetta skrána og leggja hana til sýnis í rjetta tíð. Að því er snertir gildi kosningarinnar, virðist því ekkert því til fyrirstöðu, að einnig bæjarstjórnin — áður málið er uppvíst og komið til eyrna landshöfðingja og amtmanns — af sjálfsdáðum — þegar framlagningin hefur orðið fyrir seinkun — ákveði sjálf hjer um hið nauðsylega, að minnsta kosti upp á væntanlegt samþykki amtsins, einungis má hún ekki stytta hinn lögboðna framlaggingartíma, og gæta verður hún þess, að birta hið nauðsynlega hjer um með 14 daga fyrirvara, á þann hátt, sem vant er að birta almennar auglýsingar þar á staðnum. Þessa hefur nú bæjarstjórnin vitanlega gætt, og hefur þar á eptir oddviti bæjarstjórnarinnar 21. maí f. á. ritað nafn sitt undir hina þannig leiðrjettu skrá. *En samkv. 13. gr. kosningarlaganna verður eptir þetta engin breyting gjörð á kjörskránni, nema dómur sje á undan genginn.*

Á hinn bóginn er í þessu máli upplýst, að enginn, hvorki úr bæjarstjórninni, nje af kjósenda hálfu, hefur borið sig upp undan hinni viðhöfðu aðferð bæjarstjórnarinnar, með því þá þegar, er skráin eigi lá frammi hinn venjulega lögskipaða tíma frá 1.—21. apríl, að kæra þessi afbrigði fyrir yfirboðurum hennar, nje einu sinni, eptir að kjörskráin síðan hafði legið til sýnis frá 30. apríl til 21. maí, með því að kæra útásetningar sínar innan 8 daga frá tjeðum síðasta framlaggingardegi. Loksins hefur heldur engum kjósenda þeirra, er sleppt var, komið til hugar að leita leiðrjettingar hjer á hjá dómstólunum, sem eptir 21. maí f. á., var sá eini vegur.

Jeg verð því að leggja það til, að alþingi leggi endilega staðfestingu á kosningu þingmannsins fyrir Reykjavíkurborg, sem löglega og gilda í alla staði, en kærundur verða að kenna hirðuleysi sjálfra þeirra um, ef þeir við þetta tækifæri ekki hafa fengið að neyta kosningarrettar þess, sem þeim annars máske hefur borið að lögum.

Sigurður Jónsson.

Ed.

89. Frumvarp

til laga um prentsmiðjur. Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Í kaupstöðum og þeim verzlunarstöðum, er lögreglustjóri er búsettur í, er heimilt hverjum þeim, sem er fjár síns fullráði og hefur óflekkað mannorð, að setja prentsmiðju og reka prentið, enda fullnægi hann skilyrðum þeim, er til þess þurfa að vera kaupstaðarborgari, og leysi borgarabryf handiðnamanna, ef hann hefur það eigi áður á þeim stað. Utan kaupstaða þessara og verzlunarstaða þarf leyfi landshöfðingja til þessa, en það veitist ókeypis. Brot gegn þessu varða sektum frá 25—500 kr.

2. gr. Allar prentsmiðjur þær, er nú eru eða síðar kunna stofnaðar að verða á landi hjer, eru skyldar að láta landsbókasafninu ókeypis í tje 2 eintök og amtsbókasöfnunum á Akureyri og í Stykkishólmi sitt eintakið hvoru af hverju

því, sem prentað er, hvort heldur er smátt eða stórt, svo og hinni konunglegu bókhöðu í Kaupmannahöfn 2 eintök, er annað sje á skrifpappír, og háskólasafninu 1 eintak. Skulu þau send landshöfðingja við fyrsta tækifæri, er fellur tvisvar á ári í júní og septembermánuðum. Sje þetta vanrækt, varðar það sektum eptir atvikum, eigi minna en þreföldu verði þess, sem undan er dregið. Þó má landshöfðingi leyfa, að sektir falli niður að öllu eða nokkru leyti, ef bætt er úr vanræktinni, þegar áminnt er um það.

3. gr. Prentsmiðju, sem ólöglega er niður sett, má lögreglustjóri loka, og ef þörf gjörist, leggja lögöld á öll tæki hennar.

4. gr. Eigandi prentsmiðju ber ábyrgð á brotum gegn lögum þessum. Sje óvíst hver eigandi er, eða sje hann fjarverandi, ber sá ábyrgðina, er hefur verkstjórn prentsmiðjunnar á hendi.

Mál um brot gegn lögum þessum skulu rekin sem almenn lögreglumál.

Eldri ákvarðanir, er koma í bága við lög þessi, eru numdar úr lögum.

Ed. 90. Frumvarp

tíl laga um ráðgjafa ábyrgð. — Eptir 3. umr. í Nd.

Jafnskjótt sem hin endurskoðaða stjórnarskrá Íslands hefur náð staðfestingu konungs, og landsstjórn er skipuð samkvæmt henni, óðlast gildi eptirfylgjandi

Lög

um ráðgjafa ábyrgð.

1. gr. Ráðgjafana má ábyrgðar krefja fyrir sjerhver störf eða vanrækt starfa, er þeir hafa sekir um orðið í embættisfærslu sinni, ef málið er svo vaxið, að þeir með því hafa, annaðhvort af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi, ridið í bága við stjórnarskrána eða önnur landslög.

2. gr. Hver sá ráðgjafi, er þannig gagnstætt stjórnarskránni eða öðrum landslögum, fyrir vanrækt embættisskyldu sinnar, með flutningi máls, ráði eða ályktun, kemur því til leiðar:

- a.) að brotið sje á móti 54. gr. hinnar endurskoðuðu stjórnarskrár Íslands að því leyti sem hún mælir svo fyrir, að hin evangelisk-lúterska kirkja sje þjóðkirkja landsins;
- b.) að nokkuð það sje ráðið eða framkvæmt, er miði til að skerða frelsi, sjálfstæði eða sjálfsforræði landsins;
- c.) að skert sje í nokkru rjettindi eða drottinvald konungs;
- d.) að nokkuð það, sem ályktun alpingis þarf til, sje framkvæmt án samþykkis þess;
- e.) að ályktunum löggjafarvaldsins sje eigi fullnægt á þann hátt, sem stjórnarskráin mælir fyrir;
- f.) að lög frá alpingi sjeu eigi lögð fyrir konung eða landstjóra til staðfestingar;
- g.) að synjað sje um skjöl, skilríki eða skýrslur, sem alpingi á heimtingu á, að því sje í tje látið;
- h.) að dregið sje lið inn í landið, eða beitt hervaldi gegn landsmönnum, án lagaheimildar eða samþykkis alpingis,

skal, svo framarlega sem brotið verður eigi metið landráðasök, hafa fyrirgjört embætti sínu, eða, ef stórsakir eru, dæmdur verða óverður til að hafa á hendi nokkurt embætti, umboð eða sýslun.

3. gr. Sektum allt að 5000 kr., eða eptir atvikum sömu hegningu, sem ákveðin er í

2. gr. sætir sá ráðgjafi, er gagnstætt stjórnarskránni eða öðrum landslögum, fyrir vanrækt embættisskyldu sinnar, með flutningi máls, ráði eða ályktun, stuðlar að því:

- a.) að tekjum landssjóðs eða þjóðeignum sje ótilhlýðilega varið eða stjórnað;
- b.) að fje því, sem veitt er til landsparfa, sje eigi varið til þess, sem það er ætlað, að svo miklu leyti, sem nauðsyn ber til;
- c.) að eigi sjeu gjörðar nauðsynlegar ráðstafanir um afgreiðslu, birtingu og framkvæmd laga og tilskipana;
- d.) að nokkrum sje varnað að neyta rjettar síns til að senda konungi, alþingi eða hlutaðeigandi valdsmanni bænarskrár;
- e.) að lagðar sjeu tálmanir fyrir lögheimilað málfrelsi, fundafrelsi og prentfrelsi;
- f.) að nokkrum sje embætti veitt, er eigi fullnægi öllum þeim skilyrðum, sem fyrir veitingu þess embættis eru sett í lögum;
- g.) að nokkrum sje varnað að neyta atkvæðisrjettar síns eða þingseturjettar með ófyrirsynju-rannsókn eða ákæru um glæp;
- h.) að yfirskodunarmönnum landsreikninganna sjeu eigi sendir reikningarnir í tæka tíð eða synjað um skýrslur þær og skjöl, er þeim þurfa þykir.

4. gr. Sje einhver ólöglega frá embætti settur, frelsi sviptur, fjármunum eða atvinnu, flæmdur frá verustað sínum eða landrækur gjör, skal ráðgjafi sá, er slíku hefur valdið eða að því stutt, fyrir vanrækt embættisskyldu sinnar, með málflytningi, ráði eða ályktun, sæta hegningu samkvæmt 3. gr.

5. gr. Ef dregið er lengur en stjórnarskráin heimilar, að stefna saman alþingi, eða vanrækt er að annast um, að nýjar kosningar fari fram í lögákveðna tíð, varðar það ráðgjafa hegningu samkvæmt 2. gr.

6. gr. Sömu hegningu varðar það ráðgjafa, ef bráðabirgðalög eru gefin út, án þess að brýna nauðsyn beri til, svo sem ef bráðabirgða-fjárlög eru út gefin, eptir að alþingi eða önnurhvor deild þess hefur rofin verið, án þess þingið hafi átt kost á, að leida fjárlögin til lykta, eða slík lög eru út gefin meðan fundum alþingis er frestað, hvort heldur frestunin er með samþykki þingsins eða eigi.

Sama er og um það, ef nauðsynin að gefa út bráðabirgðalög var fyrirsjáanleg meðan alþingi stóð yfir, án þess því hafi verið gefinn kostur á, að ráða málefni því til lykta.

7. gr. Nú þykir ráðgjafa nauðsyn til bera, að brúka fje umfram það, er alþingi hefur veitt, eða á annan hátt, en ákveðið er, og verður hann þá sekur eptir 2. gr., ef hann hefur varið fjenu gagnstætt því, sem bersýnilega mátti gjöra ráð fyrir að væri vilji þingsins.

8. gr. Hafi ráðgjafi í málum þeim, er landstjóri eða neðri deild alþingis er aðili að, brotið gegn almennum hegningarlögum, skal ákveða hegninguna eptir þeim, nema öðruvísi sje fyrir mælt í lögum þessum.

9. gr. Ekki skal ráðgjafi sekur gjör fyrir landsdómi eptir lögum þessum, nema $\frac{2}{3}$ hlutir dómenda greiði atkvæði fyrir áfelliðdómi hans.

Ed.

91. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, 14. desbr. 1877. — Eptir 2. umr. í Ed.

1. gr. Fyrir brot móti löggiltri samþykkt má ákveða sektir frá 5—500

króna, er tilfalli fátækra sjóði; svo má og ákveða, að öll veiðarfæri, er brúkuð eru gagnstætt ákvæðum samþykktar, megi skipaðir umsjónarmenn upp taka og í land flytja án úrskurðar yfirvalds, og hafa í haldi, uns eigandi eða umboðsmaður hans sýnir vottorð lögreglustjóra um það, að sá, er veiðarfærin voru upp tekin fyrir, sje sýknaður með dómi, eða að hann hafi greitt sektir þær, sem honum hafa verið gjörðar, eða sett fyrir þeim fullgilda tryggingu. Ákveða má og, að afli, sem fenginn er með ólöglegri veiðiaðferð, skuli upptækur vera og andvirði hans renna í fátækra sjóð.

Þó má ákveða þeim, er uppljóstar broti gegn samþykkt, eða tekur upp veiðarfæri, allt að helmingi sekta og veiðarfæra.

2. gr. Með lögum þessum er 7. gr. laga um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, 14. des. 1877, úr gildi numin.

Nd.

92. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um breyting á lögum 8. jan. 1886 um lán úr viðlagasjóði til handa sýslufjelögum til æðarvarpsræktar (50).—Frá Sigurði Jenssyni, Sigurði Stefánssyni, B. Sveinssyni, Eiríki Briem, Páli Ólafssyni og Þorleifi Jónssyni.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „á svæði því, er — fjelagið setur“ komi: á Breiðafirði og við Strandaflóa, samkvæmt reglum þeim, er æðarræktarfjelagið á Breiðafirði og við Strandaflóa setur.
2. — 2. — Í stað orðanna „í þeim sýslum, er áður nefnt fjelag nær yfir“ komi: á Breiðafirði og við Strandaflóa, og fer um niðurjöfnunina.

Ed.

93. Breytingartillögur

við frv. til laga um laun landsstjórnar þeirrar, er skipa skal, þá er hún endurskoðaða stjórnarskrá er staðfest (73).—Frá Benedikt Kristjánssyni og Jóni Ólafssyni.

Við 1. gr.: Í stað „14000 kr.“ komi: 16000 kr.

Við 2. gr.: Í stað „5000 kr.“ komi: 6000 kr.

Við 4. gr.: Í stað „6000 kr.“ komi: 8000 kr.

Ed.

94. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á lögum 7. nóv. 1879 um gjald af brennivíni og öðrum áfengum drykkjum (80). — Frá Hallgrími Sveinssyni, B. Kristjánssyni, Jakobi Guðmundssyni og Jóni Ólafssyni.

I. 1. gr. orðist þannig:

- a. Innflutningsgjald skal greiða í landssjóð af ölföngum og vínföngum, sem til Íslands eru flutt, á þessa leið:
- b. 1. Af alls konar öli (þar með talinn almennur Cider), sem hefur meira en 1^o styrkleika, af hverjum potti 7 áura
- c. Sje á tollskrá þeim og vöruskrá, sem skip eiga með sjer að hafa samkvæmt lögum 15. apr. 1854 (sbr. tilsk. 26. febr. 1872, 2. gr.), eigi tilgreindur styrkleiki ölsins, greiði sá, er í hlut á, gjald af því, nema

- hann láti á sinn kostnað rannsaka styrkleika hins innflutta öls, og sanni með vottorði lögreglustjóra, að styrkleikinn sje eigi meiri en 10.
2. Af brennivíni eða vínanda, af hverjum potti:
- | | | |
|----|--|------|
| d. | a) með 8° styrkleika eða minna | 40 — |
| e. | b) yfir 8° og allt að 12° styrkleika | 60 — |
| f. | c) yfir 12° styrkleika | 80 — |
- g. 3. Af rauðvíni (venjulegu borðvíni) og messuvíni, af hverjum potti, í hverju fláti sem vínið er flutt 15 —
- h. 4. Af öllum öðrum vínföngum, af hverjum potti 60 —
sjeu þau flutt í flátum, er rúmi einn pott eða meira; en sjeu þau flutt í minni flátum, þá greiðist sama gjald af hverjum 3 pelum, sem ella af potti hverjum.
- II. Við 2. gr. orðin: »skal ákveðið semur» breytist þannig:
skal tollheimtumaður ákveða eptir atvikum samkvæmt almennum reglum, sem landsstjórnin setur.
- III. Á eptir 2. gr. komi svo látandi
3. gr. Hjer með er úr gildi numin 1. gr. laga 7. nóvbr. 1879 um breyting á lögum um gjald á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum 11. febr. 1876 og tilsk. 26. febr. 1872.
- IV. 3. gr. verði 4. grein.

Ed.

95. Breytingartillögur

við frv. til laga um breyting á lögum um aðflutningsgjald á tóbaki 11. febr. 1876 (79).—Frá Jóni Ólafssyni.

- 1, 1. gr. falli burt.
- 2, 2. gr. verði 1. gr. og „100 aurar“ breytist í 50 aura.
- 3, 3. gr. verði 2. gr.
- 4, 4. gr. „1., 2. og 4. gr.“ verði að: 2. og 4. gr. og
- 5, „4. gr.“ verði 3. gr. og „5. gr.“ verði 4. gr.

Ed.

96. Breytingartillögur

við frv. til laga um laun landsstjórnar þeirrar, er skipa skal, þá er hin endurskoðaða stjórnarskrá er staðfest (73). Frá Hallgrími Sveinssyni.

1. Við 1. gr. fyrir „14,000“ komi: 16,000
2. — 2. gr. fyrir „5,000“ komi: 7,000
3. — 4. gr. fyrir „6,000“ komi: 8,000

Ed.**97. Breytingartillaga**

við frv. til laga um laun landsstjórnar þeirrar, er skipa skal, þá er hin endurskoðaða stjórnarskrá er staðfest (73).—Frá F. S. Stefánssyni.

Við 1. gr.: Í stað „14,000 kr.“ komi: 15,000 kr.

Ed.**98. Breytingartillögur**

við frv. til laga um breyting á lögum um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, 14. desbr. 1877 (91). — Frá nefndinni.

1. Við 1. gr. fyrir orðin „og hafa“ á eptir -án úrskurðar yfirvalds- komi: en tafarlaust skulu þeir tilkynna lögreglustjóra upptökuna og málavöxtu, og má hann með úrskurði ákveða, að veiðarfærin skuli höfð.
 2. Við 1. gr. á eptir orðunum „með dómi“ bætist inn: eða málssókn gegn honum niður fallin.
 3. Við 1. gr. síðasta orð greinarinnar „veiðarfæra“ breytist í: afla.
-

Ed.**99. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 8. jan. 1886 um lán úr viðlagasjóði til handa sýslufjelögum til æðarvarpsræktar. — Eptir 3. umr. í Nd.

1. gr. Í stað sýslunefnda þeirra, sem nefndar eru í lögum 8. jan. 1886, veitist lánið amtsráði vesturamtsins. Skal það verja því til að eyða flugvargi þeim, er æðarfugli grandar á Breiðafirði og við Strandaflóa samkvæmt reglum þeim, er æðaræktarfelagið á Breiðafirði og við Strandaflóa setur og amtsráðið samþykkir.

2. gr. Endurgjaldinu verður jafnað niður á varpjarðirnar á Breiðafirði og við Strandaflóa, og fer um niðurjöfnunina samkvæmt fyrirmælum 2. gr. í tjeðum lögum, og standi sýslumaður amtsráði skil á gjaldinu fyrir 11. júní, en amtsráðið lúki því tafarlaust í landssjóð.

Ed.**100. Frumvarp**

til laga um laun landsstjórnar þeirrar, er skipa skal, þá er hin endurskoðaða stjórnarskrá er staðfest. — Eptir 2. umr. í Ed.

2. gr. Hver ráðgjafi hefur í laun árlega 6000 kr.
3. gr. Skrifstofustjórar hafa í árslaun 3000 kr. hver.

Nd.

101. Frumvarp

til laga um löggilding nýrra verzlunarstaða. — Eptir 3. umr. í Ed.

Löggiltir verzlunarstaðir skulu vera:

1. Að Haukadal í Dýrafirði.
2. Á Höfn í Sljettuhreppi.
3. Múlahöfn við Hjeraðsflóa í Norður-Múlasýslu.
4. Á Svalbarðseyri við Eyjafjörð.
5. Við Þórshöfn í Gullbringusýslu.
6. Við Haganesvík í Skagafjarðarsýslu.
7. Við Vogavík í Gullbringusýslu.

Nd.

102. Frumvarp

til laga um breyting á lögum um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, 14. desbr. 1877. — Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Fyrir brot móti löggiltri samþykkt má ákveða sektir frá 5—500 króna, er tilfalli fátækra sjóði; svo má og ákveða, að öll veiðarfæri, er brúkuð eru gagnstætt ákvæðum samþykktar, megi skipaðir umsjónarmenn upp taka og í land flytja án úrskurðar yfirvalds, en tafarlaust skulu þeir tilkynna lögreglustjóra upptökuna og málavöxtu, og má hann með úrskurði ákveða, að veiðarfærin skulu höfð í haldi, uns eigandi eða umboðsmaður hans sýnir vottorð lögreglustjóra um það, að sá, er veiðarfærin voru upp tekin fyrir, sje sýknaður með dómi eða málsókn gegn honum niður fallin, eða að hann hafi greitt sektir þær, sem honum hafa verið gjörðar, eða sett fyrir þeim fullgilda tryggingu. Ákveða má og, að afli, sem fenginn er með ólöglegri veiðiaðferð, skuli upptækur vera og andvirði hans renna í fátækra sjóð.

Þó má ákveða þeim, er uppljóstar broti gegn samþykkt, eða tekur upp veiðarfæri, allt að helmingi sekta og aflu.

2. gr. Með lögum þessum er 7. gr. laga um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum, 14. des. 1877, úr gildi numin.

Ed.

103. Frumvarp

til laga um kosningar til alþingis. — Eptir 2. umr. í Ed.

Jafnskjótt sem hin endurskoðaða stjórnarskrá Íslands hefur náð staðfestingu konungs og er komin í gildi, öðlast gildi eptirfylgjandi

Lög

um kosningar til alþingis.

I. kafli.

Almennar ákvarðanir.

Kosningarrjettur og kjörgengi.

1. gr. Með þeim takmörkunum, sem nákvæmar eru teknar fram hjer á eptir (1.—5. gr.) hafa kosningarrjett til alþingis:

- a) allir búandi menn, húsmenn, borgarar, þurraþúðarmenn og aðrir húsráðendur, sem greiða gjald til almennra þarfa;
- b) embættismenn, hvort sem þeir hafa konunglegt veitingarbrjef, eða þeir eru skipaðir af þeim, sem konungur hefir veitt heimild til þess;
- c) þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, prestaskólann eða lækna-skólann í Reykjavík, eða eitthvert annað þess háttar opinbert próf, sem nú er eða kann að verða sett, þótt ekki sju þeir í embætti, ef þeir eru ekki öðrum háðir;
- d) konur þær, er sjálfstæða atvinnu reka eða á einhvern hátt eiga með sig sjálfar og að öðru leyti fullnægja hinum almennu skilyrðum fyrir kosningarrjettinum.

Enginn getur átt kosningarrjett nema hann sje orðinn fullra 25 ára að aldri þegar kosningin fer fram.

2. gr. Enginn getur átt kosningarrjett, nema hann hafi óflekkað mannorð en sá verður eigi talinn að hafa óflekkað mannorð, sem sekur er orðinn að lagadómi um nokkurt það verk, sem svivirðilegt er að almennings álit, nema því að eins að hann hafi fengið uppreist æru sinnar samkvæmt tilsk. 12. marz 1870.

3. gr. Enginn getur átt kosningarrjett, sem eigi er fjár síns ráðandi eða orðinn er gjaldþrota.

4. gr. Enginn getur átt kosningarrjett, sem þiggur af sveit eða hefur þegið sveitarstyrk, nema hann sje annaðhvort endurgoldinn eða honum hafi verið gefinn hann upp.

5. gr. Enginn getur átt kosningarrjett, nema hann, þá er kosningin fer fram, hafi verið heimilsfastur í kjördæminu eitt ár. Sá, sem hefur fast aðsetur á fleiri stöðum, segir sjálfur til, á hverjum staðnum hann vilji neyta kosningarrjettar síns.

6. gr. Kjörgengur til alþingis er hver sá karlmaður, sem hefur kosningarrjett samkvæmt því sem nú var sagt, ef hann

- 1, er ekki þegn annars ríkis eða í þjónustu þess;

2, hefur, að minnsta kosti í síðustu 5 ár, verið í löndum þeim í norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi.

Kjörgengi til efri deildar skal þó bundið við 35 ára aldur.

Kjósa má þann mann, sem heima á utan kjördæmis eða hefur verið innan kjördæmis skemur en eitt ár.

Kjörskrár.

7. gr. Hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skal semja og halda kjörskrár yfir þá menn í hverjum hreppi eða bæ, sem kosningarrjett hafa, og skal kjörskráin samþykkt á lögætum fundi hreppsnefndarinnar eða bæjarstjórnarinnar.

8. gr. Á kjörskrárnar skal setja í sjerstaka dálka fullt nafn kjósenda, aldur þeirra, stjett og heimili, og skal á skránum vera rúm, þar sem rituð verði atkvæðagreiðsla kjósenda. Á hverri kjörskrá skal raða niður nöfnum kjósenda eptir stafrófsröð.

9. gr. Kjörskrárnar skulu samdar einu sinni á ári hverju; skulu þær kjörskrár lagðar til grundvallar, sem þá eru í gildi, en þeir kjósendur úr felldir, sem síðan eru dánir eða hafa flutzt burtu eða misst kosningarrjett sinn (2., 3., 4. og 5. gr.), og þeim bætt við, sem síðan hafa öðlazt kosningarrjett eða fyrir 1. júlímán. fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru um aldur og heimili. Enn fremur skulu þeir, sem að vísu hafa enn ekki fullnægt þeim skilyrðum, sem síðast var getið, en sem vænta má að muni fullnægja þeim einhverntíma á því ári, sem kjörskrárnar skulu gilda fyrir, teknir upp á skrá sjer, og skal um leið tilgreina þann dag á árinu, er þeir annaðhvort verða fullra 25 ára að aldri, eða hafa verið heimilisfastir í kjördæminu 1 ár.

10. gr. Kjörskrárnar skulu leiðrjettar í janúarmánuði ár hvert. Efasemdum þeim, sem þá kunna að koma fram, skal hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skera úr, þá er búið er að fá skýringar um málið.

11. gr. Frá 1. til 21. febrúar, að báðum þessum dögum meðtöldum, skulu kjörskrárnar liggja öllum til sýnis á þeim stað, sem er hentugur fyrir hreppsþúa eða bæjarþúa, eða eptir atvikum á fleiri slíkum stöðum. Staðfest eptirrit af skránum má hafa til að leggja fram. Hvenær og hvar skrárnar verða lagðar fram, skal rækilega birta að minnsta kosti með 14 daga fyrirvara við kirkjufund eða á annan þann hátt, sem vant er að birta almennar auglýsingar þar á staðnum.

12. gr. Áður en 8 dagar eru liðnir frá þeim tíma, er kjörskrárnar hafa legið til sýnis, skal hver sá, er ætlar, að sjer sje ranglega sleppt af skránni, eða að einhver sje þar, sem eigi hafi rjett til þess að standa þar, bera upp fyrir oddvita hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða bæjarstjórnar tilmæli sín um að verða tekinn upp á skrárnar, eða kröfu sína um, að nafn hins verði dregið út, og skulu til færðar ástæður þær, sem krafan er byggð á. Nú er kjósandi fjarverandi úr hreppnum eða bænum um þennan tíma, og má hver annar kjósandi, sem vill, kæra það fyrir hans hönd, ef honum hefur sleppt verið af kjörskrá.

13. gr. Aðfinningum þeim við kjörskrárnar, sem þannig eru komnar fram, skulu hlutaðeigandi sveitarstjórn eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem haldinn skal vera áður en 3 næstu vikur eru liðnar. Til þess fundar skulu með 8

daga fyrirvara brjeflega kvaddir hver í sínu lagi bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinningar, og þeir, sem mælt er á móti, og skal hinum síðar nefndu um leið skýrt frá, hver mótmæli komin sjeu fram gegn þeim. Samkvæmt þeim skjölum, sem málspartarnir leggja fram, og framburði þeirra vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreining þann, sem fram er kominn, og hann ritaður með fám orðum í hina venjulegu gjörðabók hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða bæjarstjórnar. Þegar búið er að leiðrjetta kjörskrárnar samkvæmt þessu, skal oddviti hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða bæjarstjórnar rita nafn sitt undir þær. Eptir þetta verður á því ári engin breyting gjörð á kjörskránum, nema dómur sje á undan genginn (16. gr.).

14. gr. Þá er búið er að leiðrjetta kjörskrárnar, skulu þær alstaðar nema í kaupstöðum samdar í tvennu lagi, og skal oddviti hlutaðeigandi sveitarstjórnar tafarlaust senda aðra skrána oddvita þeirrar sýslunefndar, sem í hlut á; en hann skal fyrir marzmánaðarlok skýra ráðgjafa þeim, sem hlut á að máli, frá, hvort hann hafi tekið við öllum kjörskránum, en ef svo er eigi, hverjar vantí. Fyrir sama tíma skulu oddvitar bæjarstjórna í kaupstöðum skýra ráðgjafa frá, hvort skrárnar sjeu leiðrjettar.

15. gr. Hafi sýslumaður ekki fengið skrárnar í ákveðna tíð, skal hann sekta hlutaðeigandi hreppsnefnd, ef drátturinn er henni að kenna, og tafarlaust krefja hana um skrárnar. Sams konar umsjónar- og aðhalds-vald, sem sýslumenn hafa gagnvart hreppsnefndum, skal ráðgjafi hafa gagnvart sýslumönnum og oddvitum bæjarstjórna.

Nú hefur ráðgjafi eigi fengið tilkynning frá sýslumanni eða bæjarfógeta í ákveðna tíð, og skal hann þá sekta sýslumann eða bæjarfógeta hæfilegum sektum, ef þeim verður gefin sök á drættinum.

Verði það uppvíst, að kjörskrárnar sjeu ekki leiðrjettar álögskipaðan hátt, skal hann þar að auki tafarlaust gjöra þær ráðstafanir, sem fyrir skipaðar eru í lögnum, að við lögðum hæfilegum þvingunarsektum. Þegar slíkt kemur fyrir, hefur ráðgjafinn vald til að stytta sjerhvern lögákveðinn frest.

16. gr. Sá, sem er óánægður með úrskurð þann, er synjar honum kosningarjettar, má heimta, að sjer verði fengið eptirrit af úrskurðinum kauplaust, og getur hann látið málið ganga til dóms og laga. Mál út af þessu skal farið með sem gestarjettarmál. Málspartarnir eru fyrir undirrettum undanþegnir því að greiða rjettargjöld, og skal valdstjórnin skipa mann fyrir hönd sveitarstjórnarinnar eða bæjarstjórnarinnar, sem stefnt er. Verði það dæmt, að sá, sem í hlut á, eigi kosningarjett, skal taka hann upp á kjörskrána jafnskjótt sem hann leggur fram eptirrit af dóminum.

17. gr. Kjörskrárnar gilda frá 1. júlí til 30. júní árið eptir. Samkvæmt þessum skráum skulu allar kosningar til alþingis fram fara á því ári, þó þannig, að þess verði gætt, að þeir menn, sem á aukaskránni eru (9. gr.), því að eins hafa rjett til þess að greiða atkvæði, að þeir fyrir kosningardaginn hafi fullnægt þeim skilyrðum, sem sett eru um aldur og heimili. Ef kosning kemur fyrir optar en einu sinni á ári, skal eptirrit af skránum, sem staðfest sje af sveitarstjórn eða bæjarstjórn, vera á reiðum höndum til afnota við hina nýju kosningu.

II. kafli.

Kosningar til efri deildar.

Kjördæmi og kjörstjórnir.

18. gr. Landið er allt eitt kjördæmi, sem kýs 12 menn til efri deildar alþingis eptir hlutfallskosninga aðferð.

19. gr. Ráðgjafi sá, er fyrir löggæzlumálum stendur, skipar þrjá menn í Reykjavík í aðalkjörstjórn.

Hver hreppur og hver kaupstaður skal vera kjörþinghá út af fyrir sig, og skal þar vera þriggja manna kjörstjórn, er hreppsnefndin eða bæjarstjórnin kýs, og sje að minnsta kosti einn þeirra úr flokki kjósenda þeirra, er eigi sitja í nefndinni.

Sjálfar kjósa kjörstjórnirnar oddvita sinn.

20. gr. Nú forfallast einhver úr kjörstjórninni eða mætir eigi á kjördegi, skulu þá þeir kjörstjórar, sem mættir eru, kveðja til mann í hans stað.

21. gr. Oddviti kjörstjórnarinnar stendur fyrir öllum undirbúningi undir sjálfa kosninguna og sjer um að kjörskrárnar sjeu við á kjörþinginu.

22. gr. Kjörstjórnin heldur kjörbók, þar sem bóka skal, að fram hafi verið lagðar kjörskrárnar og þau brjef, sem til hennar eru komin. Í kjörbókina skal rita hið helzta af því, sem fram fer á kjörþinginu, en þar með skal þó eigi telja ræður þær, sem haldnar verða. Kjörstjórnin skal rita nöfn sín undir kjörbókina, og skulu í kaupstöðum bæjarstjórnirnar geyma hana, en annarstaðar hreppsnefndirnar.

Með fyrstu pósthferð, sem til verður náð eptir kosninguna, skal oddviti kjörstjórnarinnar senda sýslumanni áleiðis til ráðgjafa staðfest eptirrit af kjörbókinni, en ráðgjafinn fær síðan það eptirrit aðalkjörstjórninni, en hún skilar honum því aptur eptir að kosningar eru útkljáðar, en hann afhendir það síðan alþingi, er það kemur saman, ásamt skýrslum þeim, er honum hefur þótt ástæða til að útvega.

Þingmannaefni og tillöguskrár.

23. gr. 20 kjósendur eða fleiri eiga rjett á að semja tillöguskrá til kosninga, og verða þeir að rita nöfn sín og heimili undir hana, og skulu á henni standa nöfn allt að 12 þingmannaefna. Skrá þessa skulu þeir senda ráðgjafa og skal henni fylgja tilkynning þingmannaefna þeirra, sem á skránni eru nefndir, um, að þeir gjöri kost á sjer til kosningar, nema þingmannaefnin hafi með auglýsingum blöðum gjört framboð sitt heyrum kunnugt, því að þá nægir, ef eitt eintak þeirra r auglýsingar fylgir skránni.

Eigi má sami kjósendi rita undir fleiri en eina tillöguskrá.

24. gr. Tillöguskrá verður að vera komin í hendur ráðgjafa að minnsta kosti 15 vikum áður en kosning á fram að fara, ella verður hún eigi tekin til greina.

Ráðgjafi skal gefa hverri tillöguskrá einkunnartölu, eptir röð þeirri, sem þær koma í til hans, og birta skrárnar ásamt nöfnum undirskrifenda í fyrsta blaði B.-deildar Stjórnartíðindanna, sem út kemur eptir að hver þeirra um sig er komin honum í hendur. Allar skulu tillöguskrárnar út komnar í Stjórnartíðindunum svo

tímanlega. að þær verði sendar út um landið með fyrstu pósthferðum, sem falla eptir að þær eiga allar að vera komnar til ráðgjafa.

Kjörfundir og kosningar.

25. gr. Hinn 1. dag júlímánaðar eða næsta virkan dag skulu kosningar fram fara um land allt, nema þingdeildin hafi rofin verið og aukakosningar verið boðaðar á öðrum degi. Skal kjörfundur byrja á hádegi á þingstað kjörþinghárinnar. Skal oddviti kjörstjórnar setja kjörþingið og lesa upp boðskap þann, er skipar fyrir um kosningarnar. Kjörstjórnin skal fram leggja tillöguskránnar. Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannaefna sje sannað fyrir kjörstjórninni. Komi fram við kosninguna mótmæli gegn kjörgengi þeirra, getur kjörstjórnin að vísu eigi bannað umræður um það, en heldur eigi fyrir þá sök skorast undan að bjóða þá fram til kosningar. Alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru.

26. gr. Kosningar gilda vanalega til 6 ára og telst kjörtíminn frá kosningardegi. Verði deildin rofin, kveður landsstjórnin á um, hvenær kjósa skuli.

27. gr. Sje eitt eða fleiri þingmannaefna á kjörfundi, eiga þau rjett á að taka til máls, og sömuleiðis undirskrifendur tillöguskránnar. Að öðru leyti er það á valdi kjörstjórnar, að stjórna umræðum og takmarka þær eptir þörfum.

28. gr. Þá er umræðum er lokið, ganga kjósendur til kosningar, en kosning fer fram á þann hátt, að hver kjósandi nefnir einkunnartölu þeirrar tillöguskrár, er hann vill atkvæði greiða.

Kjósendur greiða atkvæði í þeirri röð, sem nöfn þeirra standa í á kjörskrá.

29. gr. Kjörstjórnin skal hafa staðfest eptirrit af kjörskránni, og eina skrá yfir allar tillöguskránnar. Oddviti kjörstjórnarinnar hefur kjörskráreptirritið og les upp af því nöfn kjósenda í röð; annar meðkjörstjórnanna hefur sjálfa kjörskrána, og ritar á hana aptan við nafn hvers kjósenda einkunnartölu tillöguskrár þeirrar, er kjósandi tilnefnir. Hinn meðkjörstjórninn hefur skrána yfir tillöguskránnar og ritar hann nafn hvers kjósenda við tillöguskrá þá, er hann greiðir atkvæði. Kjörstjórnin verður að kannast við hvern kjósenda, eða hafa á annan hátt tryggingu fyrir, að kjósandinn sje sá, sem á skránni er nefndur. Áður en kjósandi gengur frá, skal lesa upp fyrir honum nafn hans og einkunnartölu skrár þeirrar, er hann hefur gefið atkvæði, svo að hann kannist við, að rjett sje ritað, og til tryggingar því, að skránum beri saman.

Enginn getur neytt kosningarrjettar síns, nema hann mæti sjálfur á kjörþingi og greiði atkvæði munnlega.

Þá er engir fleiri kjósendur gefa sig fram til að greiða atkvæði, skal oddviti hátt og snjallt skora á þá kjósendur, sem eigi hafa greitt atkvæði, að gjöra það, og skal hann um leið setja stuttan frest til þess, en frestur þessi má þó ekki, hvornig sem á stendur, vera skemmri en svo, að 2 klukkustundir líði frá því að kosningargjörðin byrjandi, og þótt sá frestur sje liðinn, skal eigi atkvæðagreiðslu lokið meðan kjósendur gefa sig fram til hennar án þess hlje verði á.

Þegar engir fleiri kjósendur æskja að taka þátt í kosningunni samkvæmt því, sem sagt er, færa kjörstjórnir inn atkvæði sjálfra sín og rita nöfn sín bæði undir kjörskrána og atkvæðaskrána og er þá atkvæðagreiðslu lokið.

30. gr. Þá er atkvæðagreiðsla er lokið, skal bera saman kjörskrá og atkvæðaskrá og telja saman atkvæði; síðan skal kjörstjórnin rita í kjörbókina atkvæðatölu þá, er hver tillöguskrá hefur hlotið, og skal kjörstjórnin síðan rita undir kjörbókina. Síðan skal lesa það upp, er bókað hefur verið um kosninguna, í heyranda hljóði fyrir þingheimi. Kjörstjórnin skal samdægurs taka eptirrit af kjörbókinni, rita undir það, og senda, svo sem áður er fyrir mælt (22. gr.), ráðgjafa eptirritið.

31. gr. Þegar er ráðgjafi hefur fengið í hendur eptirrit af öllum kjörbókunum, afhendir hann þau aðalkjörstjórninni, en hún skal tafarlaust koma saman til að rannsaka, hverjir kosnir eru.

Fyrst skal aðalkjörstjórnin telja saman fjölda atkvæða þeirra, er greidd hafa verið um land allt, og deila þeirri tölu með tölu þingmanna þeirra, er kjósa skal (12); komi brot út við deilinguna, skal gjöra það að einum heilum. Tala sú, sem þannig kemur út, er hlutfallstala sú, er leggja skal til grundvallar fyrir kosningunni. Síðan skal telja saman, hve mörg atkvæði hver tillöguskrá hefir hlotið, og skal þeirri tölu, sem þá kemur út, deilt með hlutfallstölunni. Sú heila tala, sem þá kemur út, sýnir, hve mörg af þingmannaefnum hvefarr skrár hafa kosningu hlotið. En það eru jafnan þeir, er efstir standa á skránni.

Verði eigi nógu margir þingmenn kosnir á þennan hátt, skal taka næsta þingmannsefnið á þeirri skrá, er stærst brot hafði, þá er deilt var með hlutfallstölunni, þar næst eitt af þeirri skrá, er næst—stærst brot hafði, og svo koll af kalli uns fullri þingmannatölu er náð. Nú hafa tvær skrár eða fleiri jafnstór brot, og ræður þá hlutkesti.

Nú er þingmaður kosinn á tveim skráum eða fleirum, og ræður þá hlutkesti, af hverri skrá hann skal kosinn; af hinum skránum skal út stryka nafn hans, og skal þá tekið í stað hans það nafn á hverri, er næst stendur til.

32. gr. Nú er tala nafna á tillöguskrá lægri, en tala þeirra þingmanna, er eptir henni ættu kosnir að vera, og skal þá í stað þeirra, sem vantar, taka þingmannaefni af þeim skráum, er enn hefur enginn verið kosinn af, hinn fyrsta af þeirri skrá, sem næst stendur til, annan af þeirri, sem þar er næst á eptir, o. s. frv.

33. gr. Nú deyr þingmannsefni eða þingmaður, eða annað ber til að autt verður þingmannssæti í deildinni, og er þá sá rjett kjörinn þingmaður í hans stað, er næstur stendur kosningu eptir því sem sagt er í 31. og 32. gr. Slík kosning gildir til næstu almennu kosninga.

34. gr. Aðalkjörstjórnin skal kjörbók halda, og rita í hana atkvæðatöluna úr hverju kjördæmi og skýrslu um aðferð sína við kosninguna, og skal hún þegar senda ráðgjafanum staðfest eptirrit af kjörbókinni. Ráðgjafi skal tafarlaust birta eptirritið í Stjórnartíðindunum, deildinni B., og senda með fyrstu pósthæðum eitt eintak hverjum hinna nýkosnu þingmanna og hverri kjörstjórn.

III. kafli.

Kosningar til neðri deildar.

Kjördæmi og kjörstjórnir.

35. gr. Sjerhvert sýslufjelag og bæjarfjelag á landinu skal vera kjördæmi út af fyrir sig og kjósa einn þingmann.

36. gr. Fyrir hvert kjördæmi skal setja kjörstjórn. Skal í kaupstöðum oddviti bæjarstjórnarinnar vera oddviti kjörstjórnarinnar og skulu að auki vera í henni 2 menn, sem bæjarstjórnin kveður til, einn úr sínum flokki og einn úr flokki kjósenda. En í hinum kjördæmunum er sýslumaður oddviti kjörstjórnarinnar og eru í henni að auki einn af sýslunefndarmönnum og einn af kjósendum, sem sýslunefndin kys.

37. gr. Oddviti kjörstjórnar stendur fyrir öllum undirbúningi undir sjálfa kosninguna og sjer um að kjörskrárnar sjeu við á kjörþinginu.

38. gr. Kjörstjórnin heldur kjörbók, þar sem bóka skal, að fram hafi verið lagðar kjörskrárnar og þau brjef, er til hennar eru komin. Í kjörbókina skal rita hið helzta af því, er fram fer á kjörþinginu, en þar með skal þó eigi telja ræður þær, sem haldnar verða. Kjörstjórnin skal rita nöfn sín undir kjörbókina og skulu í kaupstöðunum bæjarstjórnirnar geyma hana, en annarstaðar sýslunefndirnar.

Í síðasta lagi 8 dögum eptir kosninguna skal oddviti kjörstjórnarinnar senda ráðgjafa staðfest eptirrit af því, sem ritað er í kjörbókina um kosningu þá, sem fram hefur farið. Ráðgjafi fær síðan alþingi, er það kemur saman, eptirrit þetta ásamt skýrslum þeim, sem honum hefur þótt ástæða til að útvega.

Þingmanna-efni.

39. gr. Enginn, sem ekki mætir sjálfur á kjörþingi, hvort heldur hann á heimili innan kjördæmis eða utan, getur orðið fyrir kosningu þegar kjósa á alþingismann, nema 1 eða fleiri af kjósendum í kjördæminu, í síðasta lagi fyrir náttmál kvöldinu fyrir þann dag, er kosningin skal fram fara, hafi skriflega skýrt oddvita kjörstjórnarinnar frá, að hann taki við kosningu og lýsi yfir því, að þeir vilji mæla fram með honum til þeirrar kosningar, sem til stendur, og skal þar með fylgja skrifleg yfirlýsing, frá þeim, sem í hlut á, um að hann sje fús til að taka á móti kosningu, og að hann hafi eigi boðið sig fram til kosningar í nokkru öðru kjördæmi, er eigi hafi þá þegar hafnað framboði hans.

Nú vilja nokkrir kjósendur kjósa til alþingismanns einhvern þeirra, sem á kjörþingi eru, skal hann þá gefa kost á sjer áður en kosning byrjar, svo að oddviti kjörstjórnarinnar viti, að hann vill við kosningu taka, og geti boðið hann fram.

40. gr. Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannaefna sje sannað fyrir kjörstjórninni. Komi fram við kosninguna mótmæli gegn kjörgengi þeirra, getur kjörstjórnin að vísu eigi bannað umræður um það, en heldur ekki fyrir þá sök skorast undan að bjóða þá fram til kosningar. Alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru.

41. gr. Verði það uppvíst, að eitthvert þingmannsefni hafi gefið kost á sjer í fleirum en einu kjördæmi, er sú kosning eða þær kosningar ógildar, sem hann kann að verða fyrir, nema því að eins að skilyrði því, sem sett er í 39. gr., sje fullnægt.

Kjörfundir og kosningar.

42. gr. Hinar almennu kosningar til neðri deildar eiga venjulega fram að fara 6. hvørt ár.

Þegar slíkar kosningar eiga fram að fara, annaðhvort fyrir þá sök, að kjörtíminn er á enda, eða vegna þess að alþingi er rofið, verður gefið út um það opið brjef, þar sem landstjóri skipar fyrir, að kosningarnar skuli fram fara.

Kosningarnar til neðri deildar skulu venjulega haldnar í septembermánuði árið áður en alþingi á að koma saman.

43. gr. Kjörtíminn skal talinn frá 1. september, ef ákveðið er samkvæmt 42. gr. að kosningarnar skuli fram fara í þeim mánuði, en ef það kynni að verða ákveðið, að kosningarnar skuli fram fara á öðrum tíma árs, skal nákvæmar sagt fyrir um það í fyrnefndu opnu brjefi, frá hvaða degi kjörtíminn skal talinn.

44. gr. Nú verður autt sæti í deildinni, svo sem ef þingmaður deyr, missir kjörgengi, eða hlýtur kosningu til efri deildar (sjá 33. gr.), gildir þá hin nýja kosning fyrir svo langan tíma, sem sá átti eptir, er frá fór.

Þegar einstakar kosningar skulu fram fara, gjörir landstjórinn fyrirskipun um það.

45. gr. Kosningar fara fram í kjördæmi hverju á kjörþingi og má hver koma þar, er vill.

46. gr. Kjörþing skal halda á þeim þingstað, sem næstur er miðju kjördæminu, en sje hann óhentugur, þá á öðrum stað, er sýslunefndin til tekur.

47. gr. Oddviti kjörstjórnarinnar skal tiltaka dag og klukkustund, er kjörþingið skal haldið, og auglýsa með 4 vikna fyrirvara á kirkjufundum eða á annan venjulegan hátt kjörþingstaðinn og hvenær kjörþingið skal haldið.

48. gr. Oddviti kjörstjórnar setur kjörþingið og les upp hið opna brjef eða þann úrskurð landstjóra, er fyrirskipar kosninguna. Hann nefnir síðan nöfn þess eða þeirra þingmannaefna, sem boðið hafa sig fram, og svo þeirra kjósenda, sem mæla fram með kosningu þeirra, og skorar á þá að ganga fram og kannast við meðmælingu sína. Sjeu þeir eigi komnir á fund, og hafi eigi tjáð forföll, sem kjörstjórnin álitur gild, eða ef þeir skorast undan að standa við hina skriflegu meðmælingu sína, verður hún eigi tekin til greina, og ef þannig má álíta, að einhver af þeim, sem gefið hafa til kynna, að þeir taki við kosningu, hafi eigi lengur meðmælingu til kosningar frá neinum kjósenda í kjördæminu, getur hann eigi orðið borinn fram til kosningar. — Kjósendur þeir, sem eru á fundi og standa þar við meðmælingu sína með einhverju þingmannsefni, eiga rjett á að taka til máls, og lið sama er um þau þingmannsefni, sem boðin eru fram til kosningar. Að öðru leyti má bjóða þingmannsefni fram til kosningar, þótt eigi sje hann sjálfur á kjörþingi. Enn fremur er sjerhverjum kjósenda, sem er viðstaddur, heimilt að leggja spurningar fyrir þá kjósendur, sem mæla fram með einhverjum til kosningar, og eins fyrir þingmannsefni þau, sem eru á fundinum, og er þeim sömuleiðis heimilt að svara spurningunum. Þó má eigi bera upp neina slíka spurningu fyr en meðmælendum og þeim þingmannsefnum, sem eru viðstödd, hefur verið gefinn kostur á að taka til máls, Kjósendur þeir, er mæla fram með einhverjum til kosningar, og þingmannsefni, skulu látin taka til máls eptir stafrófsröð upphafsstafa.

Oddviti stýrir umræðunum og skal sjá um, að bæði þær og kosningin fari

fram í góðri reglu. Enginn af kjörstjórum má tala með eða móti kosningu nokkurs þingmannsefnis. Þjóði nokkur úr kjörstjórn sig fram til kosningar, skal hann þegar úr kjörstjórn vfkja, og himir, sem eptir verða, kjósa annan mann í hans stað.

Oddviti sltur umræðunum, þegar honum þykir það við eiga, og skorar hann síðan á kjósendur að ganga til kosningar með því að gefa atkvæði sitt einu af þeim þingmannaefnum, sem boðin hafa verið fram til kosningar. Þótt eigi sjeu fleiri en eitt þingmannsefni í boði, skal atkvæðagreiðsla þó fram fara.

49. gr. Kjörstjórnin ákveður, í hvaða röð hrepparnir kjósa; kjósendur úr hverjum hreppi greiða atkvæði eptir stafaröð á kjörskránni. Enginn getur neytt kosningarrjettar síns, nema hann sjálfur komi á kjörþing.

50. gr. Oddviti kjörstjórnarinnar á eigi þátt í því að taka við atkvæðum. Annar meðkjörstjórnanna ritar, eptir að hann hefur kannast við kjósendurna, nafn þess þingmannsefnis, sem kjósendi greiðir atkvæði sitt, við hliðina á hans eigin nafni í sjálfri kjörskránni. Hinn meðkjörstjórnarinn ritar á sjerstaka atkvæðaskrá nafn kjósenda við hliðina á nafni þess þingmannsefnis, sem hann hefur gefið atkvæði sitt. Áður en kjósendinn gengur frá, skal lesa upp fyrir honum bæði hans eigið nafn, og nafn þess, sem hann hefur kosið, til tryggingar því, að rjett sje ritað á báðar skrárnar og að því beri saman hvoru við annað.

Þegar engir fleiri kjósendur gefa sig fram, til þess að greiða atkvæði, skal oddviti hátt og snjallt skora á þá kjósendur, sem eigi hafa greitt atkvæði, að gjöra það, og skal hann um leið setja stuttan frest til þess; en frestur þessi má þó ekki, hvernig sem á stendur, vera skemmri en svo, að 2 klukkustundir liði frá því, að kosningargjörðin byrjaði, og þótt sá frestur sje liðinn, skal eigi atkvæðagreiðslu lokið meðan kjósendur gefa sig fram til hennar án þess að hlje verði á.

Þegar engir fleiri kjósendur æskja að taka þátt í kosningunni, samkvæmt því, sem sagt er, færa kjörstjórnarnir (sjeu þeir kjósendur) inn atkvæði sjálfra sín og rita nöfn sín bæði undir kjörskrána og atkvæðaskrána, og er þá atkvæðagreiðslu lokið.

51. gr. Eptir að búið er að bera saman kjörskrárnar og atkvæðaskrána, skal telja saman atkvæði. Sá, sem hlotið hefur flest atkvæði, er þá kosinn alþingismaður fyrir kjördæmið. Þó er enginn rjett kjörinn alþingismaður, nema hann hafi hlotið meira en helming þeirra atkvæða, sem greidd eru. — Hljóti enginn af þeim, sem boðnir eru fram til kosningar, svo mörg atkvæði, skal aptur kjósa óbundnum kosningum; fái þá ena enginn þann atkvæðafjölda, sem með þarf, skal kjósa enn á ný, en að eins milli þeirra tveggja, sem við hina seinni kosningu höfðu flest atkvæði. Sje svo, að fleiri hafi við aðra kosningu fengið jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti ráða, hvor þeirra geti orðið boðinn fram til hinnar bundnu kosningar. Sömuleiðis skal hlutkesti ráða, ef atkvæði eru jöfn við þriðju kosningu.

52. gr. Í kjörbók skal skráð, hver úrslit kosning hafi fengið, og skal odd-

viti kjörstjórnarinnar lýsa yfir því fyrir þingheiminum. Sömuleiðis skal hann svo fljótt, sem verða má, tilkynna kosninguna þeim, sem kjörinn er, sje hann eigi viðstaddur. Atkvæðaskrána skal leggja við kjörbókina og skal öll kjörstjórnin rita nöfn sín undir hana.

53. gr. Kjörstjórnin fær hverjum, sem kosinn er, kjörbrjef. Skal það samið samkvæmt fyrirmynd, sem ráðgjafinn segir fyrir um, og skal kjörstjórnin rita undir það nöfn sín.

IV. kafli.

Sameiginlegar ákvarðanir um kostnað o. fl.

54. gr. Alþingismenn fá í endurgjald 6 kr. fyrir hvern dag bæði fyrir þann tíma, sem þeir þurfa til ferðarinnar til alþingis og frá því, og fyrir þann tíma, sem þeir eru á alþingi. Sömuleiðis fá þeir endurgjöldin ferðakostnað eptir reikningi, sem nefnd, kosin af hinu sameinaða alþingi, úrskurðar, og forseti í hlutaðeigandi þingdeild ávísar. Þessi útgjöld greiðast úr landssjóðnum.

55. gr. Kjörstjórnir við kosningar til neðri deildar mega, annarstaðar en í kaupstöðum, reikna sjer fæðispeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað samkvæmt tilsk. um sveitastjórn á Íslandi 4. maí 1872, 33. gr., þannig að útgjöldin greiðist úr sýslusjóðnum. Ef annar kostnaður verður við kosningarnar, t. a. m. til prentunar kjörkráanna, til auglýsinga o. fl., skal einnig greiða hann úr sýslusjóðnum. Í kaupstöðunum skal greiða útgjöld þessi úr sjóði bæjarins.

56. gr. Vanræki nokkur störf þau, sem honum eru á hendur falin með lögum þessum, skal hann sæta 25 til 500 króna sektum, ef þyngri hegning liggur eigi við samkvæmt lögum.

57. gr. Þá er lög þessi öðlast gildi, eru eldri lög og ákvarðanir um kosningar til alþingis úr lögum numin.

Ákvæði um stundarsakir.

Þangað til tala sýslufjelaga og bæjarfjelaga á landinu verður 24, skulu í Árnessýslu 2 þingmenn kosnir til neðri deildar alþingis, og skulu meðan svo stendur fyrirælin í 35., 48., 50., 51. og 52. gr. þessara laga eigi vera því til fyrirstöðu, að farið sje eptir sömu aðferð, sem nú gildir með kosningar þar í sýslu, að því leyti, sem af þessari tilhögun leiðir.

Nd.

104. Fyrirspurn

til landshöfðingja um landsbankann.—Frá Þorleifi Jónssyni.

Hvers vegna framkvæmir landsbankinn ekki þau ætlunarverk, sem 6. gr. bankalaganna hefur sett honum? Hvers vegna lánar bankinn ekki móti trygging í húsum annarsstaðar en í Reykjavík, eða móti sjálfskuldarábyrgð annara en þeirra, sem búsettir eru í Reykjavík eða í nágrenni við hana? Hvers vegna gjörir bankastjórnin mönnum viðskipti við bankann mjög svo ógreið og óhagkvæm með því, meðal annars, að hafa ekki bankann opinn, nema að eins tvisvar sinnum í viku, 2 tíma í hvert skipti, og taka jafnan rentu af lánnum fyrir fram fyrir eitt ár?

Nd.**105. Viðaukatillaga**

við frv. til laga um afnám svonefndra Maríu- og Pjeturslamba (76). — Frá Þorláki Guðmundssyni, Þ. Bjarnarsyni, Árna Jónssyni, Jóni Þórarinssyni, Pálf Ólafssyni og Þórarni Bóðvarssyni.

Aptan við greinina bætist (punkturinn breytist í kommu): „þannig, að eigendum jarða þeirra, sem kvóð þessi hvílir á, verði gefinn kostur á að kaupa hana af jörðum sínum fyrir svo mikið verð, að 6% vextir þess samsvari þeim tekjum, er prestaköllin hafa haft af kvóðunum árlega að meðaltali næsta 5 ára tímabil á undan.

Kaupverðið skal gjörast arðberandi hlutaðeigandi prestaköllum undir yfirumsjón biskupsins“.

Ed.**106. Viðaukatillaga**

við frumvarp til laga um laun landsstjórnar þeirrar, er skipa skal, þá er hin endurskoðaða stjórnarskrá er staðfest. Eptir 2. umr. í Ed. (100) — Frá Sighvati Árnasyni, Friðrik Stefánssyni, Skúla Þorvarðarsyni og B. Kristjánssyni.

1. Framan við frumvarpið bætist: „1. gr. Landstjóri hefur í laun 15,000 kr. árlega og leigulausan bústað“.
2. Aptan við frumvarpið bætist: „4. gr. Til skrifstofukostnaðar á ráðgjafaskrifstofunum hefur allt ráðaneytið umráð yfir allt að 8000 kr. árlega“.

Ed.**107. Breytingartillaga**

við frumv. til laga um kosningar til alþingis (103). — Frá nefndinni.

Í „ákvæðum um stundarsakir“: „51. og 52.“ breytist í: „51., 52. og 57.“

Nd.**108. Frumvarp**

til laga um laun landsstjórnar þeirrar, er skipa skal, þá er hin endurskoðaða stjórnarskrá er staðfest. — Eptir 3. umr. í Ed.

1. gr. Landstjóri hefur í laun 15,000 kr. árlega og leigulausan bústað.
2. gr. Hver ráðgjafi hefur í laun árlega 6,000 kr.
3. gr. Skrifstofustjórar hafa í árslaun 3,000 kr. hver.
4. gr. Til skrifstofukostnaðar á ráðgjafaskrifstofunum hefur allt ráðaneytið umráð yfir allt að 8,000 kr. árlega.

Nd.

109. Frumvarp

til laga um kosningar til alþingis. — Eptir 3. umr. í Ed.

Jafnskjótt sem hin endurskoðaða stjórnarskrá Íslands hefur náð staðfestingu konungs og er komin í gildi, öðlast gildi eptirfylgjandi

Lög

um kosningar til alþingis.

I. kafli.**Almennar ákvarðanir.***Kosningarrjettur og kjörgengi.*

1. gr. Með þeim takmörkunum, sem nákvæmar eru teknar fram hjer á eptir (1.—5. gr.) hafa kosningarrjett til alþingis:

- a) allir búandi menn, húsmenn, borgarar, þurrabúðarmenn og aðrir húsráðendur, sem greiða gjald til almennra þarfa;
- b) embættismenn, hvort sem þeir hafa konunglegt veitingarbrjef, eða þeir eru skipaðir af þeim, sem konungur hefir veitt heimild til þess;
- c) þeir, sem tekið hafa lærdómspróf við háskólann, prestaskólann eða lækna-skólann í Reykjavík, eða eitthvert annað þess háttar opinbert próf, sem nú er eða kann að verða sett, þótt ekki sjeu þeir í embætti, ef þeir eru ekki öðrum háðir;
- d) konur þær, er sjálfstæða atvinnu reka eða á einhvern hátt eiga með sig sjálfar og að öðru leyti fullnægja hinum almennu skilyrðum fyrir kosningarrjettinum.

Enginn getur átt kosningarrjett nema hann sje orðinn fullra 25 ára að aldri þegar kosningin fer fram.

2. gr. Enginn getur átt kosningarrjett, nema hann hafi óflekkað mannorð en sá verður eigi talinn að hafa óflekkað mannorð, sem sekur er orðinu að lagadómi um nokkurt það verk, sem svívirðilegt er að almennings áliti, nema því að eins að hann hafi fengið uppreist æru sinnar samkvæmt tilsk. 12. marz 1870.

3. gr. Enginn getur átt kosningarrjett, sem eigi er fjár síns ráðandi eða orðinn er gjaldþrota.

4. gr. Enginn getur átt kosningarrjett, sem þiggur af sveit eða hefur þegið sveitarstyrk, nema hann sje annaðhvort endurgoldinn eða honum hafi verið gefinn hann upp.

5. gr. Enginn getur átt kosningarrjett, nema hann, þá er kosningin fer fram, hafi verið heimilsfastur í kjörðæminu eitt ár. Sá, sem hefur fast aðsetur á fleiri stöðum, segir sjálfur til, á hverjum staðnum hann vilji neyta kosningarrjettar síns.

6. gr. Kjörgengur til alþingis er hver sá karlmaður, sem hefur kosningarrjett samkvæmt því sem nú var sagt, ef hann

- 1, er ekki þegn annars ríkis eða í þjónustu þess;

2. hefur, að minnsta kosti í síðustu 5 ár, verið í löndum þeim í norðurálfunni, sem liggja undir Danaveldi.
- Kjöngengi til efri deildar skal þó bundið við 35 ára aldur.
- Kjósmaður má þann mann, sem heima á utan kjördæmis eða hefur verið innan kjördæmis skemur en eitt ár.

Kjörskrár.

7. gr. Hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skal semja og halda kjörskrár yfir þá menn í hverjum hreppi eða bæ, sem kosningarrjett hafa, og skal kjörskráin samþykkt á lögætum fundi hreppsnefndarinnar eða bæjarstjórnarinnar.

8. gr. Á kjörskrárnar skal setja í sjerstaka dálka fullt nafn kjósenda, aldur þeirra, stjett og heimili, og skal á skránum vera rúm, þar sem rituð verði af kvæðagreiðsla kjósenda. Á hverri kjörskrá skal raða niður nöfnum kjósenda eptir stafrófsröð.

9. gr. Kjörskrárnar skulu samdar einu sinni á ári hverju; skulu þær kjörskrár lagðar til grundvallar, sem þá eru í gildi, en þeir kjósendur úr felldir, sem síðan eru dánir eða hafa flutzt burtu eða misst kosningarrjett sinn (2., 3., 4. og 5. gr.), og þeim bætt við, sem síðan hafa öðlzt kosningarrjett eða fyrir 1. júlímán. fullnægja þeim skilyrðum, sem sett eru um aldur og heimili. Enn fremur skulu þeir, sem að vísu hafa enn ekki fullnægt þeim skilyrðum, sem síðast var getið, en sem vænta má að muni fullnægja þeim einhverntíma á því ári, sem kjörskrárnar skulu gilda fyrir, teknir upp á skrá sjer, og skal um leið tilgreina þann dag á árinu, er þeir annaðhvort verða fullra 25 ára að aldri, eða hafa verið heimilisfastir í kjördæminu 1 ár.

10. gr. Kjörskrárnar skulu leiðrjettar í janúarmánuði ár hvert. Efasemdum þeim, sem þá kunna að koma fram, skal hlutaðeigandi hreppsnefnd eða bæjarstjórn skera úr, þá er búið er að fá skýringar um málið.

11. gr. Frá 1. til 21. febrúar, að báðum þessum dögum meðtöldum, skulu kjörskrárnar liggja öllum til sýnis á þeim stað, sem er hentugur fyrir hreppsþúa eða bæjarþúa, eða eptir atvikum á fleiri slíkum stöðum. Staðfest eptirrit af skránum má hafa til að leggja fram. Hvenær og hvar skrárnar verða lagðar fram, skal rækilega birta að minnsta kosti með 14 daga fyrirvara við kirkjufund eða á annan þann hátt, sem vant er að birta almennar auglýsingar þar á staðnum.

12. gr. Áður en 8 dagar eru liðnir frá þeim tíma, er kjörskrárnar hafa legið til sýnis, skal hver sá, er ætlar, að sjer sje ranglega sleppt af skránni, eða að einhver sje þar, sem eigi hafi rjett til þess að standa þar, bera upp fyrir oddvita hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða bæjarstjórnar tilmæli sín um að verða tekinn upp á skrárnar, eða kröfu sína um, að nafn hins verði dregið út, og skulu til færðar ástæður þær, sem krafan er byggð á. Nú er kjósandi fjarverandi úr hreppnum eða þænum um þennan tíma, og má hjer annar kjósandi, sem vill, kæra það fyrir hans hönd, ef honum hefur sleppt verið af kjörskrá.

13. gr. Aðfinningum þeim við kjörskrárnar, sem þannig eru komnar fram, skulu hlutaðeigandi sveitarstjórn eða bæjarstjórn skera úr á opinberum fundi, sem haldinn skal vera áður en 3 næstu vikur eru liðnar. Til þess fundar skulu með 8

daga fyrirvara brjeflega kvaddir hver í sínu lagi bæði þeir, sem fram hafa komið með aðfinningar, og þeir, sem mælt er á móti, og skal hinum síðar nefndu um leið skýrt frá, hver mótmæli komin sju fram gegn þeim. Samkvæmt þeim skjölum, sem málspartarnir leggja fram, og framburði þeirra vitna, sem þeir leiða, skal leggja úrskurð á ágreining þann, sem fram er kominn, og hann ritaður með fám orðum í hina venjulegu gjörðabók hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða bæjarstjórnar. Þegar búið er að leiðrjetta kjörskrárnar samkvæmt þessu, skal oddviti hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða bæjarstjórnar rita nafn sitt undir þær. Eptir þetta verður á því ári engin breyting gjörð á kjörskránum, nema dómur sje á undan genginn (16. gr.).

14. gr. Þá er búið er að leiðrjetta kjörskrárnar, skulu þær alstaðar nema í kaupstöðum samdar í tvennu lagi, og skal oddviti hlutaðeigandi sveitarstjórnar tafarlaust senda aðra skrána oddvita þeirrar sýslunefndar, sem í hlut á; en hann skal fyrir marzmánaðarlök skýra ráðgjafa þeim, sem hlut á að máli, frá, hvort hann hafi tekið við öllum kjörskránum, en ef svo er eigi, hverjar vanti. Fyrir sama tíma skulu oddvitar bæjarstjórna í kaupstöðum skýra ráðgjafa frá, hvort skrárnar sju leiðrjettar.

15. gr. Hafi sýslumaður ekki fengið skrárnar í ákveðna tíð, skal hann sekta hlutaðeigandi hreppsnefnd, ef drátturinn er henni að kenna, og tafarlaust krefja hana um skrárnar. Sams konar umsjónar- og aðhalds-vald, sem sýslumenn hafa gagnvart hreppsnefndum, skal ráðgjafi hafa gagnvart sýslumönnum og oddvitum bæjarstjórna.

Nú hefur ráðgjafi eigi fengið tilkynning frá sýslumanni eða bæjarfógeta í ákveðna tíð, og skal hann þá sekta sýslumann eða bæjarfógeta hæfilegum sektum, ef þeim verður gefin sök á drættinum.

Verði það uppvíst, að kjörskrárnar sju ekki leiðrjettar álögskipaðan hátt, skal hann þar að auki tafarlaust gjöra þær ráðstafanir, sem fyrir skipaðar eru í lögnum, að við lögðum hæfilegum þvingunarsektum. Þegar slíkt kemur fyrir, hefur ráðgjafinn vald til að stytta sjerhvern lögákveðinn frest.

16. gr. Sá, sem er óánægður með úrskurð þann, er synjar honum kosningarjettar, má heimta, að sjer verði fengið eptirrit af úrskurðinum kauplaust, og getur hann látið málið ganga til dóms og laga. Mál út af þessu skal farið með sem gestarjettarmál. Málspartarnir eru fyrir undirrettum undanþegnir því að greiða rjettargjöld, og skal valdstjórnin skipa mann fyrir hönd sveitarstjórnarinnar eða bæjarstjórnarinnar, sem stefnt er. Verði það dæmt, að sá, sem í hlut á, eigi kosningarjett, skal taka hann upp á kjörskrána jafnskjótt sem hann leggur fram eptirrit af dóminum.

17. gr. Kjörskrárnar gilda frá 1. júlí til 30. júní árið eptir. Samkvæmt þessum skráum skulu allar kosningar til alþingis fram fara á því ári, þó þannig, að þess verði gætt, að þeir menn, sem á aukaskránni eru (9. gr.), því að eins hafa rjett til þess að greiða atkvæði, að þeir fyrir kosningardaginni háfi fullnægt þeim skilyrðum, sem sett eru um aldur og heimili. Ef kosning kemur fyrir optar en einu sinni á ári, skal eptirrit af skránum, sem staðfest sje af sveitarstjórn eða bæjarstjórn, vera á reiðum höndum til afnota við hina nýju kosningu.

II. kafli.

Kosningar til efri deildar.

Kjördæmi og kjörstjórnir.

18. gr. Landið er allt eitt kjördæmi, sem kýs 12 menn til efri deildar alþingis eptir hlutfallskosninga aðferð.

19. gr. Ráðgjafi sá, er fyrir löggæzlumálum stendur, skipar þrjá menn í Reykjavík í aðalkjörstjórn.

Hver hreppur og hver kaupstaður skal vera kjörþinghá út af fyrir sig, og skal þar vera þriggja manna kjörstjórn, er hreppsnefndin eða bæjarstjórnin kýs, og sje að minnsta kosti einn þeirra úr flokki kjósenda þeirra, er eigi sitja í nefndinni.

Sjálfar kjósa kjörstjórnirnar oddvita sinn.

20. gr. Nú forfallast einhver úr kjörstjórninni eða mætir eigi á kjördegi, skulu þá þeir kjörstjórar, sem mættir eru, kveðja til mann í hans stað.

21. gr. Oddviti kjörstjórnarinnar stendur fyrir öllum undirbúningi undir sjálfa kosninguna og sjer um að kjörskrárnar sjeu við á kjörþinginu.

22. gr. Kjörstjórnin heldur kjörbók, þar sem bóka skal, að fram hafi verið lagðar kjörskrárnar og þau brjef, sem til hennar eru komin. Í kjörbókina skal rita hið helzta af því, sem fram fer á kjörþinginu, en þar með skal þó eigi telja ræður þær, sem haldnar verða. Kjörstjórnin skal rita nöfn sín undir kjörbókina, og skulu í kaupstöðum bæjarstjórnirnar geyma hana, en annarstaðar hreppsnefndirnar.

Með fyrstu pósthferð, sem til verður náð eptir kosninguna, skal oddviti kjörstjórnarinnar senda sýslumanni áleiðis til ráðgjafa staðfest eptirrit af kjörbókinni, en ráðgjafinn fær síðan það eptirrit aðalkjörstjórninni, en hún skilar honum því aptur eptir að kosningar eru útkljáðar, en hann afhendir það síðan alþingi, er það kemur saman, ásamt skýrslum þeim, er honum hefur þótt ástæða til að útvega.

Þingmannaefni og tillöguskrár.

23. gr. 20 kjósendur eða fleiri eiga rjett á að semja tillöguskrá til kosninga, og verða þeir að rita nöfn sín og heimili undir hana, og skulu á henni standa nöfn allt að 12 þingmannaefna. Skrá þessa skulu þeir senda ráðgjafa og skal henni fylgja tilkynning þingmannaefna þeirra, sem á skránni eru nefndir, um, að þeir gjöri kost á sjer til kosningar, nema þingmannaefnin hafi með auglýsingum blöðum gjört framboð sitt heyrum kunnugt, því að þá nægir, ef eitt eintak þeirra r auglýsingar fylgir skránni.

Eigi má sami kjósandi rita undir fleiri en eina tillöguskrá.

24. gr. Tillöguskrá verður að vera komin í hendur ráðgjafa að minnsta kosti 15 vikum áður en kosning á fram að fara, ella verður hún eigi tekin til greina.

Ráðgjafi skal gefa hverri tillöguskrá einkunnartölu, eptir röð þeirri, sem þær koma í til hans, og birta skrárnar ásamt nöfnum undirskrifenda í fyrsta blaði B. deildar Stjórnartíðindanna, sem út kemur eptir að hver þeirra um sig er komin honum í hendur. Allar skulu tillöguskrárnar út komnar í Stjórnartíðindunum svo

tímanlega, að þær verði sendar út um landið með fyrstu póstferðum, sem falla eptir að þær eiga allar að vera komnar til ráðgjafa.

Kjörfundur og kosningar.

25. gr. Hinn 1. dag júlímánaðar eða næsta virkan dag skulu kosningar fram fara um land allt, nema þingdeildin hafi rofin verið og aukakosningar verið boðaðar á öðrum degi. Skal kjörfundur byrja á hádegi á þingstað kjörþinghárinnar. Skal oddviti kjörstjórnar setja kjörþingið og lesa upp boðskap þann, er skipar fyrir um kosningarnar. Kjörstjórnin skal fram leggja tillöguskránnar. Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannaefna sje sannað fyrir kjörstjórninni. Komi fram við kosninguna mótmæli gegn kjörgengi þeirra, getur kjörstjórnin að vísu eigi bannað umræður um það, en heldur eigi fyrir þá sök skorazt undan að bjóða þá fram til kosningar. Alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru.

26. gr. Kosningar gilda vanalega til 6 ára og telst kjörtíminn frá kosningardegi. Verði deildin rofin, kveður landsstjórnin á um, hvenær kjósa skuli.

27. gr. Sje eitt eða fleiri þingmannaefna á kjörfundi, eiga þau rjett á að taka til máls, og sömuleiðis undirskrifendur tillöguskránnar. Að öðru leyti er það á valdi kjörstjórnar, að stjórna umræðum og takmarka þær eptir þörfum.

28. gr. Þá er umræðum er lokið, ganga kjósendur til kosningar, en kosning fer fram á þann hátt, að hver kjósandi nefnir einkunnartölu þeirrar tillöguskrár, er hann vill atkvæði greiða.

Kjósendur greiða atkvæði í þeirri röð, sem nöfn þeirra standa í á kjörskrá.

29. gr. Kjörstjórnin skal hafa staðfest eptirrit af kjörskránni, og eina skrá yfir allar tillöguskránnar. Oddviti kjörstjórnarinnar hefur kjörskráreptirritið og les upp af því nöfn kjósenda í röð; annar meðkjörstjórnanna hefur sjálfa kjörskrána, og ritar á hana aptan við nafn hvers kjósenda einkunnartölu tillöguskrár þeirrar, er kjósandi tilnefnir. Hinn meðkjörstjórninn hefur skrána yfir tillöguskránnar og ritar hann nafn hvers kjósenda við tillöguskrá þá, er hann greiðir atkvæði. Kjörstjórnin verður að kannast við hvern kjósenda, eða hafa á annan hátt tryggingu fyrir, að kjósandinn sje sá, sem á skránni er nefndur. Áður en kjósandi gengur frá, skal lesa upp fyrir honum nafn hans og einkunnartölu skrár þeirrar, er hann hefur gefið atkvæði, svo að hann kannist við, að rjett sje ritað, og til tryggingar því, að skránum bəri saman.

Enginn getur neytt kosningarrjettar síns, nema hann mæti sjálfur á kjörþingi og greiði atkvæði munnlega.

Þá er engir fleiri kjósendur gefa sig fram til að greiða atkvæði, skal oddviti hátt og snjallt skora á þá kjósendur, sem eigi hafa greitt atkvæði, að gjöra það, og skal hann um leið setja stuttan frest til þess, en frestur þessi má þó ekki, hvernig sem á stendur, vera skemmri en svo, að 2 klukkustundir liði frá því að kosningargjörðin byrjast, og þótt sá frestur sje liðinn, skal eigi atkvæðagreiðslu lokið meðan kjósendur gefa sig fram til hennar án þess hlje verði á.

Þegar engir fleiri kjósendur æskja að taka þátt í kosningunni samkvæmt því, sem sagt er, færa kjörstjórnir inn atkvæði sjálfra sín og rita nöfn sín bæði undir kjörskrána og atkvæðaskrána og er þá atkvæðagreiðslu lokið.

30. gr. Þá er atkvæðagreiðsla er lokið, skal bera saman kjörskrá og atkvæðaskrá og telja saman atkvæði; síðan skal kjörstjórnin rita í kjörbókina atkvæðatölu þá, er hver tillöguskrá hefur hlotið, og skal kjörstjórnin síðan rita undir kjörbókina. Síðan skal lesa það upp, er bókað hefur verið um kosninguna, í heyrenda hljóði fyrir þingheimi. Kjörstjórnin skal samdægurs taka eptirrit af kjörbókinni, rita undir það, og senda, svo sem áður er fyrir mælt (22. gr.), ráðgjafa eptirritið.

31. gr. Þegar er ráðgjafi hefur fengið í hendur eptirrit af öllum kjörbókunum, afhendir hann þau aðalkjörstjórninni, en hún skal tafarlaust koma saman til að rannsaka, hverjir kosnir eru.

Fyrst skal aðalkjörstjórnin telja saman fjölda atkvæða þeirra, er greidd hafa verið um land allt, og deila þeirri tölu með tölu þingmanna þeirra, er kjósa skal (12); kómi brot út við deilinguna, skal gjöra það að einum heilum. Tala sú, sem þannig kemur út, er hlutfallstala sú, er leggja skal til grundvallar fyrir kosningunni. Síðan skal telja saman, hve mörg atkvæði hver tillöguskrá hefur hlotið, og skal þeirri tölu, sem þá kemur út, deilt með hlutfallstölunni. Sú heila tala, sem þá kemur út, sýnir, hve mörg af þingmannaefnum hverrar skrár hafa kosningu hlotið. En það eru jafnan þeir, er efstir standa á skránni.

Verði eigi nógu margir þingmenn kosnir á þennan hátt, skal taka næsta þingmannsefnið á þeirri skrá, er stærst brot hafði, þá er deilt var með hlutfallstölunni, þar næst eitt af þeirri skrá, er næst—stærst brot hafði, og svo koll af kolli uns fullri þingmannatölu er náð. Nú hafa tvær skrár eða fleiri jafnstór brot, og ræður þá hlutkesti.

Nú er þingmaður kosinn á tveim skráum eða fleirum, og ræður þá hlutkesti, af hverri skrá hann skal kosinn; af hinum skránum skal út stryka nafn hans, og skal þá tekið í stað hans það nafn á hverri, er næst stendur til.

32. gr. Nú er tala nafna á tillöguskrá lægri, en tala þeirra þingmanna, er eptir henni ættu kosnir að vera, og skal þá í stað þeirra, sem vantar, taka þingmannaefni af þeim skráum, er enn hefur enginn verið kosinn af, him fyrsta af þeirri skrá, sem næst stendur til, annan af þeirri, sem þar er næst á eptir, o. s. frv.

33. gr. Nú deyr þingmannsefni eða þingmaður, eða annað ber til að autt verður þingmannssæti í deildinni, og er þá sá rjett kjörinn þingmaður í hans stað, er næstur stendur kosningu eptir því sem sagt er í 31. og 32. gr. Slik kosning gildir til næstu almennu kosninga.

34. gr. Aðalkjörstjórnin skal kjörbók halda, og rita í hana atkvæðatöluna úr hverju kjördæmi og skýrslu um aðferð sína við kosninguna, og skal hún þegar senda ráðgjafanum staðfest eptirrit af kjörbókinni. Ráðgjafi skal tafarlaust birta eptirritið í Stjórnartíðindunum, deildinni B., og senda með fyrstu pósthöfundum eitt eintak hverjum hinna nýkosnu þingmanna og hverri kjörstjórn.

III. kafli.

Kosningar til neðri deildar.

Kjördæmi og kjörstjórnir.

35. gr. Sjerhvert sýslufjelag og bæjarfjelag á landinu skal vera kjördæmi út af fyrir sig og kjósa einn þingmann.

36. gr. Fyrir hvert kjördæmi skal setja kjörstjórn. Skal í kaupstöðum oddviti bæjarstjórnarinnar vera oddviti kjörstjórnarinnar og skulu að auki vera í henni 2 menn, sem bæjarstjórnin kveður til, einn úr sínum flokki og einn úr flokki kjósenda, en í hinum kjördæmunum er sýslumaður oddviti kjörstjórnarinnar og eru í henni að auki einn af sýslunefndarmönnum og einn af kjósendum, sem sýslunefndin kýs.

37. gr. Oddviti kjörstjórnar stendur fyrir öllum undirbúningi undir sjálfa kosninguna og sjer um að kjörskrárnar sjeu við á kjörþinginu.

38. gr. Kjörstjórnin heldur kjörbók, þar sem bóka skal, að fram hafi verið lagðar kjörskrárnar og þau brjef, er til hennar eru komin. Í kjörbókina skal rita hið helzta af því, er fram fer á kjörþinginu, en þar með skal þó eigi telja ræður þær, sem haldnar verða. Kjörstjórnin skal rita nöfn sín undir kjörbókina og skulu í kaupstöðunum bæjarstjórnirnar geyma hana, en annarstaðar sýslunefndirnar.

Í síðasta lagi 8 dögum eptir kosninguna skal oddviti kjörstjórnarinnar senda ráðgjafa staðfest eptirrit af því, sem ritað er í kjörbókina um kosningu þá, sem fram hefur farið. Ráðgjafi fær síðan alþingi, er það kemur saman, eptirrit þetta ásamt skýrslum þeim, sem honum hefur þótt ástæða til að útvega.

Þingmanna-efni.

39. gr. Enginn, sem ekki mætir sjálfur á kjörþingi, hvort heldur hann á heimili innan kjördæmis eða utan, getur orðið fyrir kosningu þegar kjósa á alþingismann, nema 1 eða fleiri af kjósendum í kjördæminu, í síðasta lagi fyrir náttmál kvöldinu fyrir þann dag, er kosningin skal fram fara, hafi skriflega skýrt oddvita kjörstjórnarinnar frá, að hann taki við kosningu og lýsi yfir því, að þeir vilji mæla fram með honum til þeirrar kosningar, sem til stendur, og skal þar með fylgja skrifleg yfirlýsing, frá þeim, sem í hlut á, um að hann sje fús til að taka á móti kosningu, og að hann hafi eigi boðið sig fram til kosningar í nokkru öðru kjördæmi, er eigi hafi þá þegar hafnað framboði hans.

Nú vilja nokkrir kjósendur kjósa til alþingismanns einhvern þeirra, sem á kjörþingi eru, skal hann þá gefa kost á sjer áður en kosning byrjar, svo að oddviti kjörstjórnarinnar viti, að hann vill við kosningu taka, og geti boðið hann fram.

40. gr. Það er eigi nauðsynlegt, að kjörgengi þingmannaefna sje sannað fyrir kjörstjórninni. Komi fram við kosninguna mótmæli gegn kjörgengi þeirra, getur kjörstjórnin að vísu eigi bannað umræður um það, en heldur ekki fyrir þá sök skorast undan að bjóða þá fram til kosningar. Alþingi fellir úrskurð um kjörgengi þeirra, sem kosnir eru.

41. gr. Verði það uppvíst, að eitthvert þingmannsefni hafi gefið kost á sjer í fleirum en einu kjördæmi, er sú kosning eða þær kosningar ógildar, sem hann kann að verða fyrir, nema því að eins að skilyrði því, sem sett er í 39. gr., sje fullnægt.

Kjörfundir og kosningar.

42. gr. Hinar almennu kosningar til neðri deildar eiga venjulega fram að fara 6. hvert ár.

Þegar slíkar kosningar eiga fram að fara, annaðhvort fyrir þá sök, að kjörtíminn er á enda, eða vegna þess að alþingi er rofið, verður gefið út um það opið brjef, þar sem landstjóri skipar fyrir, að kosningarnar skuli fram fara.

Kosningarnar til neðri deildar skulu venjulega haldnar í septembermánuði árið áður en alþingi á að koma saman.

43. gr. Kjörtíminn skal talinn frá 1. september, ef ákveðið er samkvæmt 42. gr. að kosningarnar skuli fram fara í þeim mánuði, en ef það kynni að verða ákveðið, að kosningarnar skuli fram fara á öðrum tíma árs, skal nákvæmar sagt fyrir um það í fyrnefndu opnu brjefi, frá hvaða degi kjörtíminn skal talinn.

44. gr. Nú verður autt sæti í deildinni, svo sem ef þingmaður deyr, missir kjörgengi, eða hlýtur kosningu til efri deildar (sjá 33. gr.), gildir þá hin nýja kosning fyrir svo langan tíma, sem sá átti eptir, er frá fór.

Þegar einstakar kosningar skulu fram fara, gjörir landstjórinn fyrirskipun um það.

45. gr. Kosningar fara fram í kjördæmi hverju á kjörþingi og má hver koma þar, er vill.

46. gr. Kjörþing skal halda á þeim þingstað, sem næstur er miðju kjördæminu, en sje hann óhentugur, þá á öðrum stað, er sýslunefndin til tekur.

47. gr. Oddviti kjörstjórnarinnar skal tiltaka dag og klukkustund, er kjörþingið skal haldið, og auglýsa með 4 vikna fyrirvara á kirkjufundum eða á annan venjulegan hátt kjörþingstaðinn og hvenær kjörþingið skal haldið.

48. gr. Oddviti kjörstjórnar setur kjörþingið og les upp hið opna brjef eða þann úrskurð landstjóra, er fyrirskipar kosninguna. Hann nefnir síðan nöfn þess eða þeirra þingmannaefna, sem boðið hafa sig fram, og svo þeirra kjósenda, sem mæla fram með kosningu þeirra, og skorar á þá að ganga fram og kannast við meðmælingu sína. Sjeu þeir eigi komnir á fund, og hafi eigi tjáð forföll, sem kjörstjórnin álitur gild, eða ef þeir skorast undan að standa við hina skriflegu meðmælingu sína, verður hún eigi tekin til greina, og ef þannig má álíta, að einhver af þeim, sem gefið hafa til kynna, að þeir taki við kosningu, hafi eigi lengur meðmælingu til kosningar frá neinum kjósenda í kjördæminu, getur hann eigi orðið borinn fram til kosningar. — Kjósendur þeir, sem eru á fundi og standa þar við meðmælingu sína með einhverju þingmannsefni, eiga rjett á að taka til máls, og hið sama er um þau þingmannsefni, sem boðin eru fram til kosningar. Að öðru leyti má bjóða þingmannsefni fram til kosningar, þótt eigi sje hann sjálfur á kjörþingi. Enn fremur er sjerhverjum kjósenda, sem er viðstaddur, heimilt að leggja spurningar fyrir þá kjósendur, sem mæla fram með einhverjum til kosningar, og eins fyrir þingmannsefni þau, sem eru á fundinum, og er þeim sömuleiðis heimilt að svara spurningunum. Þó má eigi bera upp neina slíka spurningu fyr en meðmælendum og þeim þingmannsefnum, sem eru viðstödd, hefur verið gefinn kostur á að taka til máls. Kjósendur þeir, er mæla fram með einhverjum til kosningar, og þingmannsefni, skulu látin taka til máls eptir stafrófsröð upphafsstafa.

Oddviti stýrir umræðunum og skal sjá um, að bæði þær og kosningin fari

fram í góðri reglu. Enginn af kjörstjórum má tala með eða móti kosningu nokkurs þingmannsefnis. Þjóði nokkur úr kjörstjórn sig fram til kosningar, skal hann þegar úr kjörstjórn víkja, og hinir, sem eptir verða, kjósa annan mann í hans stað.

Oddviti slítur umræðunum, þegar honum þykir það eiga, og skorar hann síðan á kjósendur að ganga til kosningar með því að gefa atkvæði sitt einu af þeim þingmannaefnum, sem boðin hafa verið fram til kosningar. Þótt eigi sju fleiri en eitt þingmannsefni í boði, skal atkvæðagreiðsla þó fram fara.

49. gr. Kjörstjórnin ákveður, í hvaða röð hrepparnir kjósa; kjósendur úr hverjum hreppi greiða atkvæði eptir stafaröð á kjörskránni. Enginn getur neytt kosningarrjettar síns, nema hann sjálfur komi á kjörþing.

50. gr. Oddviti kjörstjórnarinnar á eigi þátt í því að taka við atkvæðum. Annar meðkjörstjórnanna ritar, eptir að hann hefur kannast við kjósendurna, nafn þess þingmannsefnis, sem kjósandi greiðir atkvæði sitt, við hliðina á hans eigin nafni í sjálfri kjörskránni. Hinn meðkjörstjórinn ritar á sjerstaka atkvæðaskrá nafn kjósanda við hliðina á nafni þess þingmannsefnis, sem hann hefur gefið atkvæði sitt. Áður en kjósandinn gengur frá, skal lesa upp fyrir honum bæði hans eigið nafn, og nafn þess, sem hann hefur kosið, til tryggingar því, að rjett sje ritað á báðar skrárnar og að því beri saman hvoru við annað.

Þegar engir fleiri kjósendur gefa sig fram, til þess að greiða atkvæði, skal oddviti hátt og snjallt skora á þá kjósendur, sem eigi hafa greitt atkvæði, að gjöra það, og skal hann um leið setja stuttan frest til þess; en frestur þessi má þó ekki, hvernig sem á stendur, vera skemmri en svo, að 2 klukkustundir liði frá því, að kosningargjörðin byrjaði, og þótt sá frestur sje liðinn, skal eigi atkvæðagreiðslu lokið meðan kjósendur gefa sig fram til hennar án þess að hlje verði á.

Þegar engir fleiri kjósendur æskja að taka þátt í kosningunni, samkvæmt því, sem sagt er, færa kjörstjórnir (sju þeir kjósendur) inn atkvæði sjálfra sín og rita nöfn sín bæði undir kjörskrána og atkvæðaskrána, og er þá atkvæðagreiðslu lokið.

51. gr. Eptir að búið er að bera saman kjörskrárnar og atkvæðaskrána, skal telja saman atkvæði. Sá, sem hlotið hefur flest atkvæði, er þá kosinn alþingismaður fyrir kjördæmið. Þó er enginn rjett kjörinn alþingismaður, nema hann hafi hlotið meira en helming þeirra atkvæða, sem greidd eru. — Hljóti enginn af þeim, sem boðnir eru fram til kosningar, svo mörg atkvæði, skal aptur kjósa óbundnum kosningum; fáir þá enn enginn þann atkvæðafjöldu, sem með þarf, skal kjósa enn á ný, en að eins milli þeirra tveggja, sem við hina seinni kosningu höfðu flest atkvæði. Sje svo, að fleiri hafi við aðra kosningu fengið jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti ráða, hvor þeirra geti orðið boðinn fram til hinnar bundnu kosningar. Sömuleiðis skal hlutkesti ráða, ef atkvæði eru jöfn við þriðju kosningu.

52. gr. Í kjörbók skal skráð, hver úrslit kosning hafi fengið, og skal odd-

viti kjörstjórnarinnar lýsa yfir því fyrir þingheiminum. Sömuleiðis skal hann svo fljótt, sem verða má, tilkynna kosninguna þeim, sem kjörinn er, sje hann eigi viðstaddur. Atkvæðaskrána skal leggja við kjörbókina og skal öll kjörstjórnin rita nöfn sín undir hana.

53. gr. Kjörstjórnin fær hverjum, sem kosinn er, kjörbrjef. Skal það samið samkvæmt fyrirmynd, sem ráðgjafinn segir fyrir um, og skal kjörstjórnin rita undir það nöfn sín.

IV. kafli.

Sameiginlegar ákvarðanir um kostnað o. fl.

54. gr. Alþingismenn fá í endurgjald 6 kr. fyrir hvern dag bæði fyrir þann tíma, sem þeir þurfa til ferðarinnar til alþingis og frá því, og fyrir þann tíma, sem þeir eru á alþingi. Sömuleiðis fá þeir endurgoldinn ferðakostnað eptir reikningi, sem nefnd, kosin af hinu sameinaða alþingi, úrskurðar, og forseti í hlutaðeigandi þingdeild ávísar. Þessi útgjöld greiðast úr landssjóðnum.

55. gr. Kjörstjórnir við kosningar til neðri deildar mega, annarstaðar en í kaupstöðum, reikna sjer fæðispeninga og endurgjald fyrir ferðakostnað samkvæmt tilsk. um sveitastjórn á Íslandi 4. maí 1872, 33. gr., þannig að útgjöldin greiðist úr sýslusjóðnum. Ef annar kostnaður verður við kosningarnar, t. a. m. til prentunar kjörkráanna, til auglýsinga o. fl., skal einnig greiða hann úr sýslusjóðnum. Í kaupstöðunum skal greiða útgjöld þessi úr sjóði bæjarins.

56. gr. Vanræki nokkur störf þau, sem honum eru á hendur falin með lögum þessum, skal hann sæta 25 til 500 króna sektum, ef þyngri hegning liggur eigi við samkvæmt lögum.

57. gr. Þá er lög þessi öðlast gildi, eru eldri lög og ákvarðanir um kosningar til alþingis úr lögum numin.

Ákvæði um stundarsakir.

Þangað til tala sýslufjelaga og bæjarfjelaga á landinu verður 24, skulu í Árnessýslu 2 þingmenn kosnir til neðri deildar alþingis, og skulu meðan svo stendur fyrirmælin í 35., 48., 50., 51., 52. og 57. gr. þessara laga eigi vera því til fyrirstöðu, að farið sje eptir sömu aðferð, sem nú gildir með kosningar þar í sýslu, að því leyti, sem af þessari tilhögun leiðir.

Ed.

110. Nefndarálit

í málinu um frv. til laga um ráðgjafa ábyrgð (90).

Nefndin hefur íhugað frumvarpið vandlega eptir föngum, og hefur ekki fundið neitt sjerlega athugavert við það. Að vísu virðist oss ákvörðunin í 2. gr. stafl. a þýðingarlaus og óþörf, en finnum þó ekki ástæðu til, að ráða h. deild til að breyta ákvörðuninni, sem að voru álitu er jafn-meinlaus eins og hún er óþörf.

Vjer ráðum því h. þingdeild til að samþykkja frumvarpið alveg óbreytt.

Alþingi, 18. ágúst 1886.

Jakob Guðmundsson, Jón Ólafsson, B. Kristjánsson.

formaður.

skrifari, framsögumaður.

11*

Nd.

111. Tillaga

til þingsályktunar um verndun fiskiveiða landsmanna gegn yfirgangi utanríkis fiskimanna.—Frá Jóni Þórarinssyni, Þórarni Böðvarssyni, Einari Thorlacius og Lárusi Halldórssyni.

Alþingi ályktar, að skora á stjórnina, að vernda landsmenn og fiskiveiðar þeirra gegn yfirgangi utanríkis fiskimanna.

Ed.

112. Nefndarálit

um frv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands (85).

Hin heiðraða efri deild alþingis hefur kosið oss, sem ritum nöfn vor undir þetta álit, í nefnd til að íhuga frv. til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands, og höfum vjer tekið það til rækilegrar íhugunar, og rætt það á fundum. Skulum vjer nú skýra frá skoðun vorri og tillögum um það.

Það, sem fyrst og fremst ber að líta á í máli þessu, er á aðra hlið það, hvort ákvæði þessa frv. hnekki í nokkru drottinvaldi konungs, eða veiki sameiningarband það, er tengir Ísland við Danaveldi, og á hina hlið, hvort þau eru fallin til að bæta úr vanhögum þjóðar vorrar að því er kemur til stjórnskipunar, og fullnægja eðlilegum og rjettlátum óskum hennar eptir rýmra þjóðfrelsi og sjálfsforræði.

Í konungl. auglýsingu 2. nóvember 1885 hefur hans hátign konungurinn látið í ljós, að hinn hlýi vottur um hollustu, sem alþingi hafi honum sýnt, geti ekki haldið sjer frá að gæta skyldu sinnar gagnvart ríkinu í heild sinni; en með því að skipa ábyrgðarlausan landstjóra með konunglegu valdi í landinu sjálfu, er taki sjer ráðgjafa, sem hafi ábyrgð á stjórnarstörfunum fyrir alþingi, leysist Ísland úr öllu sambandi við ríkið, stjórnin yrði innlend og óháð ríkisráði sínu, og með því haggaðist sú skipun, sem lög 2. janúar 1871 gjöra í 6. gr. ráð fyrir um stöðu Íslands í ríkinu. Þá er og skírskotað til konungl. auglýsingar 14. febrúar 1874, og í henni lætur hans konunglega hátign í ljós það álit, að með stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Ísland 5. jan. 1874 sje stjórnarskipunarmál þess að fullu og öllu til lykta leitt.

Þótt vjer könnumst við hinn milda og fōðurlega blæ, sem hin konunglega auglýsing 2. nóvbr. 1885 á sjer hefur, fáum vjer ekki dulizt þess, að undirtektir hans konungl. hátignar sem þingbundins einvalds í þessu máli sje ekki einvörðungu stýlaðar af hans drottinvilja, heldur í samhljóðun við tillögur þáverandi ríkisráðs hans, og að þær þess vegna geti ekki álitizt sem endilegt og óumbreytilegt svar, svo alþingi fyrir þá sök eigi að hörfa á bak aptur nú þegar og áður en það hefur rætt frv. þetta til lykta.

Að því er kemur til auglýsingar konungs 14. febrúar 1874, sem skírskotað er til í auglýsingu 2. nóv. 1885, virðist að eins nægja að benda á 61. gr. í stjórnarskrá Íslands 5. jan. 1874. Þá skulum vjer og taka það fram, að það atvik, að í frv. því, sem hjer ræðir um, ekki er vitnað til laga 2. jan. 1871, engan veginn getur gefið ástæðu til grunsemdar um, að viðleitni sje höfð á því, að sýna í verkinu, að þau sjeu ekki bindandi fyrir Ísland, þar sem vjer eigi höfum getað fundið

nein þau ákvæði í frumvarpinu, sem í lagalegri samhljóðun haggi í nokkru lög um þessum.

Fyrst nú svo er, að þessum lögum, sem kvæða á um stöðu Íslands í ríkinu og samband þess við aðra hluta þess, er í engu breytt með frumvarpinu, sem að eins fer fram á tilhögun á stjórn hinna sjerstaklegu málefna Íslands, virðist oss svo, sem með því geti ekki einu sinni verið gjörð nokkur tilraun til að losa um samband Íslands við alríkið. Drottinvald konungs er í engu rýrt, hin sameiginlegu mál eru hin sömu, og í stjórnarskrá Íslands 5. jan 1884 2.gr. er kveðið svo á, að Ísland hafi í hinum sjerstaklegu málefnum ráðgjafa.

Þegar því frumvarpið er skoðað frá þessari hlið, sjáum vjer enga ástæðu til, að vantreysta því, að það geti á sínum tíma náð staðfestingu konungs, nje heldur fyrir þær sakir að breyta því.

Að því er til hinnar hliðar málsins kemur, lítum vjer svo á, sem í frumvarpinu sje farið fram á þær einar rjettarbætur þjóð vorri til handa, sem hún eptir atvikum má við una, og tiltækilegar eru. Hin æðsta stjórn landsins í öllum hinum sjerstaklegu málefnum þess er eptir ákvæðum frumvarpsins flutt inn í landið; en það er skilyrðið fyrir því, að stjórninni sje hið sjerstaklega ástand þess og hagir kunnugt og afgreiðsla stjórn mála geti greiðleg orðið og hagfelld; svo er það og skilyrði fyrir því, að nægileg samvinna milli stjórnarinnar og alþingis geti á komizt, og ráðgjafar Íslands hafi meira en að nafninu einu ábyrgð á stjórnarathöfninni.

Frá þessari hlið skoðað, virðist oss svo sem frumvarpið fari fram á þær rjettarbætur þjóð vorri til handa, sem við megi hlíta og tiltækilegt sje, að fara á flot.

Er vjer ihuguðum ákvæði hinna einstöku greina frumv., virtist oss sem eigi bæri nauðsyn til, að breyta þeim í nokkru.

Eptir því sem vjer nú höfum í ljós látið, leyfum vjer oss að ráða h. h. efri deild til þess, að samþykkja „frumvarp til stjórnarskipunarlaganna um hin sjerstaklegu málefni Íslands“ óbreytt.

Alþingi, 19. ágústm. 1886.

B. Kristjánsson, Jón Ólafsson, Skúli Þorvarðarson.

formaður og framsögumaður.

skrifari.

Nd.

113. Fyrirspurn

til landshöfðingja um prentsmiðjustofnun á Ísafirði. — Frá Sigurði Stefánssyni og Þorleifi Jónssyni.

Hvers vegna hefur „Prentfelag Ísfirðinga“ enn ekki fengið leyfi til að stofna prentsmiðju á Ísafirði?

Nd.

114. Álit

nefndar þeirrar, er neðri deild alþingis hefur sett til að rannsaka reikningskil C. Fensmarks m. m.

Neðri deild alþingis hefur kosið oss í nefnd til að rannsaka það fjártjón, sem

landssjóður, sýslusjóður Ísafjarðarsýslu eða aðrir sjóðir, einstakir menn eða stofnanir, hafa beðið af embættisrekstri C. Fensmarks, fyrverandi sýslumanns í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeta á Ísafirði, svo og aðgjörðir landsstjórnarinnar í því máli.

Nefndin hefur haft til meðferðar alla reikninga yfir tekjur landssjóðs úr Ísafjarðarsýslu og kaupstað fyrir árin 1879—1884, og hefur hún úr þessum reikningum dregið út og látið prenta, þingmönnum til leiðbeiningar, skýrslu um reikningsskil Fensmarks, þannig lagaða, að hún ber með sjer, bæði hve nær hann sendir reikninga sína, og hve mikið hann á óborgað á gjalddaga af þeirri upphæð, er reikningarnir til greina (fylgisk. I.). Enn fremur hefur nefndin látið prenta nokkuð af brjefum, er snerta mál þetta, og geta brjef þessi að ætlun vorri sýnt nægilega ganginn í málinu og aðgjörðir landsstjórnarinnar í því (fylgisk. II. 1—19). Önnur skjöl, er nefndin hefur haft til meðferðar, svo sem próf þau, er haldin voru yfir Fensmark, og hjeradsdómsgjörðirnar í því máli, hefur nefndinni eigi fundizt ástæða til að láta prenta. Þess skal getið, að landshöfðingi hefur tjáð oss, að yfirdómsgjörðirnar hafi verið sendar ráðgjafanum fyrir Ísland, og sjeu hjá honum.

Eins og kunnugt er, var Fensmark 16. apríl 1879 skipaður sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti í Ísfjarðarkaupstað, og gegndi því embætti þangað til 25. ágúst 1884, að honum var vikið frá embætti um stundarstakir, og 16. júlí 1885 fyrir fullt og allt. Þegar á fyrsta ári fór að brydda á vanrækt hans í embættisrekstri, einkum að því er snerti bókfærslu, afgreiðslu ýmsra skýrslna og reikningsskil. Þannig hjelt hann hvorki aðalreikningsbækur nje gjaldabækur, sem fyrirskipaðar er í reglug. 13. febr. 1873, nje heldur yfirfjárráðabók samkvæmt tilsk. 18. febr. 1847; verzlunarskýrslur sendi hann ekki mörg ár í röð, og skilaði ekki sýslusjóðsreikningum fyrir fleiri ár. Reikninga fyrir tekjum landssjóðs af sýslunni afgreiddi hann mjög sjaldan á rjettum tíma, stundum allt að missiri, eða jafnvel heilu ári, eptir að þeir áttu að vera samdir, og loksins, þegar reikningarnir komu, báru þeir það jafnaðarlega með sjer, að mikið af tekjunum var ekki greitt fyr en löngu eptir gjalddaga, og fór sú upphæð, sem þannig stóð ógreidd frá einu ári til annars, sívaxandi. 1879 voru eptirstöðvarnar á síðasta gjalddaga 527 kr. 39 a., 1880 2,628 kr. 74 a., 1881 7,510 kr. 93 a., 1882 12,204 kr. 5 a., 1883 20,862 kr. 24 a. Af þessari síðasttöldu upphæð stóð óborgað, þegar Fensmark fór frá embættinu, 14,622 kr. 78 a., og af tekjunum fyrir árið 1884 10,588 kr. 84 a., samtals 25,211 kr. 62 a. Þar upp í hefur síðan verið borgað 5,425 kr. 41 e., svo að nú eru eptirstöðvarnar 19,786 kr. 21 e., en þar við bætist það, sem vantalið er í reikningunum, að upphæð 2,361 kr. 60 a., svo að alls nema vanskilin 22,147 kr. 81 e. Af veði því, er Fensmark setti fyrir tekjum landssjóðsins af sýslunni, er þegar inn komið fyrir ríkisskuldabryjef nálægt 2,000 kr., en eptir er húsverð hjer um bil 2,000 kr. og jörð, sem virt er 1,100 kr. Samkvæmt dóminum í máli því, er höfðað var gegn Fensmark, stóð hann í skuld við sýslusjóð Ísafjarðarsýslu um 1,080 kr. 64 a., og dánarbúi Kristínar Þórarinsdóttur skuldaði hann 142 kr. 75 a.

Hin einu þvingunarmedul, er beitt hefur verið af hálfu landsstjórnarinnar til að fá Fensmark til að rækja skyldur sínar, eru ýmist litilfjörlegar fjársektir eða hótanir um embættismissi, sem ekki voru framkvæmdar, þrátt fyrir það, þó

hótanirnar út af fyrir sig reyndust með öllu árangurslausar. Og má það furðu gegna, að landsstjórnin skyldi ekki grípa til þess ráðs, sem bæði sýndist liggja beinast við og bezt samsvara tilganginum, en þó jafnframt vera hinn mildasti vegur, að setja annan mann til að annast innheimtu opinberra gjalda í sýslunni, eða þá, fyr en í óefni var komið, vikja Fensmark frá embætti um stundarsakir eptir fyrirmælum reglug. 13. febr. 1873 8. gr., og augl. 22. febr. 1875 5. gr.

Þegar vjer nú eigum að láta uppi álit vort um aðgjörðir landsstjórnarinnar í máli þessu, og koma fram með tillögur vorar um það, getum vjer eigi leitt hjá oss að lýsa því, að oss virðist yfir höfuð eptirlit hennar með reikningsskilum og fjárgreiðslum gjaldheimtumanna landssjóðsins, mjög lint og ófullkomið. Enda er þetta skýrt tekið fram í athugasemdum yfirskoðunarmannanna við landsreikninginn 1882, þar sem þeir segja fortakslaust, að engri af fyrirskipnum reglug. 13. febr. 1873, sje nákvæmlega hlýtt, og að það beri opt við, að gjaldheimtumenn láti líða marga mánuði af eptirfarandi ári, áður en þeir sendi reikninga sína, eins og það líka beri helzt til opt við, að þeir ekki gjöri skil fyrir öllum tekjunum í reikningunum, en einkum sjeu brögð að því, að gjaldheimtumennirnir vanræki að borga tekjurnar í landssjóð, jafnóðum og þeir heimti þær saman. Í athugasemdunum við landsreikninginn 1883, hafa yfirskoðunarmenn enn farið mörgum orðum um þetta sama efni, „sem engin leiðrjetting hefur til þessa fengizt á“. Meðal annars hafa þeir bent á, að eigi virðist annað ráð fyrir landsstjórnina, vilji hún ekki skapa sjálfri sjer ábyrgð, en að beita reglug. 13. febr. 1873, með fullum strangleika, við óskilvísa gjaldheimtumenn, og að varla mundi hafa farið eins og farið hefur, hefði þetta verið gjört í tíma, t. d. við sýslumanninn í Ísafjarðar-sýslu.

Um leið og nefndin finnur ástæðu til yfir höfuð að vekja athygli h. h. neðri deildar alþingis á þessum ummælum yfirskoðunarmanna, skulum vjer taka það fram, að vjer erum þeim með öllu samdóma um, að landsstjórnin hljóti að skapa sjálfri sjer ábyrgð, ef hún lætur það við gangast, að reglum þeim, sem gilda um þetta efni, sje eigi fylgt. Með því það nú í því tilfelli, sem hjer ræðir um, verður ekki varið, að landsstjórnin hefur sýnt ótilhlýðilega vanrækt í eptirliti því, er henni bar að hafa með embættisrekstri Fensmarks, og það á hinn bóginn er víst, að landssjóður hefði ekkert fjártjón beðið, ef fyrirmælum reglug. 13. febr. 1873 hefði verið fylgt, þá fáum vjer eigi betur sjeð, en að landsstjórnin eigi að ábyrgjast landssjóði fullar bætur fyrir vanskil þessa embættismanns, og fyrir því leyfum vjer oss að ráða h. þingdeild til, að samþykkja svo látandi

Tillögu

til þingsályktunar.

Neðri deild alþingis skorar á ráðgjafann fyrir Ísland að gjöra ráðstafanir til þess, að ógoldnar tekjur landssjóðs úr Ísafjarðar-sýslu og kaupstað fyrir árin 1879–1884, verði greiddar í landssjóð, áður en lagt verður fyrir alþingi frumvarp til laga um samþykkt á landsreikningnum fyrir 1884 og 1885.

Alþingi, 21. ágúst 1886.

Lárus Halldórsson, Ólafur Briem, Sigurður Stefánsson.
formaður. skrifari.

Þorleifur Jónsson, Þorvarður Kjerulf.
framsögumaður.

Fylgiskjal
við nefndarálit í
SKÝRSLA

um reikningskil sýslumanns og bæjarfógeta

Nafn reikningsins	Reikningurinn á að vera afgreiddur	Hvenær reikningurinn er afgreiddur
1879.		
1. Manntals reikningur	28. febr. 1880	2. marz 1880
2. Spítalagjalds	28. — —	2. — —
3. Umboðs	28. — —	6. jan. —
4. Innflutningstolls	31. desbr. 1879	2. marz —
5. Aukatekju — a. sýslunnar	31. jan. 1880	19. júlí —
b. kaupstaðarins	31. — —	
1880.		
1. Manntals reikningur	28. febr. 1881	1. júlí 1881
2. Spítalagjalds	28. — —	1. — —
3. Umboðs	28. — —	3. marz 1882
4. Innflutningstolls	31. desbr. 1880	2. — 1881
5. Aukatekju — a. sýslunnar	31. jan. 1881	1. júlí —
b. kaupstaðarins	31. — —	1. — —
1881.		
1. Manntals reikningur	28. febr. 1882	26. sept. 1882
2. Spítalagjalds	28. — —	26. — —
3. Umboðs	28. — —	3. marz —
4. Innflutningstolls	31. desbr. 1881	18. sept. —
5. Aukatekju — a. sýslunnar	31. jan. 1882	18. — —
b. kaupstaðarins	31. — —	18. — —
1882.		
1. Manntals reikningur	28. febr. 1883	9. nóvbr. 1883
2. Spítalagjalds	28. — —	9. — —
3. Umboðs	28. — —	27. febr. —
4. Innflutningstolls	31. desbr. 1882	19. maí —
5. Útflutningsgjalds	31. — —	19. — —
6. Aukatekju — a. sýslunnar	31. jan. 1883	22. júlí —
b. kaupstaðarins	31. — —	22. — —
1883.		
1. Manntals reikningur	28. febr. 1884	14. ágúst 1884
2. Tekjuskatts	28. — —	14. — —
3. Umboðs	28. — —	29. febr. —
4. Innflutningstolls	31. desbr. 1883	15. ágúst —
5. Útflutningsgjalds	31. — —	16. — —
6. Aukatekju — a. sýslunnar	31. jan. 1884	21. marz 1885
b. kaupstaðarins	31. — —	21. — —
1884.		
1. Manntals reikningur	28. febr. 1885	12. jan. 1885
2. Tekjuskatts	28. — —	2. febr. —
3. Umboðs	28. — —	12. jan. —
4. Innflutningstolls	31. desbr. 1884	8. — —
5. Útflutningsgjalds	31. — —	8. — —
6. Aukatekju — a. sýslunnar	31. jan. 1885	12. febr. —
b. kaupstaðarins	31. — —	15. jan. —

Samtals

I.
Fensmarksámalinu.

14. 0210

Q. Fensmarks fyrir árin 1879—1884.

Aðalupphæð reikningsins		Afgreitt fyrir síðasta gjaldþaga		Óafgreitt á síðasta gjaldþaga		Eptirstöðvar í ágúst 1884	
kr.	a.	kr.	a.	kr.	a.	kr.	a.
3323	97	3323	97				
1557	51	1557	51				
220	44	220	44				
15997	70	15997	70				
1901	24	1373	85	527	39		
4780	78	3055	83	1724	95		
1708	50	1000	00	708	50		
195	29			195	29		
13838	73	13838	73				
325	47	325	47				
949	99	949	99				
3382	09	841	00	2541	09		
2468	61	432	19	2036	42		
192	62	192	62				
10801	74	7868	32	2933	42		
377	59	377	59				
1115	44	1115	44				
3685	20	1100	00	2585	20		
1579	42	200	00	1379	42		
188	24	188	24				
17513	63	13970	29	3543	34		
5660	60	2013	21	3647	39		
80	38	39	34	41	04		
2052	08	1044	42	1007	66		
2261	58	1100	00	1161	58		
2912	50	900	00	2012	50	10	00
195	29	195	29				
22354	84	8650	00	13704	84	10629	46
2856	70	1157	13	1699	57	1699	57
860	75			860	75	860	75
1423	00			1423	00	1423	00
2758	30	1261	42	1496	88	1496	88
2219	00	110	25	2108	75	2108	75
262	56	126	55	136	01	136	01
19394	05	15667	38	3726	67	3726	67
4007	50	2514	75	1492	75	1492	75
1029	16	426	48	602	68	602	68
1433	16	408	06	1025	10	1025	10
157865	65	103543	46	54322	19	25211	62

	kr.	a.
Upp í eptirstöðvarnar í ágúst 1884	25211	62
hefur síðan verið borgað	5425	41
Eptirstöðvar í ágúst 1886	19786	21
Í framannefndum reikningnum fyrir árin 1879—1883 er vantalið oftalið		
	kr. a.	kr. a.
1. í manntals reikningum	256 93	503 01
2. í spítalagjalds —	107 33	94 35
3. í tekjuskatts —	20 00	•
4. í umboðs —	164 60	•
5. í innflutningstolls —	1306 45	460 06
6. í útflutningsgjalds —	1276 27	•
7. í aukatekju —	529 43	388 45
8. eptir skiptaskýrslum	146 46	•
	3807 47	1445 87
Óborgað alls.....	22147	81

Ath.

1. Hjer er þess eigi getið, sem vantalið eða oftalið kann að vera í reikningunum fyrir árið 1884, með því að enn er eigi lagður úrskurður á athugasemdir þær, er við þá reikninga hafa verið gjörðar.
2. Auk þess, sem þegar er inn komið af veðinu fyrir sýslutekjunum, er búizt við, að þar af muni fást nálægt 3000 kr. upp í það, sem enn stendur óborgað.

Fylgiskjal II (1—19).

við nefndarálit í Fensmarksmálinu.

I.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Reykjavík 30. maí 1882.

Með því að jeg enn eigi hef meðtekið eptirnefnda reikninga fyrir árið 1881, nefnilega:

Manntalsbókarreikning Ísafjarðarsýslu,
Aukatekjureikning — og
Tollreikning —

vil jeg hjer með þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að leggja fyrir hlutaðeigandi reikningshaldara að senda nefnda reikninga tafarlaust, og þá um leið skýra frá, hverjar hafi verið ástæðurnar til þess, að hann hafi eigi sent reikninga þessa í tækan tíma.

Til
amtmannsins yfir vesturamtinu.

Hilmar Finsen.

*

*

*

Íslands vesturamt,
Reykjavík 29. júlí 1882.

Samkvæmt fyrirætlunum herra landshöfðingjans í háttvirtu brjefi, dags. 30. maí þ. á., uppálagði jeg í brjefi, dags. 31. s. m., sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu, Fensmark, að senda hingað tafarlaust hina vantandi reikninga frá nefndri sýslu fyrir árið 1881, nl. manntalsreikning, aukatekjureikning og tollreikning, og skorði að jafnframt á hann að skýra frá, hverjar hafi verið ástæðurnar til þess, að hann hafi ekki sent reikninga þessa í tækan tíma. En þrátt fyrir þetta eru reikningar þessir enn ekki komnir til amtsins og ekkert svar eða afsökun um dráttinn.

Um leið og jeg virðingarfyllt skýri herra landshöfðingjanum frá þessu, leyfi jeg mjer að geta þess, að jeg er í hinum mestu vandræðum með að fá frá sýslumanni Fensmark hina árlegu sýslusjóðsreikninga, er honum ber að semja, og kveður svo rammt að þessu, að jeg enn ekki hef meðtekið reikninga þessa fyrir árin 1879, 1880 og 1881, þrátt fyrir það, þótt jeg, eptir skipanir um að senda amtinu nefnda reikninga, tvisvar hafi sektað hann, í hvort skipti um 4 kr. fyrir drátt þann, er hann hefur gjört sig sekan í og óhlýðni gegn skipunum amtsins. Sektir þessar voru ákveðnar með brjefum amtsins, dags. 28. marz og 11. maí þ. á., en með tilliti til ákvarðananna í konungsbrjefi 3. jan. 1823, þorði jeg ekki að beita hærri sektum. En þegar enginn árangur varð af þessum ráðstöfunum, og ekkert svar og engin afsökun kom frá sýslumanni Fensmark, skrifaði jeg honum 14. f. m. brjef, er jeg leyfi mjer að láta hjermeð fylgja eptirrit af, en þótt póstur hafi hingað komið síðan hann, eptir því sem ætla má, hefur meðtekið brjef þetta, hef jeg samt sem áður ekkert svar fengið uppá nefnt brjef, nje heldur hin fyrri brjefin.

Með því jeg ekki get sjeð, að við svo búið megi standa, og með því skipanir og sektaákvarðanir amtsins líta út fyrir að ætla að verða árangurslausar, neyðist jeg til að leita fulltingis herra landshöfðingjans til þess að fá embættismann þennan til að gegna skyldu sinni í umræddu tilliti, og virðist mjer að hótun um suspension sje fullkomlega verðskulduð, og ekki ólíklegt, að slík hótun kynni að hrífa, þegar hún kemur frá því stjórnarvaldi, er hefur myndugleika til að framkvæma hana.

Bergur Thorberg.

Til
Landshöfðingjans yfir Íslandi.

*

*

*

3.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Reykjavík 29. júlí 1882.

Með brjefi dags. í dag hafið þjer, herra amtmaður, skýrt mjer frá, að þjer hafið 31. maí þ. á., samkv. brjefi mínu 30. s. m., lagt fyrir Fensmark bæjarfógeta og sýslumann á Ísafirði, að senda yður tafarlaust reikninga þá, er yður vantar frá honum fyrir 1881, en það eru manntalsreikningurinn, aukatekjureikningurinn og tollreikningurinn, og að skýra frá, hverjar orsakir hafi til þess verið, að hann hafi vanrækt að senda yður reikninga þessa í tæka tíð, en að þjer, þrátt fyrir þetta

hafið enn hvorki fengið reikningana, nje heldur svar eða afsökun á þessu hirðuleysi hans. Þjer hafið auk þessa skýrt frá, að sami embættismaður hafi eigi enn sent yður sýslusjóðsreikningana fyrir árin 1879, 1880 og 1881, þrátt fyrir það, að þjer hafið aptur og aptur áminnt hann og sektað hann fyrir hirðuleysi hans í þessu efni. Hafið þjer því lagt það til, að lagt verði fyrir Fensmark bæjarfógeta, að senda reikninga þessa tafarlaust, að viðlagðri hótun um, að honum annars kostar verði vikið um hrið frá embætti.

Út af þessu vil jeg nú, herra amtmaður, skora á yður, að þjer kunngjörið Fensmark bæjarfógeta, að ef hann ekki sendi yður alla reikninga þá, er frá honum vantar, í síðasta lagi með landpósti þeim, er frá Ísafirði fer til Reykjavíkur 18. ágúst næstk., verði honum, samkv. 5. gr. augl. 22. febr. 1875, vikið frá embætti því, sem honum er fyrir trúað. Þá er skýrsla sú er fram komin, sem heimtuð hefur verið af honum um orsakirnar til hirðuleysis þess, er hann hefur í þessu sýnt, vænti jeg tillögu yðar, herra amtmaður, um upphæð sektar þeirrar, er hann með því hefur til unnið.

Hilmar Finsen.

Til

amtmannsins í suðuramtinu og vesturamtinu.

*

*

*

4.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Reykjavík 31. ágúst 1882.

Með því að það hefur komið til tals, að víkja frá embætti um stundarsakir C. E. A. Fensmark, bæjarfógeta í Ísafjarðarkaupstað og sýslumanni í Ísafjarðarsýslu, vil jeg skora á yður, herra landfógeti, að halda eptir launum hans frá í dag og þangað til önnur ráðstöfun verður gjörð.

Til

landfógetans.

Í fjarveru landshöfðingja

Bergur Thorberg
settur.

*

*

*

5.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Reykjavík 2. septbr. 1882.

Samkvæmt brjefi landshöfðingjans, dags. 29. júlí þ. á., var yður, herra sýslumaður, með brjefi amtmannsins í vesturamtinu, dags. s. d., gefið til kynna, að ef þjer ekki senduð amtmanninum alla þá reikninga, er vanta frá yður, í síðasta lagi með pósti þeim, er átti að fara frá Ísafirði til Reykjavíkur 18. f. m., mundi yður, samkvæmt 5. gr. augl. 22. febr. 1875, verða vikið frá embætti því, sem yður er trúað fyrir.

En eptir skýrslu amtmannsins hafa reikningar þessir ekki enn til hans komið, hvorki með hinni umgetnu póstferð nje heldur með póstskipinu „Valdemar“, er hingað kom frá Ísafirði 31. f. m., og hefði því verið ástæða til að víkja yður nú þegar frá embætti, en af því erfiðleikar eru á því, að framkvæma þessa ráðstöfun án nokkurs undirbúnings með tilliti til þess að fá embætti yðar tilhlýðilega

stjórnað, verð jeg að fresta henni að sinni, en mun sjá um, að þetta þurfi ekki úr þessu að dragast lengur er 2 — 3 vikur nema því að eins, að þjer áður verðið búnir að gjöra þau skil, að jeg geti álitíð, að hún megi burt falla móti því, að þjer enn á ný verðið látnir sæta tilfínnanlegri sekt fyrir embættis forsómun yðar.

Jeg skal geta þess, að jeg hef boðið landfógetanum að halda eptir helmingi embættislauna yðar fyrir september mánuð, til þess að geta varið þessu fje til þess að fá embættinu stjórnað ef til þess kemur.

Í fjarveru landshöfðingja
Bergur Thorberg
settur.

Til
sýslumanns og bæjarfógeta C. Fensmarks.

Skrifstofu bæjarfógeta á Ísafirði,
18. sept. 1882.

Ut af hávirtu brjefi yðar herra landshöfðingja 2 þ. m. með hverju þjer tilkynnið að mjer verði vikið frá embættinu ef jeg ekki sje búinn að senda alla þa reikninga er vanta leyfi jeg mjer að skyra frá að jeg nu hef sent amtmanni tollreikning, aukatekjureikning kaupstaðarinar og sömi reikning fyrir sýslunni allt fyrir síðast líðið ár, en að mjer reyndar enþá vantar að senda manntalreikningur sem skal verða send með næsta postferd.

Jeg hef sjálfur verið veikur bæði í vetur og vor og um langan tíma hefur ætið eitthvað í húsi mínu verið veikt og er enþá enfremur hefur yfir heila þetta ár verið óvanalega mikið að gjöra það kemur oftast fyrir að jeg heilan dag varla get gjört annað en tala við menn sem leita til min en það sem hefur talmað mest er að jeg síðan nyar ekki hef haft skrifara, sem var að gagni. Jeg hef reynt 3 af þeim voru 2 meira til tálmana en til gagns og sú trjede var eptir fáa daga nyðör til að fara hjeðan og fyrst nu er jeg búin að fá duglegan. Þo að dráttur sá sem hefur att sjer stað að miklu leiti er mjer sjálfum að kenna vonast jeg þo að yður matti þokknast af þeim hjer tilgrenðum astæðum að fresta því enþá að vikja mjer iburt frá embættinu.

C. Fensmark.

Til
Landshöfðingjans yfir Íslandi.

Landshöfðinginn yfir Íslandi,

Reykjavík 25. september 1882.

Í dag hafa komið hingað

1, tollreikningur fyrir Ísafjarðarsýslu og kaupstað fyrir árið 1881
2, aukatekjureikningur Ísafjarðarsýslu fyrir sama ár og
3, aukatekjurreikningur Ísafjarðarkaupstaðar fyrir sama ár, allir þessir reikningar einritaðir og fylgiskjalalausir. Þar á móti vantar enn þá algjörlega manntalsreikning yðar fyrir 1881, sýslusjóðsreikningana fyrir 1879, 1880 og 1881, skýrsl-

ur um komin og farin skip fyrir 1880, allar verzlunarskýrslur fyrir 1881 og ýmsar aðrar skýrslur.

Með tilliti til þess, sem þjer hafið tekið fram í brjefi yðar frá 18. þ. m., hef jeg samt afráðið enn þá einu sinni að fresta ráðstöfun þeirri, er getur um í brjefi landshöfðingja frá 29. júlí þ. á., en dráttur sá, sem orðið hefur á reikningsskilum yðar og á því að greiða í landssjóð það fje, er þjer samkvæmt þeim eigið að borga og hafið þjer samkvæmt tollreikningi yðar fyrst 18. þ. m. greitt rúmar 1000 kr. af þeim tollgjöldum, er þjer innheimtuð í fyrra, verður, hvað sem öðru líður, að baka yður talsverða ábyrgð, eins og tekið er fram í brjefi mínu frá 2. þ. m. og mun því helmingnum af launum yðar frá 1. þ. m. og þangað til þjer hafið gjört full skil, haldið eptir.

Jeg býst við, að þjer, um leið og þjer afgreiðið hina vantandi reikninga og skýrslur með skírteinum þeim og sönnunarskjölum, er þeim eiga að fylgja, sendið hin vantandi samrit af aukatekjureikningnum og tollreikningnum og skírteini þau og sönnunarskjöl, er samkv. reglugjörð 25. maí 1878 (Stjórnartíð. A, 5) landshöfðingjabrjefi 29. nóv. s. á. (Stjórnartíð. B, 176), umburðarbrjefi 13. apríl 1872 og auglýsingu frá 16. febr. 1876 (Stjórnartíð. A, 12) eiga að fylgja hinum síðast nefndu reikningum.

Í fjarveru landshöfðingja

Til sýslumannsins í Ísafjarðars. og bæjarfógeta á Ísafirði.

Bergur Thorberg
settur.

* * *

8.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Reykjavík 12. okt. 1882.

Með brjefi frá 11. maí þ. á. skýrði landshöfðingi amtmanninum yfir vesturamtinu frá því, að það hefði eigi, þrátt fyrir ítrekaðar áminningar, heppnast að fá frá yður, herra sýslumaður, hina fyrirskipuðu skýrslu um skipasiglingar (komin og farin skip) úr sýslu yðar fyrir árið 1880, og var jafnframt skorað á amtmann að leggja fyrir yður að senda skýrslu þessa að viðlagðri hæfilegri sekt með næstu póstferð þar á eptir ásamt verzlunarskýrslunum úr sýslu yðar fyrir árið 1881, sem þá var alls ekkert komið af. Amtmaður mun s. d. hafa tilkynnt yður þetta, og um leið úrskurðað yður 10 kr. sekt í landssjóð fyrir vanrækt þá, er þjer höfðuð gjört yður sekan í.

Þrátt fyrir þetta hafið þjer, herra sýslumaður, enn þá ekki gjört hina minnstu tilraun til að afgreiða tjeðar skýrslur, þó liðnir sjeu 5 mnáúðir síðan greint brjef landshöfðingja frá 11. maí þ. á. var tilkynnt yður.

Um leið og jeg nú hjer með ítreka skipun mína, að senda allar hinar vantandi verzlunarskýrslur með næsta pósti, sje jeg mig neyddan til að úrskurða yður 20 kr. sekt í sjóð landsins fyrir vanrækt þá, er þjer hafið sýnt með tilliti til tjeðra skýrslna, og mun þessari 20 kr. sekt ásamt þeim alls 18 kr. sektum, er áður hafa verið úrskurðaðar yður, verða haldið inni í launum yðar.

Loksins vil jeg skora á yður, að afgreiða sem fyrst hingað verzlunarskýrslurnar úr umdæmi yðar fyrir árið 1882.

Í fjarveru landshöfðingja

Til
sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu.

Bergur Thorberg
settur.

*

*

*

9.

Landshöfðinginn yfir Íslandi,

Reykjavík, 21. okt. 1882.

Í brjefi frá 28. f. m. hefur landfógeti skýrt mjer frá, að hann hafi enn þá ekki meðtekið frá yður, herra sýslumaður, eptirrit eptir aukatekjudagbók yðar fyrir janúar og apríl ársfjórðunga þrátt fyrir fyrirmæli 5. gr. reglugjörðar 5. maí 1878 (A, 5). Fyrir þessa vanrækt yðar og fyrir drátt þann, er orðið hefur á reikningum yðar fyrir tekjum landssjóðsins árið 1881 af Ísafjarðarsýslu og kaupstað úrskurðast yður 100 kr. sekt, og mun þessari sekt ásamt þeim 18 kr. sektum, er getur um í brjefi mínu frá 12. þ. m. verða haldið eptir af þeim helmingi launa yðar frá 1. sept. þ. á., er jeg ekki hefi svipt yður umráðum yfir með brjefi mínu frá 25. f. m.

Í fjarveru landshöfðingja

Til
sýslum. í Ísafjarðars. og bæjarfógetans í Ísafjarðarkaupstað.

Bergur Thorberg
settur.

*

*

*

10.

Landshöfðinginn yfir Íslandi,

Reykjavík, 20. nóvbr. 1882.

Í sambandi við brjef mitt frá 31. ágúst þ. á., skal yður, herra landfógeti, skýrt frá, að Fensmark bæjarfógeta í Ísafjarðarkaupstað og sýslumanni í Ísafjarðarsýslu hafi með 3 amtsúrskurðum frá 28. marz og 11. maí þ. á. og 15. þ. m. verið ákveðnar sektir til fátækra sjóðs Ísafjarðarkaupstaðar samkvæmt konungsbrjefi 3. jan. 1823 12 kr. Með amtsbrjefi 11. maí þ. á. var honum samkvæmt skipun landshöfðingja úrskurðuð sekt til landssjóðs 10 — og loksins hafa honum með 2 landshöfðingjabrjefum frá 12. og 21. f. m. verið úrskurðaðar sektir í landssjóð að upphæð alls 120 —

Af þessum samtals 142 kr.

vilduð þjer, herra landfógeti, með skírskotun til fyrra hluta þessa brjefs þóknarlega senda bæjarfulltrúunum á Ísafirði 12 kr. Hinar 130 kr. ritið þjer milli tekna landssjóðsins, og loksins ritið þjer milli útgjalda hans 142 kr. af hálfum launum Fensmarks bæjarfógeta fyrir september, október og nóvember þ. á. Það, sem þá verður eptir óborgað af hálfum laununum um þetta tímabil, megið þjer útborga Fensmark eða þeim, er hann ávísar laununum. Hinum helmingnum af laununum um september, október og nóvember og hálfum launum tjeðs embættismanns frá 1. desbr. þ. á. haldið þjer eptir í landssjóði til tryggingar fyrir ábyrgð þeirri, er embættismaðurinn myndi verða látinn sæta, auk sekta þeirra, er

þegar eru áfallnar. Þar á móti er yður heimilt að útborga Fensmark frá. 1. des. þ. á. hinn helming launa þeirra, sem lögð eru Ísafjarðarsýslumanns- og bæjarfógetaembætti. Í fjarveru landshöfðingja

Til
landfógetans.

Bergur Thorberg
settur.

* * *

11.

Landshöfðinginn yfir Íslandi,

Reykjavík, 5. febr. 1883.

Í sambandi við brjef mitt frá 30. nóv. f. á., skal jeg hjermeð þjónustusamlega gefa herra landfógetanum til vitundar, að eptir að búið er að halda eptir af embættislaunum sýslumanns í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeta á Ísafirði, Fensmarks, sektum þeim, samtals að upphæð kr. 142.00, sem um er rætt í nefndu brjefi, má nú að öðru leyti útborga laun nefnds embættismanns úr landssjóði á vanalegan hátt. Í fjarveru landshöfðingja

Til
landfógetans á Íslandi.

Bergur Thorberg
settur.

* * *

12.

Landshöfðinginn yfir Íslandi,

Reykjavík, 13. júlí 1883.

Eptir brjefi hins umboðslega endurskoðanda, dagsettu 6. þ. m., vantar enn þessa reikninga og skýrslur frá sýslumanni í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeta á Ísafirði, C. Fensmark:

1. Skiptaskýrslur 1880.
2. Skiptaskýrslur 1881.
3. Skiptaskýrslur 1882.
4. Svaraðar athugasemdir við skiptaskýrslurnar 1879 afgr. $23/2$ —81.
5. Aukatekjureikningur 1882.
6. Svaraðar athugasemdir við aukatekjureikningana fyrir Ísafjarðarsýslu og kaupstað árið 1880.
7. Manntalsbókarreikningur 1882, að meðtöldum spítalagjaldsreikningi, aflaár 1881 (árið 1882).
8. Svaraðar athugasemdir við manntalsbókarreikninginn 1879, afgr. $24/11$ —1880.
9. Dto við manntalsbókarreikninginn 1880, afgr. $26/11$ —81.
10. Svaraðar athugasemdir við spítalagjaldsreikninginn aflaárið 1879 (árið 1880), afgr. $22/11$ —81.
11. Svaraðar athugasemdir við spítalagjaldsreikninginn aflaárið 1880 (árið 1881), afgr. $11/1$ —83.
12. Svaraðar athugasemdir við reikning Barðastrandar- og Álptafjarðarjarða árið 1879, afgr. $24/4$ —81.
13. Svaraðar athugasemdir við reikning Barðastrandar- og Álptafjarðarjarða árið 1880, afgr. $10/6$ —82.
14. Svaraðar athugasemdir við vínfanga- og tóbakstoll árið 1879, afgr. $31/1$ —81.
15. Svaraðar athugasemdir við vínfanga- og tóbakstoll árið 1880, afgr. $24/3$ —82.

Fyrir þá vanrækt í að gegna embættisskyldu sinni, er sýslumaður og bæjarfógeti C. Fensmark hefur gjört sig sekan í, með því að afgreiða ekki í tækan

tíma hina umræddu reikninga og skýrslur þrátt fyrir skipanir yfirboðara sinna, hef jeg sektað hann um 100 kr., og boðið landfógetanum að halda eptir upphæð þessari af embættislaunum hans fyrir yfirstandandi mánuð, ef þau hafa ekki verið útborguð, eða að öðrum kosti fyrir næstkomandi ágústmánuð.

Um leið og jeg hjer með tilkynni yður þetta, herra amtmaður, til birtingar fyrir sýslumanni Fensmark, skal jeg þjónustusamlega skora á yður, að uppáleggja honum að senda amtinu tafarlaust hina vantandi reikninga og skýrslur, að viðlögðum ýtarlegri sektum eða eptir atvikum embættismissi um stundarsakir (suspension), ef hann lætur þetta lengur farast fyrir.

Bergur Thorberg
settur.

Til

amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu.

* * *
13.

Íslands suðuramt og vesturamt,

Reykjavík, 18. júlí 1883.

Landshöfðinginn hefur tjáð mjer, að eptir skýrslu hins umboðslega endurskoðanda, hafi 6. p. m. vantað enn þessa reikninga og skýrslur frá yður sem sýslumanni í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeta í Ísafjarðarkaupstað:

(Hjer er talið upp nr. 1—15 í brjefi landsh. ¹³, 83)

Fyrir þá vanrækt í að gegna embættisskyldu yðar, er þjer þannig hafið gjört yður sekan í, með því að afgreiða ekki í tæskan tíma hina umræddu reikninga og skýrslur, þrátt fyrir skipanir yfirboðara yðar, hefur landshöfðinginn sektað yður um 100 kr. og boðið landfógetanum að halda eptir upphæð þessari af embættislaunum yðar fyrir yfirstandandi mánuð, ef þau hafa ekki verið út borguð, en að öðrum kosti fyrir næstkomandi ágústmánuð.

Um leið og jeg tilkynni yður þetta, vil jeg, eptir fyrirmælum landshöfðingjans, alvarlega áminna yður um, að senda amtinu *tafarlaust* hina vantandi reikninga og skýrslur, og ef þjer sýnið nokkurn undandrätt í að hlýðnast fyrirskipun landshöfðingjans og amtsins í þessu efni, megið þjer eiga víst að verða fyrir ítarlegri sektum eða eptir atvikum, að yður verði vikið frá embætti því, sem yður nú er trúað fyrir.

Til

sýslumanns og bæjarfógeta C. Fensmarks.

Magnús Stephensen,
settur.

* * *
14.

Landshöfðinginn yfir Íslandi,

Reykjavík 27. sept. 1883.

Í brjefi, dagsettu 11. p. m., hafið þjer, herra sýslumaður og bæjarfógeti, farið þess á leit, að jeg hlutist til um, að þjer frá 1. októbermán. p. á., fáið útborgaðar við aðalfjehirluna í Kaupmannahöfn 200 kr. mánaðarlega af embættislaunum yðar, auk 60 kr. mánaðarlega, sem áður hefur verið gjörð ráðstöfun til, að yrðu útborgaðar á þennan hátt.

En þar eð þjer enn engan skilareikning hafið hingað sent fyrir manntalsbókar-gjöldunum af Ísafjarðar-sýslu og kaupstað fyrir árið 1882, en þar á meðal er spítalagjaldið fyrir aflaárið 1881, og þareð enn fremur vantar frá yður skiptaskýrslurnar fyrir árin 1880, 1881 og 1882, auk margs annars, þá eru þessi vanskil af yðar hendi orðin svo mikil, þrátt fyrir ítrekaðar áminningar og sektir, að ekki mun verða hjá því komizt að víkja yður frá embætti, ef ekki koma frá yður viðunandi skýrslur og skil með næstu

póstferð. Jeg hef því ekki sjeð mjer fært, að taka til greina beiðni yðar um útborgun af embættislaunum yðar í Kaupmannahöfn, og enn fremur hef jeg fundið ástæðu til að leggja fyrir landfógetann, að borga ekki fyrst um sinn út úr jarðabókarsjóðnum neitt af launum yðar, hvorki þeim, sem áfallin eru til borgunar, en óhafin, nje af þeim, er hjer eptir falla í gjalldaga.

Um leið og jeg tilkynni yður þetta, verð jeg enn á ný alvarlega að ámiuna yður um, að bæta tafarlaust úr vanskilum þeim, sem þjer eruð orðinn sekur í, og að senda mjer með næstu póstferð, eða með gagngjörðri sendiferð áður á yðar kostnað, skýrslu um, hvað þjer gjörð í þessu efni.

Bergur Thorberg,
settur.

Til

herra sýslumanns og bæjarfógeta C. Fensmarks.

* * *

15.

Landshöfðingiinn yfir Íslandi,

Reykjavík 27. sept. 1883.

Sökum þess, að sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Isafirði, C. Fensmark, er orðinn sekur í miklum vanskilum með tilliti til þeirra gjalda, er honum ber að innheimta fyrir landssjóðinn m. m., sje jeg mig neyddan til hjer með þjónustusamlega að mæla svo fyrir, að þjer, herra landfógeti, fyrst um sinn ekkert útborgið úr jarðabókarsjóðnum af embættislaunum nefnds embættismanns, hvorki þeim, sem áfallin eru til borgunar, en ekki hafa verið hafin, nje heldur þeim, sem hjer eptir falla til borgunar, þangað til ný ákvörðun verður gjörð í þessu tilliti.

Bergur Thorberg,
settur.

Til

landfógetans á Íslandi.

* * *

16.

Íslands suðuramt og vesturamt,

Reykjavík, 1. nóv. 1883.

Þaræð amtið, þrátt fyrir skipanir sínar í brjefum 9. febr., 29. apr. og 15. nóvbr. f. á., ekki hefur enn meðtekið hinar fyrirskipuðu skýrslur um yfirfjárráð ómyndugra í Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað fyrir árin 1879, 1880 og 1881, skal yður hjer með enn á ný uppálagt, að senda amtinu þessar skýrslur án frekari undandráttar, og enn fremur sams konar skýrslur fyrir árið 1882. Þjer hafið heldur ekki sent amtinu kvittun bæjargjaldkera Ísafjarðarkaupstaðar fyrir, að þjer hafið borgað sekt þá, að upphæð 4 kr., sem yður var uppá lögð með brjefi amtsins 15. nóv. f. á. fyrir hirðuleysi yðar í þessu efni.

Fyrir þann dæmafáa trassaskap og óhlyðni, sem þjer þannig haldið áfram að sýna, gagnvart margitrekuðum skipunum amtsins, sekta jeg yður hjer með að nýju um 4 kr., er eiga að greiðast til bæjarsjóðs Ísafjarðarkaupstaðar og ber yður að senda með næsta pósti kvittun bæjargjaldkerans fyrir lúkningu sektarinnar, bæði hinnar fyrri og hinnar síðari.

Magnús Stephensen,
settur.

Til

sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógetans í Ísafjarðarkaupstað.

Íslands suðuramt og vesturamt,

Reykjavík 16. júlí 1884.

Eins og herra landshöfðingjanum er kunnugt af bræfi mínu 6. f. m., fór jeg síðastliðnum mánuði vestur á Ísafjörð, sumpart til að halda þar ársfund amtsráðsins í vesturamntinu, sumpart til að líta eptir embættisrekstri sýslumanns og bæjarfógeta Fensmarks, sem að undanfögnu hefur sýnt sig í miklu hirðuleysi með reikningsskil fyrir tekjum landssjóðsins og vanrækt að afgreiða flestar af skýrslum þeim, er honum ber að láta uppi.

Meðan jeg dvaldi á Ísafirði, rannsakaði jeg embættisbækur þessa embættismanns svo nákvæmlega, sem kostur var á, og skal jeg nú leyfa mjer að skýra frá, hvers jeg gat orðið áskynja um embættisrekstur Fensmarks sýslumanns af embættisbókum hans.

1. Aðalreikningsbækur þær og gjaldabækur fyrir sýsluna og kaupstaðinn, sem fyrirskipað er að halda í reglugjörð 13. febrúar 1873, voru að vísu til, löggiltar af amtinu, frá formanni Fensmarks, Stefáni sýslumanni Bjarnarsyni, en frá því að Fensmark tók við embættinu, hefur alls ekkert verið í þær ritað. Viðvíkjandi því skýrði hann mjer frá, að hann aldrei tæki á móti neinu fje, hvorki sem skiptaráðandi, uppboðshaldari nje yfirfjárráðandi; það kæmi mjög sjaldan fyrir, að reiðu peningar fyndust í dánarbúum, því það, sem ekki væri fólgið í fasteign eða lausum aurum, stæði venjulega inni hjá kanpmönnum, og væri því úthlutað erfingjum og skuldheimtumönnum við skiptin hjá kaupmönnum, eins og líka skuldunautar dánarbúa venjulega borguðu skuldir sínar með ávísunum á kaupmenn. Þegar hann hjeldi uppboð, kvaðst hann taka einhvern mann, helst einhvern kaupmann, tyrir innköllunarmann og láta innköllunarmanninn greiða uppboðsandvirðið beina leið til þeirra, sem ættu að veita því móttöku sem uppboðskrefjendur eða sem myndugir erfingjar eða fjárhaldsmenn ómyndugra erfingja í dánarbúum, og að því er snerti fje ómyndugra, þá kæmi það aldrei í sínar hendur. Jeg vil að vísu ekki rengja, að skýrsla Fensmarks um þetta sje sönn, en hins vegar er það óforsvaranlegt að trúá hinum og þessum fyrir því fje, sem hann sem skiptaráðandi, uppboðshaldari eða yfirfjárráðandi hefur ábyrgð á, án þess að tilgreina það í bókum þeim, sem skipað er að halda í því skyni, og optast nær án nokkurrar tryggingar, eins og það líka er óskiljanlegt, að skiptaráðandi, sem vill gegna skyldu sinni, aldrei þurfi að hafa neitt fje tilheyrandi dánarbúum undir hendi.

2. Í skiptabækur sýslunnar og kaupstaðarins hafa að vísu verið rituð skipti á búum í krónologiskri röð, en það gegnir furðu, hve fáum búum hefur verið skipt í sýslunni og kaupstaðnum í þau 5 ár, sem Fensmark hefur verið þar skiptaráðandi. Í flestum af búum þeim, sem skipt hefur verið, hefur að eins verið haldin einn skiptafundur, og búinu þá úthlutað, og venjulega einungis mætt einn maður af hendi allra hlutaðeiganda, án þess að sjeð verði, hvort hann hafi haft til þess umboð eða ekki. Það er því hvorttveggja, að fáum búum hefur verið skipt, enda verið fljótaskript á skiptum þeim, sem haldin hafa verið. Sjerstaklega veitti jeg því eptirtekt, að skiptaráðandinn hafði þráfaldlega til bókar gefið ekkjumönnum

leyfi til að sitja í óskiptu búi með ómyndugum börnum sínum, en varð ekki var við, að hann hefði veitt ekkjum sams konar leyfi.

3. Aukatekjubækur sýslunnar og kaupstaðarins virtust í snöggu bragði vera í reglu, en þegar jeg bar þær saman við skiptabækurnar og uppboðsbækurnar, varð jeg þess vísari, að í aukatekjubókunum vantaði að tilgreina ýmsar auka-tekjur, sem landssjóði höfðu hlötnast af skiptum og uppboðum, einkum þó af skiptum, eins og líka skiptalaun voru stundum rangt reiknuð.

4. Afsals- og veðmálabækur sýslunnar og kaupstaðarins voru í reglu að öðru leyti en því, að registrin við þær voru hvergi nærri fullkomin.

5. Í yfirfjárráðabók sýslunnar og kaupstaðarins hafði ekkert verið ritað öll þau ár, sem Fensmark hefur verið þar yfirfjárráðandi.

Við hinar aðrar embættisbækur optnefnds embættismanns, svo sem uppboðsbækur, dómsmálabók, manntalsbók, tollbækur, fundarbækur sýslunefndar og bæjarstjórnar og byggingarnefndarbók kaupstaðarins fann jeg ekkert sjerstaklega athugavert. Sömuleiðis virtist dagbók hans (Journal) vera í reglu, þó fyrirkomulag hennar væri að mínu áliti mjög óhentugt; brjefabók heldur hann ekki, en uppkast til brjefa þeirra, sem hann afgreiðir, eru rituð í laus hepti, sem hætt er við að glatist.

Af þessari rannsókn á embættisbókum sýslumanns Fensmarks styrktist jeg í þeirri skoðun, sem jeg áður hafði haft um hann, að hann sje mjög hirðulaus og kærulaus í embættisrekstri sínum, og að hann vanti bæði elju og kapp til að kippa því í lag sem ábótavant er í þessu efni. Hin einu embættisstörf, sem hann virtist leggja nokkra rækt við, eru dómrastörf og að nokkru leyti lögreglustörf; öll önnur embættisstörf vanrækir hann að meira eða minna leyti, en þó sjerstaklega skipti á dánarbúum og yfirfjárráð ómyndugra. Um hirðuleysi Fensmarks sýslumanns í að gjöra skil fyrir tekjum landssjóðsins er herra landshöfðingjanum fullkunnugt, og brýndi jeg alvarlega fyrir honum, hverjar afleiðingar slíkt hirðuleysi hlyti að hafa fyrir hann, og tók sjerstaklega fram við hann, að ef hann ekki innan loka þessa mánaðar væri búinn að gjöra full reikningsskil fyrir öllum þeim tekjum, sem hann hefur tekið við fyrir hönd landssjóðsins árið 1883, þá mundi hann ekki geta haldið embætti sínu lengur. Hvort Fensmark sýslumaður muni geta staðið skil á öllu því fje, sem hann hefur tekið við sem innheimtumaður á tekjum landssjóðsins, gat jeg ekki fengið neina hugmynd um, með því að bækur hans að eins gefa upplýsingu um upphæð þessara tekja, en ekki hversu miklu hann hefur veitt móttöku sjálfur. Mest af tekjunum greiðist frá kaupmönnum annaðhvort beinlfnis sem aðflutningsgjald og útflutningsgjald, eða gegnum innskriptir frá öðrum gjaldendum, og allt er því undir því komið, hversu mikið fje Fensmark sýslumaður á inni hjá kaupmönnum, en hirðuleysi hans kemur einnig fram í því, að hann ekki lætur kaupmennina gjalda sjer fje það, sem þeir eiga að standa honum skil á, jafnóðum og það fellur í gjalddaga, heldur höppum og glöppum, en af því leiðir aptur, að tekjum hvers árs ekki verður haldið út af fyrir sig, og að tekjur fyrra árs eru greiddar með tekjum yfirstandandi árs.

Eptir þeirri þekkingu, sem jeg hef fengið á embættisrekstri sýslumanns Fensmarks, verð jeg að álfta, að embættisstjórn hans sje í flestum greinum svo ábótavant, að það sje hið mesta fhugunarmál, hvort honum sje trúandi fyrir að halda áfram að stjórna embættum þeim, sem hann er skipaður yfir, og jeg verð að álfta það því Ísjárverðara, sem jeg, eins og jeg áður hef tekið fram, ekki ber neitt traust til þess, að hann hafi þrek til að taka sjer svo fram, að hann geti bætt úr brestum þeim, sem eru á embættisstjórn hans, nema hann njóti aðstoðar einhvers þess manns, sem er kunnugur sýslumannsstörfum og getur kippt því í lag, sem lengi hefur verið vanrækt. Jeg leyfi mjer því virðingarfyllt að bera þá tillögu upp fyrir herra landshöfðingjanum, að Fensmark sýslumanni verði vikið frá embætti, nema því að eins að hann innan þess frests, sem herra landshöfðinginn álitur hæfilegan, sje búinn að gjöra fullkomin reikningsskil fyrir þeim tekjum, sem hann hefur átt að innheimta fyrir hönd landssjóðsins árið 1883, og enn fremur að hann innan sama frests hafi greitt í landssjóð í peningum eða með ávísunum allt aðflutningsgjald af áfengum drykkjum og tóbaki og allt útflutningsgjald af sjávaraflla, sem áfallið er til greiðslu í Ísafjarðarsýslu og Ísafjarðarkaupstað á þessu ári, og loks að hann hafi útvegað sjer til aðstoðar við rekstur embættis síns einhvern þann mann, sem herra landshöfðinginn ber það traust til, að hann, að svo miklu leyti sem unnt er, geti kippt því í lag, sem Fensmark sýslumaður hef. ur vanrækt í embættisstöðu sinni.

Magnús Stephensen

settur.

Til

Landshöfðingjans yfir Íslandi.

*

*

*

18.

Landshöfðinginn yfir Íslandi,

Reykjavík, 25 ágúst 1884

Þar eð þjer, þrátt fyrir alvarlegar áminningar og sektir, mjög hafið vanrækt embættisskyldu yðar og með tilliti til allra reikningsskila og afgreiðslu lögboðinna embættisskýrslna, og það ennfremur nú er orðið bert, að þjer hafið gjört yður sekan í miklum vanskilum á tekjum þeim, er yður hefur verið trúað fyrir að innheimta fyrir landsjóðinn, sje jeg mig neyddan til hjermeð að víkja yður um stundarsakir frá embætti yðar, sem sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti í kaupstaðnum Ísafirði, og hef jeg sett cand. juris Skúla Thoroddsen til þess að gegna nefndu embætti fyrst um sinn frá 1. september næstkomandi, þannig að hann, samkvæmt tilskipun 3. febr. 1836 IV, njóti helmings af tekjum þeim, er embættinu eru lagðar, meðan þessi ráðstöfun stendur.

Fyrir því ber yður að afhenda cand. jur. Thoroddsen sýslumanns- og bæjarfógetaembættið með öllu því, er til þess heyrir, skjölum, bókum, peningum og áhöldum, og skal um afhendingu þessa semja skrá í þrennu lagi, og eitt exemplar hennar sendast amtmanninum í vesturamtinu.

Eptir lauslega yfirskoðun reikninganna fyrir 1883, standa inni hjá yður þær upphæðir, er nú skal greina:

	kr.	kr.	kr.
1. Eptir reikningi yfir útflutningsgjald:			
Öll upphæð reikningsins		2856,70	
Þar upp í borgað	1100,00		
Innheimtulaun	57,13	1157,13	1699,57
2. Eptir aukatekjureikningi Ísafjarðarkaupstaðar			1413,28
3. Eptir aukatekjureikningi Ísafjarðarsýslu			829,89
4. Eptir tekjuskattsreikningnum:			
Öll upphæð reikningsins		2912,50	
Þar af borgað		2902,50	10,00
5. Eptir vinfanga- og tóbakstollsreikningnum:			
Öll upphæð reikningsins		22811,04	
Þar upp í borgað	12142,96		
Innheimtulaun	456,22	12599,18	10211,85
			Til samans kr. 14164,60

Auk þessarar upphæðar er ekki ólíklegt, að við reglulega endurskoðun reikninganna kunnist að koma fram nokkur frekari reikningsábyrgð, er hvíli á yður, einkum eptir tollreikningnum.

Jeg verð nú að krefjast þess, að þjer þegar gjörð skil fyrir hinni tilfærðu upphæð, kr. 14164,60, en ef þetta er yður ómögulegt strax, að þjer þá nú þegar skýrið mjer frá, á hvern hátt og hve nær þjer getið borgað landssjóðnum þessa skuld yðar.

Bergur Thorberg.

Til
herra sýslumanns og bæjarfógeta C. Fensmarks.

* * *

19.

Landshövdingen over Island.

Reykjavík, 26. August 1884.

Sysselmand i Isafjords Syssel og Byfoged i Kjöbstaden Isafjord, C. Fensmark, har i flere Aar udvist en saadan Forsømmelighed i sin Embedsførelse, navnlig i Henseende til Aflæggelsen af de Aarlige Regnskaber for de ham betroede Oppebørseler og Indsendelsen af lovbefalede Indberetninger, at baade vedkommende Amtmand og Landshövdingen have set sig nødsagede til hyppigt at paalægge ham Mulkt, for at fremtvinge Regnskaber og Indberetningers Indsendelse. Men da hverken disse Mulkt eller gjentagne alvorlige Paamindelser havde den tilsigtede Virkning, blev der standset med Udbetalingen af hans Gage, for ved dette Tvangsmiddel at søge at formaa ham til at gjøre sin Pligt, men heller ikke denne Foranstaltning har ført til Maalet.

Regnskaberne for 1882 indkom vel endelig sent i Sommeren 1883, men samtlige Regnskaber for Aaret 1883 — med Undtagelse af Regnskabet for Indtægterne af Bardastrands og Alptafjords Jorder — vare endnu ikke aflagte, da Amtmanden over Vestamtet paa sin Inspectionsrejse kom til Isafjord i Midten af Junimaaned og uagtet Sysselmand Fensmark gav ham Løfte om at have Regnskaberne færdige inden Maanedens Slutning, er det saa langt fra at han holdt dette Løfte, at intet af Regnskaberne endnu var færdigt, da jeg paa min Embedsrejse til Vesterlandet og Nord- og Österlandet kom til Isafjord den 3 d. M. Jeg paalagde da Sysselmand Fensmark under Trudsel

af Suspension at have samtlige Regnskaber færdige ved min Tilbagekomst fra Nord- og Österlandet, samt da tillige at forelægge mig en tydelig Forklaring om Berigtigelsen saavel af Intraderne for 1883 som de forfaldne Intrader for 1884. Ved min Tilbagekomst til Isafjord den 15. d. M. vare Regnskaberne for det meste færdige, skjönt de tildels vare meget mangelfulde med Hensyn til de tilhørende Bilag. Hvad Berigtigelsen af Intraderne for 1883 angaar, gav Fensmark selv den Forklaring, at der af disse efter Regnskaberne henstod uberigtiget et Beløb af c. 18,000 Kr., efter Fradrag af, hvad der kunde dækkes ved hans uhævede Gage, skjönt han paa den anden Side forsikrede, at han ikke havde havt nogen Anelse om en saa stor, eller endog om nogen betydelig, Underballance. Efter min Hjemkomst lod jeg Revisor foretage et foreløbigt Gjennemsyn af Regnskaberne for 1883, og er han derved kommen til det Resultat, at den uberigtigede Restance andrager noget mindre nemlig 14,164 Kr. 60 Ö., hvortil der dog efter al Sandsynlighed ved endelig Revision vil komme et yderligere Regnskabsansvar. Om Berigtigelsen af de for 1884 allerede oppebaarne Intrader, kunde jeg ikke komme til nogen nøjagtig Kundskab, men da betydelige Beløb allerede ere indbetalte og anviste til Afdrag paa disse Intrader, forekommer det mig sandsynligt, at Fensmarks Forklaring om, at de allerede for største Delen ere dækkede, er rigtig.

Til nærmere Oplysning om Sysselmand Fensmarks Embedsførelse, tillader jeg mig hoslagt at fremsende en Extract i dansk Oversættelse af konstitueret Amtmand Stephensens Indberetning af 16 f. M., samt at tilføje, at han til Datum ikke har indsendt:

1. Skiftedesignationerne for Aarene 1880, 1881, 1882 og 1883.
2. Besvarelse paa Antegnelser til Skiftedesignationerne 1879.
3. Hospitalsafgiftsregnskabet 1881.
4. Administrationsregnskaberne for 1879 og 1880.
5. Toldregnskaberne for 1879 og 1880.

Desuden mangle der forskjellige Indberetninger for flere Aar af statistisk Betydning, hvilket har været til Hinder for en saa fuldstændig Udgivelse af statistiske Meddelelser i Regeringstidendens Afdeling C., som der ellers vilde have kunnet finde Sted.

Under disse Omstændigheder har jeg ikke anset det forsvarligt længere at lade Sysselmand og Byfoged Fensmark vedblive at bestyre sit Embede, og jeg har derfor ved Skrivelse af D. D. suspenderet ham og konstitueret Cand. juris Skuli Thoroddsen som Sysselmand i Isafjords Syssel og Byfoged i Kjöbstaden Isafjord fra 1. September næstkommende.

Ved at indberette Foranstaaende, tillader jeg mig underdanigst at bemærke, at selv om Sysselmand Fensmark inden kort Tid maatte kunde dække den ham paahvilende Restance til Landskassen, hvortil der vel er en saare ringe Udsigt, forekommer det mig, efter hvad der er passeret, ikke gjörligt at betro ham sit Embede igjen; thi skjönt jeg holder mig overbevist om, at det ikke har været hans Hensigt at besvige Landskassen, ligesom han ogsaa i Almindelighed anses for at være en retskaffen Mand, har han dog ved sit Forhold vist en saa grov Uorden og en saadan Letsindighed og Skjödesløshed, at der formentlig ikke kan have den Tillid til ham, at han fremtidig forsvarlig vil rögte sit Embede.

Jeg kan derfor ikke andet end tilraade, at han afskediges fra sit Embede, og da der under de forhaanden værende Forhold, formentlig ikke vil kunne tillægges ham Pension efter Pensionsloven, skal jeg underdanigst henstille, om det høje Ministerium maatte finde Anledning til at søge ved en særlig Lov at forskaffe ham nogen Pension af Landskassen.

Bergur Thorberg.

Til
Ministeriet for Island.

Nd.

115. Tillaga

til þingsályktunar um póstávísanir. — Flutningsmaður Benidikt Sveinsson.

Neðri deild alþingis skorar á landshöfðingja, að hann gjöri ráðstöfun til, að póstávísanir verði gefnar út af póstafréiðslumönnum á Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði með sömu kjörum og hjá póstmeistararum í Reykjavík.

Ed.

116. Tillaga

til þingsályktunar um verndun fiskiveiða landsmanna gegn yfirgangi utanríkis fiskimanna. — Eptir eina umr. í Nd.

Alþingi ályktar, að skora á stjórnina, að vernda landsmenn og fiskiveiðar þeirra gegn yfirgangi utanríkis fiskimanna.

